

Æðislegt að vera á flottum bíl

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



FH eins og topplið í Danmörku

40 ▶



Fimm fræknu koma til Íslands

38 ▶



7. maí 2005 - 121. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Risinn að vakna

Handboltalið FH er búið að ráða nýja þjálfara og ætla sér stóra hluti.

ÍPRÓTTIR 47



Gísli Marteinn

Hættir í sjónvarpinu og snýr sér að stjórnmalunum. Kveður í kvöld.

SÍÐA 62

Óþreytandi baráttujaxl

Ragnar Sverrisson kaupmaður vill efla miðbæ Akureyrar. Hann er orkubolti sem gengur á fjöll til að safna kröftum.

MADUR VIKUNNAR 18

Selma fær styrk

Selma Björnsdóttir fær styrk frá Landsbanka Íslands til að helga sig Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

TÓNLIST 54



VEÐRIÐ Í DAG



BJART MED KÖFLUM SYÐRA Sýnu bjartast allra syðst. Slydduél eða él norðan og austan til. Áfram svalt með hita á bílinu 0-8 stig, mildast syðst. VEDUR 4

77%

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

Fyrning kynferðisbrota klýfur allsherjarnefnd

Allsherjarnefnd klofnaði í afstöðu sinni til fyrningarfrumvarpsins svonefnda í gær og mun skila tveimur álitargerðum. Jónína Bjartmarz studdi álit meirihlutans með fyrirvara. Ágúst Ólafur Ágústsson segist ætla að berjast áfram.

ALÞINGI Allsherjarnefnd klofnaði í afstöðu sinni til fyrningarfrumvarps Ágústs Ólafs Ágústssonar í gær. Meirihluti nefndarinnar taldi rétt sem fyrsta skref að hækka aldurinn frá því að fyrning hefist, úr 14 ára aldri brotþola í 18 ára. Þar með yrði fyrningarfresturinn lengdur um fjögur ár. Jafnframt vill meirihluti nefndarinnar senda önnur atriði málsins til athugunar í dómsmálaráðuneytinu. Að álitum þessa efnis stóðu alþingismenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins.

Minnihluti nefndarinnar vildi að frumvarpið færi óbreytt í gegn en það gerir ráð fyrir afnámi fyrningarfrests vegna allra kynferðisafbrotu gegn börnum undir 14 ára aldri. Samkvæmt nógildandi lögum eru fyrningarfrestir frá 5 árum upp í 15 ár eftir grófleika brota. Slik brot fyrnast því þegar sá sem fyrir ofbeldinu varð er 19 til 29 ára.



TVÆR ÁLITSGERÐIR Allsherjarnefnd mun skila tveimur álitargerðum um fyrningarfrumvarp Ágústs Ólafs Ágústssonar.

„Ég stend að þessu nefndarálitum með fyrirvara og hef áskilið mér að leggja fram breytingartilögu. Ég vil ganga lengra,“ sagði Jónína Bjartmarz alþingismaður. „Ég vil gera mismun á þessum brotum eftir grófleika þeirra, alvarleika og hámarksrefsingunni sem lögð er við. Mér finnst horfa allt öðruvísi við með grófu brotin, kynferðislegt ofbeldi, samræði og önnur kynmök heldur en með kynferðislega áreitni. Ég hef ekki getað fallist á mál Ágústs

Ólafs af þessum sökum, þó að ég hefði viljað mæta sérstöðu þessara brotþola með því að breyta fyrningarreglunum.“

Jónína kvaðst hafa staðið að nefndarálitinu í trausti þess og trú að það væri almenn samstaða og vilji til þess að hefja endurskoðun á öllum kynferðisbrotakafnum. Hægt væri að hugsa sem svo að rétt væri að lengja fyrningarfrestinn hvað grófustu brotin varðaði og hækka refsirammann í kjölfarið.

„Það er mikill sigur að ná málinu úr nefndinni, en vonbrigði að stjórnarmeirihlutinn treysti sér ekki til að viðurkenna sérstöðu þessara brota með því að gera þau ófyrnanleg,“ sagði Ágúst Ólafur. „En nú fer málið í þingsalinn. Þar verður það rætt og kosið um það. Ég mun berjast fyrir því áfram að kynferðisbrot gegn börnum verði ófyrnanleg. Það er grundvallaratriði.“

- jss



RAUÐA SPJALDIÐ Um 400 manns komu saman á Ingólfstorgi til að sýna ofbeldi rauða spjaldið.

Fjöldi manns sýndi samstöðu gegn ofbeldi:

Þingmenn sýndu rauða spjaldið

GEGN OFBELDI Um fjögur hundruð manns komu saman á Ingólfstorgi í gær til að sýna samstöðu gegn ofbeldi. Þetta var gert á táknaðan hátt þegar allir viðstaddir lyftu rauða spjaldinu á loft og þögðu í þrjár mínútur því til áherslu.

Þónokkrir þingmenn tóku sér til að mynda hlé frá annars annarsömum vinnudegi á þinginu til að

sýna vilja sinn í verki. Einn viðmælandi Fréttablaðsins sagðist vona að samstaðan yrði til þess að vekja almenning til vitundar um alvarleika ofbeldis og mikilvægi þess að standa saman gegn því. Samkoman var þó síður en svo öll á alvarlegu nótunum því KK og Hjálmar stigu á stökk og skemmtu viðstöddum með spili og

söng við góðar undirtektir.

Edda Hermannsdóttir, einn skipuleggjenda samstöðunnar, sagðist ánægð með mætinguna þó að auðvitað hefði verið gaman að sjá enn fleiri. Markmiðið hefði verið að vekja fólk til vitundar og var hún sannfærð um að það hefði tekist og umræðan væri komin vel af stað.

- oá

Sjóferðalög:

Sjóránurum fækkar

MALASÍA, AP Árásir sjóræningja eru ekki einungis bundnar við rómantískar gamanmyndir og sagnfræði Karíbahafsins. Í ár voru þriðjungur færri árásir á heimshöfunum fyrstu þrjá mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra. Sjóræningjar réðust á 56 skip í janúar til mars í ár en árássirnar voru 79 talsins á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs.

Árásir sjóræningja hafa ekki verið færri í fimm ár.

Hættast er við árásum sjóræningja nærri Indónesíu. Þar urðu sextán skip fyrir því að ráðist var á þau á fyrstu þremur mánuðum ársins. Næstflest voru sjóránin út af ströndum Indlands, ellefu talsins. ■

Tony Blair:

Stokkar upp í stjórninni

BRETLAND Tony Blair kynnti í gærkvöld þriðja ráðuneyti sitt en hann gerði óverulegar breytingar á ráðherraáriðinu. Helst bar til tíðinda að David Blunkett, fyrrverandi innanríkisráðherra, kemur aftur inn í stjórnina og tekur að sér ráðuneyti atvinnu- og lífeyrismála. Geoff Hoon lætur af embætti varnarmálaráðherra og í stól hans sest John Reid en hann gegndi áður embætti heilbrigðismálaráðherra. Við því embætti tekur Patricia Hewitt sem var áður viðskipta- og iðnaðarráðherra.

Fjórir nýir menn koma inn í ríkisstjórnina, þeir David Miliband, Douglas Alexander, Des Browne og John Hutton.

Jack Straw verður áfram utanríkisráðherra og Gordon Brown verður enn um sinn fjármálaráðherra. Þá heldur Charles Clarke sæti sínu í innanríkisráðuneytinu og John Prescott gegnir áfram embætti aðstoðarforsetisráðherra. Sjá síður 4, 6 og 12/- shg

Alla helgina

Snyrtidagar

Nýjir sumarlitir, tilboð og kaupaukar.



SPURNING DAGSINS

Birkir, eru þetta ekki landráð?

„Nei, nei, það var sætt að vinna gömlu félagana.“

Eyjamaðurinn Birkir Ivar Guðmundsson, markvörður Hauka, varði vel í síðasta úrslitaleiknum gegn ÍBV á Íslandsmótinu í handbolta.

Banaslys á Breiðholtsbraut: Stúlkan sem lést

ANDLÁT Stúlkan sem lést í umferðarslysinu á Breiðholtsbraut í fyrradag hét Lovísa Rut Bjargmundsdóttir og var hún búsett að Hraunbæ 84 í Reykjavík. Hún var fædd árið 1985.



LOVÍSA RUT BJARGMUNDSDÓTTIR

– jse

Ferðamálaáætlun:

Landvernd ánægð

FERÐAMÁL Á aðalfundi Landverndar nýverið var fjallað nokkuð um ferðamálaáætlun samgönguráðherra til næstu 10 ára. Lýsti fundurinn yfir mikilli ánægju með áætlunina. Sérstaklega var tekið fram að mikil ánægja ríkir með áherslur á náttúru Íslands, menningu þjóðarinnar og að stefnt skuli að umhverfisvænni ferðaþjónustu.

Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir áætlunina undirstrika að mikil verðmæti búi í náttúru landsins fyrir ferðaþjónustuna og mikilvægi þess að ganga vel um þessi verðmæti. Álag geti orðið svo mikið á vissum stöðum að það þurfi að bregðast við.

–oá

PÓLLAND

AFSÖGN EKKI TEKIN GILD Aleksander Kwasniewski, forseti Póllands, lýsti því yfir í gær að hann tæki ekki afsögn Marek Belka forsætisráðherra gilda. Traustsýrling forsetans þýðir að hin óvinsæla ríkisstjórn Belka verður við völd fram að kosningum sem verða síðar á þessu ári.

Ökumaður lést eftir hjartaáfall:

Dreginn út úr logandi bíl

UMFERÐARSLYS Ökumaður lést eftir að hafa fengið hjartaáfall þegar hann ók um Breiðholtsbraut í Víðidal í gærmorgun. Þrír ungir vegfarendur sáu bílinn aka út af veginum og fóru að athuga með ökumanninn. Hann var meðvitundarlaus þegar þeir komu að.

„Við ætluðum fyrst ekki að hreyfa við honum fyrr en sjúkrahúsbið kæmi,“ sagði Magnús Kristinn Magnússon, einn þeirra sem kom að mannum, en félagi hans hringdi strax í Neyðarlínuna. „Svo byrjaði eldur að loga í bílnum og þá drögum við hann út og svo kom annar maður að sem hjálpaði okkur við að reyna að

koma honum til lífs en það gekk bara ósköp lítið.“

Maðurinn var fluttur á sjúkrahús og lést skömmu eftir komuna þangað.

Bíllinn var alelda þegar slökkvilið kom á vettvang og varð allnokkur sinubrúni á svæðinu en greiðlega gekk að slökkva eldinn.

Slysið varð skammt frá hesthúsunum í Víðidal en þremmingarnir höfðu farið þangað til að slaka á eftir vorpróf. Að sögn lögreglu voru viðbrögð þeirra rétt á slysstað.

Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.

– jse



BÍLFLAKIÐ OG SINUBRUNI Bíllinn var alelda þegar slökkvilið kom á vettvang og allnokkur sinubrúni varð eins og sjá má á myndinni en greiðlega gekk að slökkva. Þetta er annað banaslysið á Breiðholtsbrautinni á tveimur dögum.

Forstöðumaður í vasa pólitískrar stjórnar

Ögmundur Jónasson skilar séráliti í efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp um breytingar á samkeppnislögum. Hann segir nýtt samkeppniseftirlit verða ósjálfstæðara en Samkeppnisstofnun nú nái breytingarnar fram að ganga.

ALPINGI Þingmenn Samfylkingarinnar í minnihluta efnahags- og viðskiptanefndar leggja gegn samþykkt frumvarps um breytingar á samkeppnislögum. Í nýju nefndaráliti lýsa þeir andstöðu við að gildandi samkeppnislög séu milduð og stjórnsýslunni breytt, enda séu ekki forsundur fyrir því. Samkeppniseftirlitið sem ætlunin er að koma á fót njóti ekki sama sjálfstæðis í daglegum störfum sínum og Samkeppnisstofnun gerir nú, því nái breytingarnar fram að ganga verði að bera allar meiri háttar aðgerðir undir þriggja manna stjórn, sem viðskiptaráðherra skipar án tilnefningar, áður en ráðist sé í þær.

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri-grænna, skilar séráliti og segir að nýtt samkeppniseftirlit komi ekki til með að njóta sama sjálfstæðis og Samkeppnisstofnun gerir nú. Forstöðumaðurinn verði settur í vasa pólitískt skipaðrar stjórnar og stofnunin þurfi að bera allar meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina. „Stjórninni er síðan ætlað að gæta þess að meðalhófs verði gætt, en það sé nokkuð sem forstjórar olíufélaganna og neytendur hefðu án efa skilgreint með mis-



ÖGMUNDUR JÓNASSON Stjórnarandstaðan leggst gegn samþykkt nýrra samkeppnislaga en stjórnarliðar vilja að frumvarpið verði að lögum á yfirstandi þingi.

munandi hætti þegar samráðssvindið kom upp nú nýlega,“ segir í álitsgerð Ögmundar. Hann spyr um ástæðuna fyrir því að nú vilji ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti festa ákvæði þessa efnis í lög. Spyr hvort dæmin hræði.

Einnig er bent á að vera kunnir að ákvæði í frumvarpinu feli hugsanlega í sér framsal dómsvalds að svo miklu leyti sem samkeppnismál falli undir erlendar stofnanir. Það geti höggvið nærri stjórnarskrá. Ögmundur lætur við það sitja að benda á mikilvægi þess að álitæfnið verði gaumgæfilega íhugað í meðferð þingsins.

Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar telur aftur á móti að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu sé verið að efla hlut samkeppnismála og neytendaverndar bæði með bættum reglum og eflingu stofnana. Því beri að samþykka frumvarpið með þeim breytingum sem það hefur tekið í meðferð þingsins.

Frumvarpið um samkeppnismálin er eitt þeirra frumvarpa sem stjórnarliðar og þingmenn stjórnarandstöðunnar þurfa að semja um á lokadögum þingsins, eigi það að verða að lögum nú.

johannah@frettabladid.is



ÓPERUHÚS KAUPMANNAHAFNAR

Danska óperuhúsið:

Gryfjan of lítil

DANMÖRK Aðeins nokkrum mánuðum eftir að hið glæsilega óperuhús Kaupmannahafnar var opnað, er komið á daginn að hljómsveitargryfjan er of lítil.

Gryfjan þarf að rúma 110 hljóðfæraleikara en hún tekur einungis 90. Forsvarsmenn hússins hyggjast bregðast við þessu með því að leggja nærliggjandi herbergi undir hljómsveitina eða skapa rými undir óperusviðinu. Ekki er þó ljóst hver á að greiða kostnaðinn við þessar framkvæmdir en húsið er gjöf til danska ríkisins frá skipafélaginu Mærsk Mc-Kinney Möller og kostaði litla 30 milljarða íslenskra króna. ■

PALESTÍNA

HAMAS GEKK VEL Sveitarstjórnarkosningar voru haldnar í fjölmörgum samfélögum á Vesturbakkanum og Gaza-ströndinni í fyrradag. Fatah-hreyfing Mahmoud Abbas fékk um 56 prósent atkvæða en Hamas-hreyfingin þriðjung. Þingkosningar verða haldnar í Palestínu í sumar og þá ætti Hamas að ganga vel líka.

NOREGUR

GRUNAÐUR UM AÐ RÆNA ÓPINU Lögreglan í Osló hefur farið fram á fjögurra vikna gæsluvarðhald yfir manni sem grunaður er um aðild að ráninu í fyrra á hinu fræga málverki Munchs, Ópinu. Þar með eru grunaðir ræningjar orðnir fjórir en hinir þrjú eru eftirlýstir. Ópið hefur ekki fundist enn og er óttast að búið sé að farga því.

Sýslumaðurinn í Reykjavík:

Samþykkir lögbann á ráðningu

SAMKEPPNISMÁL Sýslumaðurinn í Reykjavík samþykkti í gær varakröfu Skjás eins um lögbann á að Helgi Steinar Hermannsson ráði sig til starfa hjá 365 miðlum, utan verkefna á erlendri grundu. Einnig er sett lögbann á að Helgi nýti sér trúnaðarupplýsingar úr fyrra starfi hjá Skjá einum í núverandi starfi.

Helgi er fyrrverandi dag-skrárstjóri Skjás eins og í samningi hans þar var ákvæði um að hann mætti ekki starfa fyrir fyrirtæki í samkeppni við Skjá einn í eitt ár frá starfslokum þar. Samkvæmt samkeppnislögum gildir þetta ákvæði einungis á Íslandi.

Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, sagðist fagna þessari niðurstöðu og

sagði staðreyndirnar tala sínu máli. „Við töldum ástæðu til að fara fram á þetta lögbann bæði vegna brots á ráðningarsamningi og 27. grein samkeppnislaga.“

„Þessi úrskurður kemur á óvart,“ segir Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður Helga. Hann segir að Helgi muni samt sem áður mæta til vinnu á morgun, þar sem lögbannið nái ekki til núverandi starfs hans. Hann er starfar sem þróunarstjóri erlendra verkefna hjá 365.

Skjár einn hefur nú viku til að vísa málinu til héraðsdóms til staðfestingar.

– oá/ss

HELGI STEINAR HERMANNSSON Lögmaður Helga segir lögbannið ekki taka til núverandi starfs hans.



Ókeypis hemla- og höggdeyfaskoðun fyrir eigendur.



ASKJA býður Mercedes-Benz eigendum upp á ókeypis prófun á meglabúnaði og höggdeyfum alla laugardaga í apríl og maí. Í nýjum og glæsilegum húskynnum ÖSKJU er meðal annars fullkomin skoðunarstöð þar sem á skömmum tíma er hægt að meta ástand bifreiða. Þannig má bregðast fljótt við sé þörf á viðgerð eða viðhaldi.

Tilboð á smurþjónustu og hemlaviðgerðum. Opíð í dag frá kl. 9–13.



Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is



TIL HAMINGJU HAUKAR!



SPH, Actavis og adidas óska Haukum innilega til hamingju með glæsilegan árangur kvenna og karla á Íslandsmeistaramótinu í handbolta.



GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 06.05.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	63,99	64,29
	Sterlingspund GBP	121,49	122,09
	Evra EUR	82,90	83,36
	Dönsk króna DKK	11,14	11,20
	Norsk króna NOK	10,22	10,28
	Sænsk króna SEK	9,05	9,10
	Japanskt jen JPY	0,61	0,61
	SDR	XDR	96,98 97,56
Gengisvísitala krónunnar			
114,43 +0,26%			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Viðbrögð við aukinni notkun lyfja við ofvirkni og athyglisbresti barna:

Vill efla sálfræðiþjónustu

HEILBRIGÐISMÁL Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra segir áriðandi að bregðast við aukinni notkun lyfja við ofvirkni og athyglisbresti barna. Í upphafi þingfundar í gær sagðist hann taka undir áhyggjur þingmanna, en þeir höfðu meðal annars lýst stórfeldri notkun þessara lyfja hér á landi sem ískyggilegri og óhugnanlegri.

Málið var rætt í umræðu um störf þingsins í upphafi þingfundar í gær. Ásta R. Jóhannesdóttir, Samfylkingunni, spurði heilbrigðisráðherra upphaflega um málið. Hún kvað notkun lyfja á borð við Ritalin hafa aukist um það leyti



LYF GEGN OFVIRKNI OG ATHYGLISBRESTI Á annað þúsund börn nota lyfin að staðalri. Heilbrigðisráðherra vill efla sálfræðiþjónustu í heilsugæslustöðum.

sem landlækniseimbættið hætti sérstöku eftirliti með ávisun á slík lyf. Hún spurði hvort ekki væri rétt að herða eftirlit á nýjan leik.

Jón Kristjánsson upplýsti að áform væru uppi um að nota fjár-

hagsramma heilbrigðisráðuneytisins til þess að efla sálfræðiþjónustu á vegum heilsugæslunnar, en slík þjónusta er talin vænleg í baráttu við ofvirkni og athyglisbresti.

Royal Greenland:

Lokað eftir útborgun

GRÆNLAND Forsvarsmenn fiskvinnslufyrirtækisins Royal Greenland á Grænlendi íhuga að loka rækjuvinnslum sínum í Narsaq og Illulissat tímabundið eftir að starfsmenn fá útborgað. Ástæðan er sú að starfsmenn mæta illa eða alls ekki til starfa eftir útborgun launa.

Þess vegna er áriðandi að vel sé að þessu staðið og verða haldnir kynningarfundir í hverju byggðarlagi í haust. Athygli vekur að Grímsey er ekki meðal þeirra sveitarfélaga sem um ræðir en Sigrún kunnir enga skýringu á hvers vegna svo væri.

Garðaprestur: Áfrýjar úrskurði

KIRKJUMÁL Séra Hans Markús Hafsteinsson, sóknarprestur í Garðasókn, hefur kært úrskurð úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar til áfrýjunarnefndar. Hann deilir við sóknarnefnd og nokkra starfsmenn sóknarinnar en frestur til áfrýjunar rann út í gær.

Ólga hefur verið í Garðasókn undanfarnir misseri af ýmsum ástæðum og fyrr á árinu kærði Hans Markús sóknarnefndarmenn, djákna og prest til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Hún komst að þeirri niðurstöðu að Hans hefði sjálfur gerst brotlegur og lagði til að hann yrði fluttur í starfi. Þessari niðurstöðu áfrýjar sóknarpresturinn nú.

- shg

LÖGREGLUFRÉTTIR

REYKTAR SAMLOKUR Slökkviliðið á Selfossi var kallað út í gærmorgun þegar bakarofn glóðhitnaði í smurbrauðsgerð þar í bæ. Mikill reykur var í húsinu en enginn eldur og því var ekki annað að gera en að kippa ofninum úr sambandi og svo reykkræsti slökkviliðið hús. Heimildarmaður Fréttablaðsins gantaðist með það að nú væri aðeins hægt að fá reyktar samlokur í bænum.

TÝNDUR Í HAFNARFJARÐARHÖFN

Pyrla Landhelgisgæslunnar var komin af stað til að leita að báti sem horfið hafði úr sjálfvirku kerfi tilkynningarskyldu skipa. Samkvæmt síðustu upplýsingum átti báturinn að vera vestur af Akranesi og stefndi þyrlan þangað en svo kom í ljós að báturinn var í mestu ró í Hafnarfjarðarhöfn. Einhver bilun í kerfinu hefur gert Landhelgisgæslunni þennan grikk.

Michael Howard segir óvænt af sér

Verkamannaflokkurinn sigraði í þingkosningunum í Bretlandi í fyrradag en í besta falli getur árangurinn talist varnarsigur. Aldrei hefur ríkisstjórn haft jafn lítinn hluta kjósenda á bak við sig. Michael Howard tilkynnti afsögn sína í gær.

BRETAND Þótt Verkamannaflokkurinn hafi haldið velli í bresku þingkosningunum í fyrradag þá er ljóst að þingmeirihlutinn má ekki naumari vera. Óvæntustu tíðindi gær dagsins voru þó afsögn Michaels Howard, leiðtoga íhaldsmanna.

Segja má að úrslit kosninganna á fimmtudaginn hafi verið skárri en leiðtoga stóru flokkanna óttuðust en verri en þeir vonuðust til. Verkamannaflokkurinn fékk 355 þingsæti, íhaldsmenn 197, frjálslyndir demókratar 62 og aðrir flokkar deildu með sér 28 þingsæti. 61 prósent kjósenda mætti á kjörstað sem er örlitlu betri kjörsókn en í kosningunum 2001.

Sigur Verkamannaflokksins er sögulegur í að minnsta kosti tvennum skilningi. Annars vegar hefur flokkurinn aldrei áður tekist að halda meirihluta sínum í þrennum kosningum í röð. Hins vegar hefur engin ríkisstjórn frá upphafi þingræðis í landinu haft jafn lítinn hluta kjósenda á bak við sig. Ef



BLENDIN ÁNÆGJA Tony og Cherie Blair mæta til veislu hjá Verkamannaflokki eftir að sigurinn varð ljós. Setan á forsætisráðherrastólnum verður að líkindum erfiðari en oft áður.

stræti 10 í gær. „Og ég held að ég hafi mjög góða hugmynd um hvers breska þjóðin væntir af ríkisstjórninni á þessu kjörtímabili.“ Með aðeins sjöttu sæta þingmeirihluta er ljóst að mun erfiðara verður fyrir Blair að koma um deildum máli í gegnum þingið. Niðurstöður kosninganna auka jafnframt líkurnar á að Blair sitji aðeins hluta kjörtímabilsins en síðan taki Gordon Brown við stjórnartamunum.

Þrátt fyrir að hafatekið þingsætafjöldi íhaldsmanna um 36 boðið Michael Howard, leiðtoga þeirra, óvænt afsögn sína í gær. Hann sagði ekki hvenær hann léti af völdum, aðeins að það yrði fyrir en síðar.

Frjálslyndir demókratar juku sömuleiðis fylgi sitt umtalsvert og geta ágætlega við unað. Charles Kennedy, leiðtogi frjálslyndra, sagði í gær að úrslitin sýndu að tveggja flokka kerfið væri líðið undir lok í Bretlandi. Andstaða þeirra við Íraksstríðið telst þeim eflaust til tekna, rétt eins og George Galloway sem bauð sig fram gegn sínum fyrri félögum og vann. Af öðrum frambjóðendum má nefna Gerry Adams, leiðtoga Sinn Féin, en hann hlaut yfirburðakosningu í kjördæmi sínu í Vestur-Belfast á Norður-Írlandi. Hins vegar féll Nóbelsverðlaunahafinn David Trimble út af þingi.

svainng@frettabladid.is

Sameining Eyjafjarðar:

Kosið í október

SVEITARSTJÓRNARMÁL Ákveðið hefur verið að ganga til kosninga um sameiningu sveitarfélaga við Eyjafjörð áttunda október næstkomandi.

Formaður sameiningarnefndarinnar, Sigrún Björk Jakobsdóttir, segir um afar spennandi verkefni að ræða. „Ef þetta gengur eftir þá verður um stærstu sameiningu af þessu tagi á landsbyggðinni að ræða og mér sýnist þetta snerta tæplega 25 þúsund íbúa á þessu svæði. Þess vegna er áriðandi að vel sé að þessu staðið og verða haldnir kynningarfundir í hverju byggðarlagi í haust.“

Athygli vekur að Grímsey er ekki meðal þeirra sveitarfélaga sem um ræðir en Sigrún kunnir enga skýringu á hvers vegna svo væri.

- aðe

Georgískt gengi:

Myrti fjölda ferðamanna

TÍBILSI. AP Lögreglumenn í Georgíu fundu í gær átta lík nærri húsi sem glæpangengi hafði haft aðsetur í. Ekki er nákvæmlega vitað af hverjum líkin séu en talið er að glæpangengið hafi rænt þeim og myrt.

Húsið er í Svanetiya-héraði, 400 kílómetra norðvestur af höfuðborg landsins. Fyrir rúmu ári réðust rússneskir hermenn til atlögu við stigamennina og drápu nokkra þeirra. Þeir höfðu áður rænt erlendum ferðamönnum og krafist lausnargjalds fyrir þá.


Talið er að eitt líkanna sé af Levan Kaladze, bróður Kakha Kaladze, varnarmanns ítalska knattspyrnuliðsins AC Milan. ■

VEDRIÐ Í DAG

EINN SVALASTI DAGURINN Í ÞESSARI LOTU
Jæja. Loksins má fara að greina að hitinn á norðanverðu landinu fari að stíga aðeins. Ekki þó í dag, því hann er með þeim kaldari í þessari lotu. En eftir morgundaginn verður þetta allt heldur skaplegra þó því fari fjarri að hitaþylgja sé í nánd!!
ER ÞÁ SUMARIÐ KOMIÐ? Ágætur maður sagði við mig að á Íslandi væri lengsta sumar í Evrópu sé tekið mið af dagatalinu. Getur þetta verið rétt hváði ég? Spyr sá er ekki veit!!

Kveðja,
Sigurður
Ragnarsson,
veðurfræðingur

Um hádegi í dag




Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	13°C skúrir	Paris	13°C skýjað skúr
Oslo	13°C hálfskýjað	Berlín	12°C léttskýjað
Stokkhólmur	14°C hálfskýjað	Amsterdam	10°C skýjað skúr
Helsinki	11°C léttskýjað	Madrid	26°C hálfskýjað
London	16°C léttskýjað	Barcelona	21°C hálfskýjað
Alicante	25°C heiðskirt	Milano	16°C léttskýjað
New York	15°C skýjað-skúr	San Francisco	19°C léttskýjað
Orlando/Florida	28°C léttskýjað		


Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hlitaútlit sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Hæglætisveður og lítið eitt hlýnandi.

Sunnudagur



Heldur vaxandi suðlæg átt og loksins hlýnar heldur á Norðurlandi.

Þekkir þú fuglinn?

Einn af einkennisfuglum hálendisvatna og tjarna. Karlfuglinn gefur frá sér hávært jóðl en kvenfuglinn lægri hljóð.

Svarið fæst í Fuglavísunum, frábær handbók, ómissandi í bílinn.

Edda edda.is

25% afsláttur

af öllum PROSTYLE hjólum

PROSTYLE 2005 - alvöru merki í hjólum

12" hjól 3-5 ára

Girl

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
8.249 kr
Áður 10.999,-

12" hjól 3-5 ára

One

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
5.249 kr
Áður 6.999,-

16" hjól 5-7 ára

Fox

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
5.999 kr
Áður 7.999,-

20" hjól 7-9 ára

Tigrina

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
9.749 kr
Áður 12.999,-

24" hjól 9-12 ára

Serval

Fjöldi gíra: 6
Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Trekro handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
11.249 kr
Áður 14.999,-

16" hjól 5-7 ára

Hercules

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
9.749 kr
Áður 12.999,-

20" hjól 7-9 ára

Mud Racer

Fjöldi gíra: 12
Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Trekro handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
11.244 kr
Áður 14.999,-

24" hjól 9-12 ára

Offroad

Fjöldi gíra: 18
Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Alloy Silver handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
14.999 kr
Áður 19.999,-

16" hjól 5-7 ára

Dame

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
9.749 kr
Áður 12.999,-

20" hjól 7-9 ára

Princess

Fjöldi gíra: 6
Tegund gíra: Shimano
Bremsur: Trekro handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
11.249 kr
Áður 14.999,-

24" hjól 9-12 ára

Pallas

Fjöldi gíra: 18
Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Alloy Silver handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
14.999 kr
Áður 19.999,-

Gildir til 9. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

www.hagkaup.is

grænt númer sími
800 6680 568 2255

HAGKAUPA

Mæðradagsvendir á frábæru verði!

Rósavöndur

999 kr.

Gott verð á garðplöntum

Sýpris **799 kr.**
100 sm



Margarita

599 kr.



MÆÐRADAGUR

á morgun



Garðáburður

5 kg **399 kr.**

Frábær alhliða áburður fyrir blómabeð, matjurtir, tré, runna og gras.

Sérblandaður fyrir Blómaval



Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

Lambakjöt

og ekkert bull fyrir Villa Naglbít



Pegar Villi Naglbítur er búinn að græja kryddlöginn og skera lambakjötið í hæfilega bita setur hann allt í skál og fer svo að gera eitthvað annað næstu 3 tímuna. Síðan þræðir hann kjötið og tilheyrandi grænmeti upp á pinna og grillar á svipstundu.

Grill kebab með kús kús og salati

600 g fituhreinsað lambakjöt, t.d. lambabógur eða fáeinar lærissneiðar, skorið í u.þ.b. 2 1/2 – 3 cm bita
1/2 dl ólífuolía
safí úr einni sítrónu
1 msk. salvía, smátt söxuð
1/2 msk. óreganó (ferskt), saxað
Hoi Sin sósa (kínversk barbecue-sósa, fæst í flestum búðum)
3 msk. sesamfræ

Setjið kjötið í skál ásamt ólífuolíu, sítrónusafa, salvíu og óreganó og látið standa í u.þ.b. 3 klst. Raðið kjötinu upp á pinna og penslið með Hoi Sin sósu og stráðið sesamfræjum yfir pinnana.

Grillið í u.þ.b. 8–12 mín. og snúið nokkrum sinnum á meðan. Borið fram með t.d. kús kús og salati.

lambakjöt – léttur réttur
Upphald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Heitt vatn á Húsavíkurhöfða:

Töfravatn á sundlaugarsvæðið

JARÐHITI Orkuveita Húsavíkur hefur ákveðið að leiða 95 gráðu heitt vatn úr borholu á Húsavíkurhöfða í pott sem komið verður fyrir við Sundlaug Húsavíkur. Veitustjóri segir vatnið hafa góða virkni gegn psoriasis-sjúkdómnum auk þess sem breyting á efnainnihaldi þess geti sagt til um yfirvofandi jarðhræringar á Norðurlandi.

Hreinn Hjartarson veitustjóri segir að holan hafi verið boruð 1960 og sé um 1.500 metra djúp. Átti hún að sjá Húsvíkingum fyrir heitu vatni en frá því var horfið þar sem of mikið salt var í vatninu. „Þetta er með elsta vatni sem fundist hefur á Íslandi og

hefur klárlega sambærileg heilsuáhrif og vatnið í Bláa lóninu,“ segir Hreinn.

Vikulega eru tekin sýni úr vatninu og þau send til Stokkhólms. „Með því að fylgjast með breytingum á efnainnihaldi vatnsins hafa sænskir sérfræðingar getað sagt til um yfirvofandi jarðhræringar á Norðurlandi. Á næstunni verður komið fyrir sjálfvirkum mælíbúnaði sem efnagreindir vatnið og sendir niðurstöðuna í gegnum símalínu til Svíþjóðar,“ segir Hreinn.

Kostnaður við að koma vatninu á sundlaugarsvæðið er um sex milljónir króna.



GAMLI UNDRAPOTTURINN Orkuveita Húsavíkur setti upp gamalt ostakar við borholuna fyrir rúmum áratug þar sem psoriasis-sjúklingar og aðrir hafa notið heita vatnsins.



GUÐJÓN GUÐMUNDSSON Ráðning hans sem framkvæmdastjóra dvalarheimilisins Höfða á Akranesi hefur valdið nokkrum úlfapyt.

Sótti um án samráðs

Guðjón Guðmundsson segist uppfylla allar hæfniskröfur sem gerðar voru til umsækjenda um starf framkvæmdastjóra dvalarheimilisins Höfða.

AKRANES Fyrirverandi alþingismaðurinn Guðjón Guðmundsson, sem ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri dvalarheimilisins Höfða á Akranesi, segist hafa sótt um stöðuna einfaldlega vegna þess að hann taldi sig uppfylla þær hæfniskröfur sem fram komu þegar staðan var auglýst. Hann þvertur fyrir að hafa haft samráð við stjórn dvalarheimilisins eða bæjarstjórnarmennihluta Sjálfstæðisflokksins þegar hann lagði fram umsókn sína.

Fram kom í auglýsingu að óskað væri eftir einstaklingi sem hefði þekkingu á stjórnsýslusviði, bókhaldsþekkingu og hæfni í mannlegum samskiptum auk þess að vera búsettur á svæðinu. Guðjón telur sig uppfylla þessar kröfur.

Guðjón sat á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í tólf ár auk þess sem hann sat í bæjarstjórn Akraness samtals í jafn langan tíma þannig að ljóst er að hann hefur nokkra þekkingu og

reynslu á stjórnsýslusviði. Eins hefur hann viðamikla reynslu af bókhaldi sem skrifstofustjóri Skipasmíðastöðvar Þorgeirs og Ellerts.

Það olli einnig nokkrum deilum á sínum tíma þegar Ásmundur Ólafsson, fráfarandi framkvæmdastjóri dvalarheimilisins, var ráðinn en fljótlega fennti í þau spor og hefur hann þótt sinna starfi sínu vel. Guðjón á að taka við starfinu á allra næstu dögum.

-óá

Samkeppni um byggingu Háskólatorgs:

Fimm hópar keppa um hönnunina

HÁSKÓLI ÍSLANDS Fimm fyrirtæki hafa verið valin til að keppa um hönnun og byggingu Háskólatorgs Háskóla Íslands. Ef allt gengur samkvæmt áætlun verður torgið tekið í notkun í árslok 2007.

Sérstakur kynningarfundur var haldinn með keppendum um hönnun og byggingu Háskólatorgsins í hátíðasal Háskólans í gær. Þar fengu keppendur afhenta kröfu- og þarfalýsingu fyrir bygginguna. Hóparnir samantanda allir af verktaka- og hönnunarteymum. Keppendurnir hafa um fjóra mánuði til að vinna að frumtillögum um byggingu og skipulag en skilafrestur er til 31. ágúst.

Í septemberlok verður tilkynnt hvaða tillaga verður fyrir valinu og áætlað er að hefja framkvæmdir næsta vor. Byggingarkostnaður er áætlaður um 1.600



SAMKEPPNI UM BYGGINGU HÁSKÓLATORGS HÓFST Í GÆR Kröfu- og þarfalýsing var afhent keppendum.

milljónir. Happraðtti Háskólans fjármagnar hluta framkvæmda en framlag Háskólasjóðs Eim-

skips er um hálfur milljarður og skiptir sköpum um að gera framkvæmdina að veruleika.

-óá



OASIS

OASIS - nýtt og breytt útlit

OASIS í Kringlunni hefur nú fengið nýtt og stórglæsilegt útlit.

...með **150** verslanir, veitingastaði og þjónustuaðila.

Kringlan kappkostar að bjóða sem fjölbreyttast úrval af vöru og þjónustu í hæsta gæðaflokki.

Við óskum OASIS til hamingju með nýtt útlit!

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	

Samfylkingin býður fram í Mosfellsbæ:

Síðasti G-listinn hverfur brátt

SVEITARSTJÓRNARMÁL Ákveðið var á félagsfundi Samfylkingarinnar í vikunni að bjóða fram S-lista í bæjarstjórnarkosningunum eftir eitt ár. Þar með hverfur síðasti G-listinn í landinu bráðlega.

Lögð var fram tillaga á aðalfundi Samfylkingarfélagssins í mars um að Samfylkingin byði fram sérstakan S-lista í kosningunum og var þeirri tillögu vísað til félagsfundar. Það var gert og tillagan samþykkt einróma.

Jónas Sigurðsson bæjarfulltrúi situr í bæjarstjórn Mosfellsbæjar fyrir G-listann. Hann segir að á bak við G-listann hafi verið bæjararmálfélagið Mosfellingur, sam-

starfsvettvangur Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, og verður sá listi þá ekki boðinn fram aftur, að minnsta kosti ekki með Samfylkingunni innanborðs.

Jónas ætlar að gefa kost á sér til að leiða S-listann næsta vor. Hann segir að ekki hafi verið neinn málefnaágreiningur milli Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og Samfylkingin sjá fyrir sér að menn geti starfað saman að bæjarmálum þó að í öðru formi sé.

- ghs

JÓNAS SIGURÐSSON Bæjarfulltrúi
G-listans í Mosfellsbæ.



REYÐARFJÖRÐUR Fjöl mörg brýn verkefni stranda að mati minnihlutans á skipulagsleysi meirihlutans í Fjarðabyggð og kvartanir verktaka og húsbýggjenda eru algengar.

Meirihlutinn sakaður um óráðsú og blekkingar

Skipulagsleysi meirihluta bæjarstjórnar Fjarðabyggðar veldur því að framkvæmdir sitja á hakanum svo mánuðum skiptir í aðdraganda mesta uppgangstímabils í héraðinu, að mati minnihlutans í bæjarstjórn.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Þeim er að einhverju leyti vorkunn vegna þeirrar þenslu sem hér hefur verið en það átti ekki að koma þeim á óvart,“ segir Magni Kristjánsson, sem sæti á í bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Allur minnihlutinn í bæjarstjórn sat hjá við afgreiðslu ársreiknings í vikunni vegna þess sem Magni kallar óráðsú og blekkingarleik.

Auk Magna sat hjá Hallfríður Bjarnadóttir, einnig frá Sjálfstæðisflokknum, og Ásmundur Páll Hjaltason frá Biðlistanum. Segir Magni að ársreikningurinn líti bærilega út enn eitt árið en ástæða þess sé einfaldlega sú að framkvæmdir sitji á hakanum og frestað sé mánuðum saman að ráða í lausar stöður innan bæjarfélagsins. „Það segir sig sjálft að

spara má mikla fjármuni með því að skjóta slíku á frest og það hefur meirihlutinn gert ítrekað. Hér má segja að fjölmargar framkvæmdir sem staðið hafa fyrir dyrum og beðið er eftir sé slegið á frest sem veldur því að verktakar og húsbýggjendur geta ekki hafist handa á réttum tíma. Það er mikið kvartað út af því, sem er afar bagalegt hjá sveitarfélagi þar sem vitað hefur verið í langan tíma að með stóriðju yrði fyrirjáanlegur mikill uppgangur. Ýmis verk sem skipulagsgjafi mátti með góðum fyrirvara sitja föst vegna skipulagsleysis bæjarstjórnar.“

Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar, segir eðlilegt að áætlanir taki breytingum og það gildi einnig um Fjarðabyggð. „Fram-

kvæmdaáætlanir eru eðlilega endurskoðaðar með jöfnu millibili með tilliti til fjárhagsáætlana. Þess utan getur forgangsroðun verkefna tekið ófyrirséðum breytingum og oft á tíðum áætla menn sér meira en minna í sínum áætlunum. Þetta á við um flestöll sveitarfélög og er ekkert sem á að koma bæjarfulltrúum á óvart og því botna ég ekki í bókunum á borð við þá sem minnihlutinn lét frá sér fara. Slík bókun gefur það í skyn að bæjarfulltrúar hafi eitt-hvað með það að gera hvernig ársreikningur er gerður. Slíkur reikningur er gerður af löggiltum endurskoðendum eftir reikningskilavenjum og þeir leggja þar starfsheildir sinn á veði. Slík bókun dæmir sig sjálf.“

albert@frettabladid.is

Krabbameinsvaldandi litarefni fundust í Old El Paso kryddum:

Komið í veg fyrir dreifingu

NEYTENDUR Komið var í veg fyrir dreifingu matvæla hér eftir að í ljós kom að þær innihéldu krabbameinsvaldandi litarefni sem eru stranglega bönnuð.

Um er að ræða krydd sem fylgdu með svokölluðum „dinner kits“ sem hafa verið seld héraðslendis undir vörumerkinu Old El Paso. Nathan & Olsen flutti talsvert magn vörunnar hingað en viðvörðun kom frá Bandaríkjunum í tæka tíð og fóru því engar vörur í verslanir héraðslendis að sögn Herdísar Guðjónsdóttur hjá Umhverfisstofnun sem er eftirlitsaðili með þessum málum héraðslendis. Aðeins er um ákveðnar framleiðslueiningar að ræða og er fengin full víska fyrir að þær Old El Paso vörur sem hér eru seldar innihalda ekki bönnuð efni.



HÆTTA Á FERÐ Litarefni sem talið er krabbameinsvaldandi hefur fundist erlendis í vörum sem seldar eru hér. Aðvörðun barst þó í tæka tíð. Tekið skal fram að myndin tengist ekki efni greinarinnar.

Litarefnið sem um ræðir kallast Para Red og er keimlíkt svokölluðu Sudan 1 litarefni en rannsókn-

ir hafa sýnt að bæði litarefni eru krabbameinsvaldandi og eru bönnuð í flestum löndum.

- aðe

Tökum til
hendinni

VORHREINSUN 2005

frá 29. apríl til 7. maí



Nú sem fyrr hvetja borgaryfirvöld í Reykjavík alla borgarbúa til að hreinsa lóðir sínar í hinu sameiginlega árlega átaki við að hreinsa og fegra borgina.

Starfsmenn Framkvæmdasviðs verða á ferðinni á tímabilinu 29. apríl - 7. maí og fjarlægja garðúrgang sem fólk hefur sett út fyrir lóðarmörk.

Vinsamlegast athugið að starfsmenn munu ekki fjarlægja heil tré eða trjástofna.

Garðúrgang skal setja í poka. Greinaafklippur skal binda í knippi.

Ruslapoka má nálgast á starfsstöðum borgarinnar s.s. sundlaugunum.

Hvað get ég gert til að bæta umhverfið? Taktu þátt í humyndasamkeppni á reykjavík.is. Keppnin gildir til 10. maí og glæsileg verðlaun í boði.

www.reykjavik.is

Símaver Reykjavíkurborgar

4 11 11 11

Þitt framlag skiptir máli



Reykjavíkurborg

BLÁKORN Á FRÁBÆRU VERÐI



STJÚPURNAR KOMNAR!



TILBOÐ

LOBELÍA
395kr



TILBOÐ

GEISLASÓPUR
980kr



BLÁKORN 40kg
2.480kr

BLÁKORN 10kg
780kr

BLÁKORN 5kg
395kr

...OG SUMARIÐ ER KOMIÐ enn á ný!



TILBOÐ
R 350 - 1000w
13.980kr



TILBOÐ
R 484 - 3.5hö
26.850kr



TILBOÐ
CASORON
1.980kr



Mold og túnpökur
í kerruna!
Afgreitt
til kl. 18.00
alla daga.

MAMMA ÉG ELSKA ÞIG!



TILBOÐ
RÓS Í VASA
590kr



TILBOÐ

MÆÐRADAGS-
VÖNDUR
1.000kr



TILBOÐ

BLÓMAKARFA
1.995kr

Gjafakörfurnar
vinsælu



Kaffikörfur
Baðkörfur
Kertakörfur

1.500kr stk.

KOMIÐ!

HERBAMIX
gegn illgresi í
grasflöt



allt í garðinn á einum stað!

Góð Ráð Garðheima:
Bláakorn: 5 kg á 250 m²
Athugið!
Varist að dreifa alveg
upp að stofni trjáa.



FBL GREINING: SAMKEPPNISYFIRVÖLD

Stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum

„Samkeppnisyfírvöldum er ætlað að stuðla að því að neytendur fái góða vöru og þjónustu á sanngjörnu verði. Að þessu skal unnið með því að efla samkeppni, samhliða því að gæta þess að heilbrigðir viðskiptahættir séu í heiðri hafðir.“ Þannig er hlutverk samkeppnisyfírvalda skilgreint á heimasíðu Samkeppnisstofnunar.

Hvað má ekki í samkeppni?

Heilmikill lagabálkur segir til um það sem ekki má í samkeppni. Þar er meðal annars tekið til að allt samráð á milli fyrirtækja í samkeppni er bannað, markaðsráðandi fyrirtæki mega ekki misnota þá aðstöðu sína til að reyna að drepa niður samkeppni og að öllum fyrirtækjum ber að viðhafa heiðarlega viðskiptahætti og þar af leiðandi ekki



sverta mannorð og merki samkeppnis-aðila.

Hvernig er lögunum framfylgt?

Samkvæmt lögum fer viðskiptaráðherra með framkvæmd laganna en í umboði hans sjá samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnis-

mála um daglega stjórnsýslu þeirra mála sem samkeppnislögin ná til. Þá geta einstaklingar og fyrirtæki leitað til Samkeppnisstofnunar telji þeir á sér brotið jafnframt því sem stofnunin getur sjálf tekið upp mál teljist ástæða til. Samkeppnisráð hefur úrskurðarvald á stjórnsýslustigi um það hvort það telji

lögin hafa verið brotin og hefur vald til að dæma fésektr. Úrskurði samkeppnisráðs má svo áfrýja til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem fer með æðsta úrskurðarvaldið á stjórnsýslustiginu. Dæmi áfrýjunarnefndin fyrirtæki eða einstaklinga í fésektr ber að greiða þær að fullu innan mánaðar frá úrskurðinum. Rétt er þó að taka fram að samkeppnisyfírvöld fara ekki með eiginlegt dómsvald og því er í lófa lagið að fara með mál fyrir almenna dómstóla.

Samkeppnisyfírvöld hafa farið mikinn undanfarið í málum olíufélaga og tryggjanefndar svo dæmi séu tekin. Það er ánægjulegt að sjá að allt virkar þetta þegar til kastanna kemur en ef til vill þykir sumum heldur seint í rassinn gripið.

SPURT & SVARÐ
UMFERÐ UTAN VEGA

EINAR BOLLASON Framkvæmdastjóri.

Vernandi vandamál

Fréttablaðið hefur sagt frá því að verið sé að leggja lokahönd á endurskoðun reglugerðar um umferð utan vega. Meðal breytinga er að reglugerðin nær nú líka yfir umferð hrossa. Einar Bollason er landsþekktur hestamaður; rekur ferðaþjónustuna Íshesta sem skipuleggur hálendisferðir á hestum.

Hvað segir hann um þessar breytingar?

Mér list bara vel á þetta, við höfum alla tíð gætt þess að hafa mjög náið samstarf við Landvernd og landverði á öllum stöðum þar sem við förum um og farið í einu og öllu eftir þeirra fyrirmælum. Og ég fullyrði að það gildir um 90 prósent af öllum hestamönnum. En þá eru þessi tíu prósent eftir sem hvorki virða lög né reglur og setja svartan blett á alla hina.

En þarf þá að herða eftirlit með þeim?

Ég hef miklu meiri áhyggjur af því hvernig á að sinna eftirliti með akstri utan vega. Það er skuggalegt vandamál sem hefur farið hríðversnandi síðustu fimm ár. Og hefur raunar algjörlega keyrt um þverbak í orðsins fyllstu merkingu.



MYND AP

Í SVEITA SÍNS ANDLITS Sufia Khatoon, frá Dakka í Bangladess, leggur hart að sér við vinnu sína í endurvinnslustöð í borginni. Þrátt fyrir dugnaðinn fær hún aðeins sem nemur 55 krónum í laun á dag, rétt eins og um helmingur landsmanna.

Gleði og vonbrigði í bland í öllum herbúðum

Forystumenn allra helztu flokkanna í Bretlandi sáu hver sínar ástæður til að kætast yfir úrslitum þingskosninganna. En þeir urðu líka allir fyrir vonbrigðum.

Allir helztu stjórnvaldaflokkarnir í Bretlandi höfðu ástæðu til að líta svo á að úrslit þingskosninganna í landinu væru þeim hagstæð. En þeir höfðu jafnframt allir ástæðu til að vera svekktir yfir niðurstöðunni.

FRÉTTASKÝRING
BRESKU KOSNINGARNARAUÐUNN ARNÓRSSON
SKRIFAR FRÁ LUNDÚNUM

Verkamannaflokkurinn gat glaðzt yfir því að hafa í fyrsta sinn í sögu flokksins unnið öruggan þingskosningu í röð. En þennan meirihluta vann hann með lægsta hlutfalli heildarfjölda greiddra atkvæða frá því að þingsæti var tekið upp í landinu. Að hægt sé að vinna slíkan meirihluta með innan við 37 af hundraði atkvæða hefur vakið enn og aftur athygli á kostum og göllum brezka kosningakerfisins. Að auki var kjörsókn að þessu sinni aðeins rúm 61 prósent, örlitlu meiri en hún var síðast þegar kjörsókn var um fimmtán prósentustigum undir meðaltali síðustu áratuga og beinir sú staðreynd athyglinni að því hvort umbóta sé þörf á kerfinu.

Íhaldsflokkurinn gat glaðzt yfir því að hafa unnið nokkra tugi þingsæta frá því í síðustu kosningum. En fyrir flokk sem á allri 20. öldinni var vanur því að fá nær helmingi greiddra atkvæða (44 prósent að meðaltali) og halda oftast um stjórnrautina – að minnsta kosti aldrei verið lengur en tvö kjörtímabil frá völdum – er sá rétt tæpi þriðjungur atkvæða sem þeir fengu nú langt frá því að vera árangur sem flokksmenn geta verið ánægðir með.

Og Frjálslyndir demókratar gátu glaðzt yfir því að hafa aukið fylgi sitt á landsvísu vel upp yfir tuttugu prósentin. En það markmið þeirra að fá þingsæti í samræmi við atkvæðamagnið náðist ekki; það markmið þeirra að komast upp að hlið Íhaldsflokksins sem „raun-alkosturinn“ (sem var aðalkostningagagard þeirra) fyrir brezka kjösendur náðist ekki. Þó styrktist þingsflokkurinn vel, stækkaði úr 50 í 62 menn. Stærri þingsflokk hafa frjálslyndir ekki haft í neðri deild brezka þingsins síðan á þriðja áratug tuttugustu aldar. En hann er ekki nema þriðjungur af stærð þingsflokks Íhalds-



ÁFRAM Í DOWNING-STRÆTI 10 Tony Blair ásamt Cherie eiginkonu sinni og syni þeirra Leo. Hann mun enn um sinn búa í Downing-stræti tíu, en hversu lengi?

flokksins og er þar með langt frá því að geta gert tilkall til þess að vera forystuafli stjórnanarandstöðunnar. Því hlutverki heldur Íhaldsflokkurinn ótvírætt, þótt þessi árangur frjálslyndra leyfi Charles Kennedy, leiðtoga flokksins, að fullyrða að úrslitin sýni og sanni að brezka stjórnmálakerfið sé raunverulega orðið þriggja flokka kerfi.

Endurkjör „með blóðnasir“

Er Tony Blair kom af hefðbundnum fundi sínum með drottningunni – þau áttu óformlegt spjall í Buckingham-höll á tólfটা তিমান-um í gærmorgun – lýsti hann því yfir í ávarpi til fjölmiðla fyrir utan embættisbústað sinn að Downing-stræti 10 að eftir þessar kosningar hefði hann og ríkisstjórn hans „mjög skýra hugmynd um vilja kjósenda“ og hún hafi einnig skýra hugmynd um það hvernig hún hygðist uppfylla þennan vilja á kjörtímabilinu. Bæði Blair og Gordon Brown, væntanlegur arftaki hans á flokksleiðtoga- og forsætisráðherrastólunum, sögðu flokksforystuna hafa „hlustað og lært“ er hún ræddi við kjósendur í kosningabaráttunni. „Ríkisstjórnin mun staðfastlega einbeita sér að því að hrinda í framkvæmd því sem kjósendur hafa lagt fyrir hana,“ sagði Blair sem fagnaði 52 ára afmæli sínu í gær.

Á forsiðum brezku blaðanna var úrslitunum gjarnan lýst þannig að Blair hafi verið endurkjörinn „með blóðnasir“. Enginn vafi lék á því að það sem kjósendur voru óánægðastir með var hið óvinsæla Íraksstríð, en vegna ákvarðana sinna í því efni þurfti Blair ítrekað að endurtaka réttlætningar á þeim gerðum sínum í kosningabaráttunni. Tilfinnanlegastur var þessi skellur fyrir Blair



BLESS BLESS Michael Howard tilkynnti afsögn sína í gær og því fer senn í hönd fimmta leiðtogakjör Íhaldsmanna síðan Margaret Thatcher lét af völdum.

í kjördæminu Bethnal Green og Bow í Austur-Lundúnum, en þar eru fjórir af hverjum tíu íbúum múslimar. Þingsæti kjördæmisins vann George Galloway fyrir framboðslistann Respect, en að honum stóðu herskárir andstæðingar Íraksstríðisins. Galloway, sem sjálfur er fyrrverandi þingsmaður Verkamannaflokksins og orðhákur mikill, hafði sigur á annars vel þokkaðri þingkonu Verkamannaflokksins, Oonu King. Í ræðu sinni á kosninganótt, er ljóst var að hann hefði verið kjörinn, lýsti Galloway því yfir að þessi sigur sinn væri ósigur Blairs og skoraði á fyrrverandi flokks-systkin sín að steypa Blair af stalli hið snarasta.

Íhaldsflokkurinn áfram í kreppu

Að Íhaldsflokknum skyldi ekki takast að ná 200 þingsmanna-markinu var þeim ótvírætt vonbrigði. Þótt flokksleiðtogi Michael Howard hefði í fyrstu viðbrögðum sínum við niðurstöðunum lýst þeim sem stórum áfanga að því að

koma flokknum aftur í stjórn var enginn vafi á hans eigin vonbrigðum yfir úrslitunum þegar hann lýsti því óvænt yfir strax í gær að hann myndi víkja „frekar fyrr en síðar“ fyrir nýjum manni, sem ætti að leiða flokkinn í næstu kosningum. Framundan eru því fjórðu flokksleiðtogakosningarnar í Íhaldsflokknum á átta árum og má gera ráð fyrir að þær verði til lykta leiddar á síðasta lagi fyrir næsta flokksþing, sem fram fer að ári. Vegna þess hve slæma reynslu flokkurinn hefur haft af slíkum leiðtogaslag í beinu framhaldi af kosningaósigrunum 1997 og 2001 höfðu flokksmenn vonast til að Howard myndi ekki boða afsögn sína svo skjótt.

En nú þegar eru vangaveltur um arftaka hans komnar á fullan skrið. Veðbankar voru ekki seinir að taka við sér. Efstur á lista þeirra yfir þá sem líklegastir eru til að taka við af Howard er David Davis, sem hefur farið með innanríkismál í skuggaráduneyti Howards. Einnig eru nefndir menn eins og Sir Malcolm Rifkind, sem var utanríkisráðherra í stjórnartíð Johns Major og tekur nú við þingsæti Michaels Portillo, og minna þekktir menn eins og David Cameron, Liam Fox og George Osborne. Osborne er nýliði í forystusveit flokksins, enda aðeins 33 ára gamall. Er Howard tilkynnti í gær að hann hygðist víkja tók hann fram að í næstu kosningum, sem munu að óbreyttu fara fram árið 2009 eða 2010, yrði hann of gamall til að leiða flokkinn í ríkisstjórn, en hann er fæddur árið 1942. Hann óskaði þess enn fremur að arftaka sínum gæfst meiri tími til að búa flokkinn undir að setjast í ríkisstjórn á ný en hann hafði sjálfur. Howard tók við flokksformennskunni einu og hálfu ári fyrir kosningarnar nú. ■



Andrými
Próun



Andrými
Próun
Próttur

Ný BMW 3 lína.

Tímarnir breytast hratt. Það á einnig við um þarfir þínar og langanir. Satt að segja, þá hafa kröfurnar líklega verið að aukast af okkar völdum. Þú hefur verið svo gagntekin/n af þægindum BMW 3 línunnar frá því þú upplifðir þau í fyrsta skipti. Að sjálfsgöðu býstu við meiru og það með réttu. Nýja BMW 3 línan mun dekra við þig sem aldrei fyrr. Valin náttúruefni gleðja snertiskynið, hönnunin fegurðarskynið og þar sem rýmið hefur verið aukið enn frekar, fær frelsisþráin enn betri útrás. Upplifðu nýju BMW 3 línuna og finndu bragðið af munaði eins og hann gerist bestur í ósviknum BMW. Ný BMW 3 lína. Bara best.

Frumskýning um helgina.
Opíð frá kl. 12 til 16.



Með bílinn handa þér

Bara bezt.

Ný BMW 3 lína

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

B&L, Grjóthálsi 1, 575 1200, www.bmw.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Framtak ungs fólks í baráttunni gegn ofbeldi er aðdáunarvert.

Ofbeldinu gefið rauða spjaldið

Ofbeldi virðist færast í vöxt í íslensku samfélagi. Þegar talað er um ofbeldi er yfirleitt átt við barsmíðar, en ofbeldi tekur þó á sig ýmsar aðrar myndir. Nauðgun er gróft ofbeldisverk, að ekki sé minnst á misnotkun á börnum. Einnelti er ekkert annað en ofbeldi og andlegt ofbeldi er víða ástundað í samskiptum. Ástæða er til að ætla að aukin umræða og markviss viðbrögð við ofbeldi af þessu tagi muni skila sér í því að úr því dragi þótt þess sjáist enn ekki merki nema hugsanlega varðandi einelti.

Slagsmál og ofbeldi hafa lengi verið fylgifyrirlaus afengisneyslu. En þessi slagsmál eru ekki bara stymplingar. Þau hafa þróast út í að verða grófar líkamsmeiðingar og allt of oft berast fréttir af óhugnanlegum ofbeldisverkum sem eru unnin af fólki sem er undir áhrifum afengis, jafnvel á fólki sem er einfaldlega svo óheppið að verða á vegi ofbeldismannanna. Þess háttar ofbeldisverk hafa í alvarlegustu tilvikum valdið dauða.

Að undanförunu hefur sjónum verið beint að ofbeldi í tengslum við fíkniefnaheiminn og ekki að ástæðulausu. Gróft ofbeldi í tengslum við innheimtu fíkniefnaskulda virðist vera nærri því daglegt brauð. Nú hefur ungt fólk tekið sig saman og stofnað félagsskapinn Birtingu, sem hefur það markmið að gefa ofbeldinu rauða spjaldið eins og hópurinn orðar það sjálfur. Í síðustu viku var efnt til fjölmennra mótmæla á Akureyri. Seinni partinn í gær var röðin komin að Reykjavík og efnt til svipaðra mótmæla á Ingólfstorgi. Þátttaka í þessum mótmælum var ekki eins mikil og á Akureyri enda Birting spröttin upp úr ofbeldisöldu sem gengið hefur yfir þar.

Það gefur tilefni til ákveðinnar bjartsýni að ungt fólk skuli af þeim myndarskap sem raun ber vitni sýna fram á að það hafni alfaríð ofbeldi. Þessu unga fólki finnst einfaldlega nóg vera komið. Markmiðið með mótmælastöðunni er að senda skýr skilaboð út í samfélagið, bæði til stjórnvalda og almennings, og vekja fólk til umhugsunar um hversu mikið ofbeldi þrífst í samfélaginu. Ungu fólkinu er misboðið vegna þess að menn sem ítrekað gerast sekir um líkamsmeiðingar komast upp með að halda því áfram án þess að nokkuð sé að gert.

En vandinn liggur ekki bara í því að ekki sé brugðist við ofbeldi með afgerandi hætti. Rót vandans liggur hjá ofbeldismönnum sjálfum og í því samfélagi sem þeir alast upp í. Ungt fólk sem fer út og ber mann og annan hefur yfirleitt sjálft orðið fyrir einhvers konar ofbeldi, andlegu eða líkamlegu. Við brjótum ekki ofbeldið á bak aftur fyrr en við tryggjum hverju einasta barni góð og örugg uppeldisskilyrði. Sú ábyrgð hvílir fyrst og fremst á foreldrum en einnig á því samfélagslega öryggisneti sem er í kringum hverja fjölskyldu, ættingjum, vinum og þeim opinberu stofnunum sem hafa það hlutverk að grípa inn í þegar foreldrar og fjölskylda ráða ekki við hlutverk sitt.

Á tyllidögum tala valdhafar iðulega um að hlúa þurfi að fjölskyldunni. Þó er hvergi á Norðurlöndum búið verr að barnafjölskyldum en hér. Til dæmis er hér styttra fæðingarorlof en í nágrannalöndunum og mun þrengri skilyrði til að taka orlof og minnka við sig vinnu meðan ungum börnum er sinnt. Hvergi meðal síðmenntaðra þjóða er vinnudagur foreldra jafnlangur og hér. Barátta fyrir því að þetta breytist er líka barátta gegn ofbeldi.



Jói Fel

Berjastreusel að hætti Jóa Fel

- fullt af blönduðum skógarberjum

Kleppsvegi 152 | Opíð mánudaga - föstudaga 7.00 - 18.00
Smáralind | laugardaga og sunnudaga 7.00 - 16.00

FRÁ DEGI TIL DAGS

Framsóknarvika veldur leiða

Framsóknarmenn eru ekki allir alls kostar sáttir við Framsóknarviku Deigluunnar, sem áður hefur verið sagt frá í þessum dálki. G. Valdimar Valdemarsson ritar grein í Tímarni í gær þar sem hann er allt annað en sáttur við framtak Deigluunnar og hefur augljóslega orðið fyrir miklum vonbrigðum. Hann segir Deigluuna bjóða upp á „greinaröð illa endurunnins nöldurs, tuðs, hálfannleika, gróusagna og jafnvel hreinna leiðinda. Deigluunni er haldið úti af sjálfstæðismönnum í



yngrri kantinum, mest úr því sem kalla má Geirs armi flokksins en auðvitað er það ekki opinbert málagn Sjálfstæðisflokksins. Auðvitað ekki.“

Skotið á Davíð?

„Á pappírnum er þetta sjálfsgott fram-bærilegasta fólk sem er að skrifa þarna, en ef punkturinn með „Framsóknarvikunni“ var að „dissa“ samstarfsflokkinn í ríkisstjórn, gátu þeir þá virkilega ekki komið upp með eitthvað betra?“ spyr G. Valdimar og er sannfærður um að raunverulegur tilgangur með Framsóknarvikunni sé ekki að gagnrýna Framsókn heldur sé skotið á Davíð Oddsson. „Það hjólar enginn innanflokksmaður beint í Davíð. Því gera menn „the next best thing“ og

nöldra yfir samstarfsflokknum. Kannski eins og Sovétmenn nöldruðu í Albaníu í eina tíð til að skamma Kína.“

Opíð bókhald?

Össur Skarphéðinsson birti fyrir nokkru milliuppgjör um fjármögnun og útgjöld í kosningabaráttu sinni í Samfylkingunni þar sem hann tilgreinir hversu háa styrki hann hefur fengið í baráttunni. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur sagt í að minnsta tveimur fjölmiðlum að hún sjái ekki ástæðu til að birta slíkt milliuppgjör í svo stuttri kosningabaráttu. Hvorugt hefur þó sagst ætla að greina frá því hver styrki þau, ekki frekar en birt er hver styrkir flokk þeirra eða annarra. Spurning hvort það væri ekki öllu áhugaverðara.

brynjolfur@frettabladid.is

Það góða er satt

Einn af grunnþáttum mannskeppunnar er sannfæring um að hún eigi ekkert gott skilið. Eða í það minnsta ekki of mikið gott skilið. Þegar hún lendir í þeim aðstæðum að allt virðist ganga henni í haginn læðist að henni sá grunur að þarna sé komið lognið á undan storminum. Og ef stormurinn lætur á sér standa segir mannskeppan við sjálfan sig að þetta sé nú of gott til að vera satt. Að baki þeirri hugmynd býr sannfæring um sannleikurinn sé á einhvern hátt slæmur fyrir mannskeppuna. Sannleikurinn geri hana ekki frjálsta til annars en að sætta sig við að lífið er á endanum skítt.

Það er því líklega af einhverjum djúpsálfræðilegum meinlokum sem læstar eru í arfgengt minni okkar að við Íslendingar viljum ekki læra af frábærum árangri af einkavæðingu ríkisfyrirtækja og tilflutningi á ýmsum verkefnum frá ríkisvaldinu til hins frjálsa markaðar – sem er annað heiti á fólki eins og mér og þér. Bankarnir eru ágætt dæmi. Rúmu korteri eftir að þeir sluppu frá ríkinu fóru þeir að veita almennilega þjónustu, hærri vexti handa þeim sem áttu pening og lægri til þeirra sem skorti hann en ríkinu hafði tekist á þeirri öld sem það var að vasast í bankarekstri. Og eins ótrúlegt og það hljómar hafa þessar fyrrum eyndarlegu betlikerlingar á almannaþjóðum farið út í heim og gert okkur stolt af löndum okkar – kannski ekki eins stolt og þegar Hófi varð ungrú Heimur en svipað og þegar íslenska fótboltalandsliðið tapaði bara með einu marki gegn Þýskalandi í Hamborg. Ef mannskeppan væri ekki eins gölluð og hún er hefðum við Íslendingar nýtt okkur fordæmið

af bankasölu og hafist strax handa við að skófla verkefnum frá ríkinu og til almennings. Minnugir spakmæla Páls postula: reynið allt og haldið því sem gott er.

Í DAG

AÐ GERA MEIRA
AF ÞVI GÓÐA

GUNNAR
SMÁRI
EGILSSON



Líklega var það þess vegna sem Samtök atvinnulífsins gerðu forstjóra Íslandspóst að formanni sínum; þann ríkisforstjóra sem sannarlega enginn er með ráðagerðir um að frelsa frá ríkinu.

En því miður. Endurnærandi áhrif bankafrelsunarinnar á íslenskt samfélag eru of góð til vera sönn. Og því augljósari sem hún er öllum mönnum því meiri hljómgrunn fá varnaðarorð þeirra sem vilja halda í það sem vont er. Það má þegar sjá merki þess að mörg okkar vilja snúa aftur – draga í land – ef það mætti friða guðina og draga úr ofsa stormsins sem hlýtur að skella á fyrr en seinna. Líklega var það þess vegna sem Samtök atvinnulífsins gerðu forstjóra Íslandspóst að formanni sínum; þann ríkisforstjóra sem sannarlega enginn er með ráðagerðir um að frelsa frá ríkinu.

Svipuð hvött liggur líklega að baki þeirri hugmynd að störefla Ríkisútvarpið með álögum á almenning svo það megi bjóða upp á afþreyingarefni við allra hæfi – eins og það er orðað í frumvarpi sem þingmennirnir okkar þykjast vera að fjalla um en hefur fyrir löngu verið ákveðið að gera að lögum af allt öðru fólki. Þetta var ágætt markmið við upphaf löngu kreppu árið 1930. Þá veitti landsmönnum ekki á því að gleyma um stund fábreytileika og bjargarleysi samfélagsins. Nú, 75 árum síðar, eiga stjórnmalámen svfnlausar nætur yfir því hvað yrði um fjölmiðlun og afþreyingu landsmanna ef ríkið sjálft er þar ekki virkur og fyrirferðarmikill þátttakandi.

Auðvitað vita þeir að ekkert annað myndi henda en eitthvað svipað því og gerðist í banka- og viðskiptum landsmanna. Allt myndi færast til betri vegar. Og það þarf ekki einu sinni að taka dæmi af bönkum. Innkoma einkaaðila endurnærði útvarps- og sjónvarpsrekstur á Íslandi – stöð meira að segja fyrir sjónvarpsútsendingum á fimmudögum, sem ríkisvaldið hafði fram að því talið hreint glapræði.

Ríkisútvarpið er álíka vond hugmynd og ef stjórnvöld hefðu selt Búnaðarbankann en ákveðið að halda Landsbankanum eftir. Og til að tryggja ríkisrekstur í bankarekstri hefði sett það í lög að allir fjárráða landsmenn skyldu leggja þrjú þúsund kall af launum sínum inn í Landsbankann um hver mánaðamót til að tryggja þau öryggis- og menningarsjónarmið sem felast í því að í hverju samfélagi sé ávallt til einn ríkisbanki til mót-vægis við banka í eigu almennings. ■



Embætti hjá hinu opinbera
Ráðningar stjórnmalámananna
Lifa bitlingarnir enn góðu lífi?

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmíðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Taktu nýja eldhúsið með þér heim!

NÝTT!



NÝJASTA
ELDHÚSINNRETTINGIN
HORIZON HVID/3000

HÖFUM OPNAÐ NÝJAN SÝNINGARSAL

Í SMÁRALIND
Ód ýrar, ósamsettar innréttingar
í eldhúsið, baðherbergið og
svefnherbergið.

HTH GÆÐIN Í FYRIRRÚMI



Átta mismunandi
útlitsgerðir hurða
fyrirliggjandi.
Til afhendingar
strax af lager.

SPARIÐ STÓRAR
UPPHÆÐIR OG GERIÐ
ÞAÐ SJÁLF

ORMSSON hefur boðið upp á HTH skápa, bað- og eldhúsinréttingar undanfarin ár við vaxandi vinsældir, enda um fallegar og vandaðar vörur að ræða. Nýlega hóf ORMSSON í Smáralind svo að bjóða „settu það saman“ sem er ósamsett lína frá HTH. Þessi ósamsetti vöruflokkur HTH gefur fólki tækifæri á að fá enn meira fyrir peninginn – leggja til hæfilega handlagni og dálitinn dugnað og uppskera góðar innréttingar á einstöku verði. Enginn afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara tekið þær með þér heim.

Auglýsingastofla Guðrúnar Ónnu

Settu það saman og notaðu
afganginn í **AEG** eldhústækin!

AEG heimilistæki á **SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**
þegar keypt er HTH innrétting

SETTU ÞAÐ SAMAN

TILBOÐSHELGI Í SM ÁRALIND

AEG
PAKKINN

Einstakt tilboð
á hágæða AEG
heimilistækjum



Tilboð þetta gildir eingöngu í ORMSSON Smáralind í SETTU ÞAÐ SAMAN-HTH



Keramikhellur
Fjórar hraðhitahellur
og snertirofar



Veggháfur í stáli
Einn mótur, hámarksafköst 400 m³/klst.

**AEG háfur
AEG veggofn
AEG hellur
Kr. 99.000.-**

Bakstursofn í stáli
Fjölvirkur ofn með 8 aðgerðum,
létthreinsibúnaði, þreföldu gleri
í ofnhurð og sökknöppum

SAMSUNG

SAMSUNG Á TILBOÐSVERÐI



SAMSUNG LE26A41 – LCD sjónvarp
26" – 149.900 kr.

SAMSUNG LE32A41 – LCD sjónvarp
32" – 199.900 kr.



SAMSUNG PS42V4 – PLASMA sjónvarp
42" – 249.900 kr.



SAMSUNG LW17M24C – LCD sjónvarp
17" – 69.900 kr.

SAMSUNG LW20M24C – LCD sjónvarp
20" – 79.900 kr.

tilboð!

Örbylgjuofn Sharp R 207 800 W 20L Kr. 8.990.-

Ryksugur T2.4 1200 W 20L Kr. 9.990.-

Útlitsgallaðir frysti- og kælikápar á góðu verði!

ORMSSON
SMÁRALIND

OPIÐ:
Laugardag 11–18
Sunnudag 13–18
Sími: 530 2900

Lokað laugardaga í Lágmúla frá maí–júlí



74.900 kr.

AEG

1400 snúninga
Íslenskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar



VIDEO OG DVD SPILARI
SAMSUNG SVDVD440

19.990 kr.

FJÖLDI ANNARRA HELGARTILBOÐA ÞESSA HELGI OG NÆSTU HELGAR

Skælbrosandi baráttujaxl

RAGNAR SVERRISSON KAUPMAÐUR Í JMJ

Ragnar Sverrisson kaupmaður í herrafataversluninni JMJ á Akureyri er maður vikunnar að þessu sinni. Hann hefur drifið áfram verkefnið Akureyri í öndvegi sem lýtur að eflingu miðbæjarins en í dag verða verðlaunatillögum um nýtt skipulag opinberaðar og kynntar.

Ragnar er Akureyringur eins og þeir gerast mestir, hann fæddist í bænum og hefur búið þar alla sína tíð. Æskuheimili hans var í Ránargötunni og þar var líf og fjór enda systkinin átta. Í næstu húsum bjuggu líka miklir og litríkir fjörkálfar, Kennedy-bræðurnir, Samherjafrændurnir og fleiri. Þessi hópur fyllti Ránargötulíðið sem svo var kallað.

Ragnar var þægt og ljúft barn og það kann að þykja einhverjum tíðindi að í æsku bar hann ljóst, hrokkið og mikið hár. Til marks um hve ljúfur hann var má nefna að eldri bræðrum hans varð stundum á að gleyma honum þegar þeir fóru út á tún í fótbolta. Sat hann hinn rólegasti í kerrunni sinni þegar móðir þeirra sendi þá eftir honum.

Ragnar er kvæntur Guðnýju Jónsdóttur og eiga þau fimm börn. Fjölskyldan er samheldin og hafa börnin flest unnið í verslun föður síns til lengri eða skemmri tíma.

Það var reyndar tengdafaðir Ragnars, Jón M. Jónsson, sem stofnaði og rak JMJ og réði tengdasoninn í vinnu. Ragnar hafði þá numið bókband og vann við þá iðn áður en Jón taldi sig geta brúkað piltinn í búðinni. Síðar keypti Ragnar reksturinn.

Hann hefur nú staðið vaktina í versluninni um árabil og er annaðaður fyrir góða þjónustulund. Honum er það hjartans mál að viðskiptavinirnir gangi ánægðir út frá honum enda veit hann sem er að ánægður viðskiptavinur kemur aftur. Fyrir vikið þykir hann feiknagóður kaupmaður en einum viðmælenda blaðsins varð þó að orði að söluhæfileikar Ragn-

ars væru slíkir að það heyrði til undantekninga að menn færu tómhentir út úr búðinni.



Lengst af einbeitti Ragnar sér að rekstri JMJ og hafði sig lítið í frammi á öðrum vettvangi. Fyrir nokkrum árum tók hann að sér formennsku í félagsskap kaupmanna á Akureyri og hefur staðið vörð um hagsmunir verslunar í bænum. Í þeim störfum sem öðrum hefur dugnaður hans nýst vel en Ragnari fellur víst sjaldan verk úr hendi.

Viðmælendum bar ekki saman

um hvort rétt væri að segja Ragnar frekan. Á meðan sumir fullyrtu það vildu aðrir nota hófstemmdari lýsingar á borð við fylginn sér eða ákveðinn. Menn voru á hinn bóginn sammála um að Ragnar Sverrisson væri ofvirkur. Hann tók upp hollari lífshætti fyrir nokkrum árum og við það leystist orka úr læðingi sem bættist við þá sem fyrir var. Orkunni finnur hann svo farveg í störfum sínum í búðinni, fyrir Kaupmannafélagið og í verkefninu Akureyri í öndvegi. Og eins og það sé ekki nóg gengur hann á fjöll til að tæma hugann og hlaða batteríin upp á nýtt.

Ragnar er sagður afar hreinskiptinn í samskiptum við fólk og segir jafnan skoðun sína umbúðalaust.

Honum er vel kunnugt um þennan eiginleika, sem sumir telja kost en aðrir galla, og til að fyrirbyggja misskilning er hann gjarn á að taka fram að hann sé nú bara að segja sína skoðun og meini ekkert illt með orðum sínum.

Það er völlum á Ragnari. Hann er jafnan flottur í taunu og gengur gjarnan með barðastóran hatt sem er annað tveggja einkennismerkja hans. Hitt er brosið. Ragnar er nefnilega oftast skælbrosandi og maður sem hefur unnið náði með honum segist helst halda að brosið sé fast á honum.

Ragnar er ótull og einarður stuðningsmaður íþróttafélagsins Þórs og eins og gengur finnst Þórsurum það mikill kostur en stuðningsmönnum KA finnst það ljóður á ráði hans. Hér í eina tíð hefðu einhverjir KA-menn sjálfsagt sneitt framhá verslun hans enda rangt að eiga viðskipti við andstæðing en slíku er ekki til að dreifa í dag og ganga KA-menn jafnt sem Þórsarar í fótum frá JMJ.

Og Ragnar lætur ekki duga að styðja við bakið á félaginu af áhorfendapöllum, hann hefur styrkt það fjárhagslega og stendur til að mynda að árlegri samkomu þar sem íþróttamaður Þórs er kjörinn.

ekki þá sem einhver daginn gætu sjálfir sest í dómarastól og/eða kastað steinum. Dragbiturinn gæti líka skýrt af ý almennu áhuga- og hefðarleysi íslenskra lesenda eða af markleysi menningarumræðunnar.

Kristrún Heiða Hauksdóttir – kistan.is

LEIÐRÉTTING

Hinn 5. maí urðu þau leiðu mistök að Sigurjóns Sæmundssonar var getið í dálknum afmælisbörn dagsins. Sigurjón lést fyrir skemmstu. Aðstandendur hans og lesendur eru beðnir afsökunar.

Rangt var farið með nafn Höskuldur Jónssonar, forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Helgarblað

DV

VÖGGUDAUÐI

Mæður segja sögu sína



Hefur þú séð DV í dag?



AF NETINU

Lýðræði gölluð útflutningsvara?

Það er óneitanlega töluverð þversögn fólgin í því að ríki sem ráða yfir tugþúsundum kjarnaodda skuli geta réttlætt stríð með tilvísun í ógn sem stafi af ríki sem ekki reyndist ráða yfir geryðingarvopnum af neinu tagi. Ekki er þó minni þversögn fólgin í hinu að þau ríki telji sig umkominn að breiða út lýðræði í heiminum, sem búa við svo meingallað, ranglátt og ólýðræðislegt kosningakerfi að þingmeirihluti starfar ekki í umboði nema 20-30% kjósenda. [...]

En heimsbyggðin situr áfram uppi með glæpamanninn Tony Blair sem forsætisráðherra í Bretlandi. Í skjóli 36,2% þeirra sem nenntu að kjósa í þingkosningum. Meira að segja Hitler hafði meiri stuðning á bak við sig en þetta.

Sverrir Jakobsson – murinn.is

SUMARIÐ ER KOMIÐ Í RÚMFATALAGERINN!



ÓTRÚLEGT
VERÐ!

SPARIÐ
5.000

Jutlandia
Harðvika

SETTIÐ ÁÐUR 24.900,-

19.900,-

„BRADFORD“ BORD + 4 „MARINE“ STÓLAR

Falleg gæðasmíði úr gegnheilum harðvíði, sem þolir íslenska veðrættu. Settið samanstendur af fjórum háum stólum, sem hægt er að leggja saman og áttýrnu borði. Borðið er 110 sm í þvm. Borðið er einnig hægt að leggja saman. Borð 8.990,- Stóll 3.990,-

SPARIÐ
3.960

SPARIÐ
5.060



BORD + 4 STÓLAR

24.900,-

„SANTA FE“ TRÉHÚSGAGNASETT - BORD + 4 STÓLAR

Vönduð húsgagn úr gegnheilum harðvíði. Þola íslenska veðrættu. Í settinu eru 4 stólar með háu baki sem sérlega þægilegt er að sitja í og stórt áttýrnt borð, 85x150 sm. Hægt er að leggja saman bæði stólana og borðið. Borð 12.900,- Stóll 3.990,-

Jutlandia
Harðvika

SPARIÐ
4.860

BORD + 4 STÓLAR

48.000,-

„DAKAR“ BORD + 4 „OREGON“ STÓLAR

Stórt borð með stækkunarplötu ásamt fjórum mjög vönduðum stólum. Glæsilegt sett úr gegnheilum harðvíði. Borð 24.900,- Stóll 6.990,-



BEKKUR + BORD + 2 STÓLAR

24.900,-

„BRISTOL“ GARDHÚSGAGNASETT

Vandað sett úr gegnheilum harðvíði. Bekkur + borð + 2 stólar saman í setti. Sterkt og gott sem þolir vel íslenska veðrættu. Í settinu er 3ja manna bekkur (150 sm langur), 2 stólar og borð sem er 80x150 sm. Borð 9.990,- Stóll 4.990,- Bekkur 9.990,-



BORD + 4 STÓLAR

59.900,-

„TENGAH“ TEKKBORD + 4 „TIMOR“ STÓLAR

Fallegt tekkborð með stækkunarplötu. Stærð 95x150 sm. Fer upp í 95x200 með stækkun. Flottir tekkstólar með örnum og stílanlegu baki, hægt að leggja saman. Virkilega vandað og gott sett fyrir þá allra kröfuhörðustu. Borð 29.900,- Stóll 8.990,-



VERÐ FRÁ

299,-

SESSUR - MIKID ÚRVAL

Sessur fyrir allar gerðir af stólum. Komdu til okkar í Rúmfatalagerinn og kíktu á úrvalið!

-góð kaup

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGID • BADIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



VERÐ FRÁ

590,-

Frumnýningur

Stóra verð



100 ára afmæli Skoda

Í ár eru liðin 100 ár frá því fyrsti Skodinn leit dagsins ljós. Við höldum upp á tímamótin laugardaginn 7. maí. Boðið verður upp á afmælistertu og ís og allir Skodaeigendur fá ókeypis þvott á bílunum sínum.



GullnaStýrið

Skoda Octavia hlaut nýverið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.



SIMPLY CLEVER

launagripinn



Skoda Octavia Combi

1.980.000 kr.



Aukabúnaður á mynd: álfegur

HYTFA HUSP / SIA / 3293

Skoda Octavia Combi

HEKLA frumsýnir nýjan skutbíl, Skoda Octavia Combi, stærri og rúmbetri en nokkru sinni. Útlitshönnun bílsins einkennist af glæsileika, formfegurð og notagildi. Þeir sem setjast undir stýri á Skoda Octavia Combi heillast af sportlegum eiginleikum hans og nútímalegri hönnun. Verðið er eitt það besta sem býðst á sambærilegum bílum.

Nýi bíllinn fæst með öflugum 1,6 og 2,0 FSI[®] bensínvélum og 1,9 TDI[®] dísilvél.

Opið laugardag frá kl. 11 til 16



HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.035 -0,32% Fjöldi viðskipta: 200
Velta: 947 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Nýherji 1,64%
Actavis 1,26%
Össur 0,62%

MESTA LÆKKUN

↓ Bakkavör -1,76%
Jarðboranir -1,01%
Atorka -0,99%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,20 +1,26% ... Atorka 6,00 -0,99% ... Bakkavör 33,40 -1,76% ... Burðarás 13,80 - ... FL Group 14,30 - ... Flaga 5,25 - ... Íslandsbanki 13,40 -0,37% ... KB banki 535,00 -0,37% ... Kögun 62,40 - ... Landsbankinn 16,20 -0,61% ... Marel 55,20 -0,54% ... Og fjarskipti 4,14 -0,24% ... Samherji 12,10 - ... Straumur 11,75 -0,84% ... Össur 81,00 +0,62%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Íslandsvinirnir í Skandia

Fleiri en Burðarás og KB banki virðast sjá tækifæri í sænska fjármálafyrirtækinu Skandia. Samkvæmt Dagens Industri hafa finnski bankinn Sambo, fjármálamaðurinn Sven-Olof Johansson og sjeik Mohammed Al-Amoudi verið að kaupa hluti í Skandia.

Blaðið veltir fyrir sér hvað menn séu að spá í Skandia. KB banki og Burðarás neita því að samvinna sé á milli íslensku fyrirtækjanna í hluthafahópi Skandia og Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðarás, segir að félagið sé undirverðlagd og það sé ástæða kaupa Burðarás. Blaðið hefur það eftir sérfræðingum að líkur séu á því að þessi kaup leiði til hræringa og yfirtökutilrauna.

Skolaðist til hjá Times

Bresk blöð hafa almennt tekið þá skýringu Derek Lovelock, forstjóra Mosaic, að höfuðástæða skráningar hér á landi sé sú að fyrirtækið verði stór fiskur í litilli tjörn hér á landi, en myndi tynast á breska markaðnum. Times skrifaði þó í fyrstu frétt

að Mosaic hefði snúið sér hingað til lands eftir að hafa fengið kuldalegar viðtökur á breska markaðnum. Aðstandendur Mosaic segja að þarna hafi eitt-hvað skolast til hjá blaðamanni Times, sem var tjáð að möguleikar hefðu verið skoðaðir, en niðurstaða ráðgjafar hefði verið að íslenski markaðurinn hentaði betur fyrirtæki af þessari stærð.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Eignaverðsvísitala KB banka hefur hækkað um 24 prósent á síðustu tólf mánuðum. Milli febrúar og mars hækkaði hún um eitt prósent. Eignirnar sem heyra undir vísitölunni eru um þrjú þúsund milljarða virði.

Vinnslustöðin hagnaðist um 459 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi í ár samanborið við 271 milljón á sama tímabili í fyrra.

Breska **FTSE** hlutabréfavisitalan hækkaði um 0,34 prósent í gær. Í Þýskalandi hækkaði **DAX** um 0,27 prósent.

Mikil hækking var á verði hlutabréfa í Japan í gær. **Nikkei** vísitalan, sem mælir gengi stærstu félaga í kauphöllinni í Tókýó, hækkaði um 1,73 prósent.



BRYNJÓLFUR BJARNASON FORSTJÓRI SÍMANS Síminn seldi í Straumi um leið og gott tilboð barst.

Síminn selur í Straumi

Ætlaði aldrei að vera hluthafi.

Síminn hefur selt 2,7 prósent hlut í Straumi fjárfestingarbanka hf. og nam söluhagnaðurinn um 700 milljónum króna fyrir skatta. Söluhagnaðurinn er færður á fyrsta ársfjórðungi 2005 en hluturinn var seldur í lok mars.

Brynjólfur Bjarnason, for-

stjóri Símans, sagði ástæðu söluinnar vera þá að aldrei hefði staðið til að Síminn ætti hlutabréf í Straumi. Þau hafi því verið seld um leið og gott tilboð barst.

Brynjólfur segir Símann hafa átt hlut í tuttugu fyrirtækjum sem runnu inn í Íslenska hugbúnaðarsjóðinn sem seinna sameinaðist Straumi og þannig varð Síminn hluthafi í Straumi. - dh

Úrvalsvísitalan heldur áfram að lækka

Vísitalan hefur lækkað fimm viðskiptadaga í röð. Sérfræðingar telja að um leiðréttingu á hlutabréfa-verði sé að ræða og líta frekar björtum augum á framhaldið. Uppgjörstölur gefi ekki tilefni til mikilla lækkana.

Hlutabréfamarkaðurinn hefur verið að gefa eftir á síðustu dögum eftir miklar hækkanir allt árið. Úrvalsvísitalan náði hámarki þann 27. apríl síðastliðinn þegar hún endaði í



HLUTABRÉF LÆKKA Úrvalsvísitalan hefur gefið eftir í maí eftir samfellda hækkingu frá áramótum. Talið er líklegt að fjárfestar séu að innleysa gengishagnað. Mat sérfræðinga er að aðstæður á markaðnum séu góðar og búast þeir við áframhaldandi hækkingum.

4.137 stigum en við lok markaðarins í gær stóð hún í 4.035 stigum og hefur því lækkað samfellt síðustu fimm viðskiptadaga.

Uppgjör átta félaga af fimmtán sem mynda úrvalsvísitölu Kauphallarinnar hafa verið birt. Þau hafa almennt verið á áætlun nema uppgjör Íslandsbanka, sem var langt undir væntingum markaðarins. Greiningardeild Landsbankans gekk svo langt að segja að uppgjörið hefði verið slakt. Uppgjör KB banka, Og fjarskipta og Straums voru í góðu samræmi við væntingar og árshlutatölur frá Bakkavör voru mjög góðar og hækkaði félagið mikið í kjölfar þeirra.

Jafet Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar hf., telur að lækkanir síðustu daga skýrist aðallega af því að markaðurinn sé að leiðrétta sig eftir miklar hækkanir að undanförunu. Sjálf uppgjörin skýri ekki lækkanir síðustu daga. „Markaðurinn fór allt of bratt upp á

við og því eru margir fjárfestar að leysa út hagnað eftir m i k l a r hækkanir.“ Einnig bendir hann á að krónan hafi

veikt talsvert undanfarið og verið geti að veiking krónunnar beini fjárfestum í þá átt að selja hlutabréf. Atli B. Guðmundsson hjá greiningu Íslandsbanka tekur í sama streng, að um leiðréttingu sé að ræða, enda séu flest uppgjörin í takt við spár. „Það eru engar einfaldar skýringar fyrir lækkunum síðustu daga,“ segir Atli og bætir því við að lækkanirnar eigi sér stað í litlum viðskiptum.

Bæði Atli og Jafet eru sammála um að undirliggjandi aðstæður séu góðar á hlutabréfamarkaðinum. Íslandsbanki spáði því í byrjun apríl að úrvalsvísitalan myndi hækka um 25-30 prósent á árinu og samkvæmt því gæti hún átt inni allt að 10 prósent hækkingu. „Við sjáum fram á að úrvalsvísitalan hækki áfram þótt það verði í mun minni mæli en oft áður,“ segir Atli.

Jafet bendir á að ársfjórðungurinn hafi farið við af stað og horfur í atvinnumálum séu mjög góðar. Fréttir af KB banka og Bakkavör hafi verið jákvæðar og almennt standi markaðurinn vel. Honum líst vel á að erlendir aðilar sýni Kauphöllinni áhuga. „Mér finnst mjög jákvætt að Mosaic Group ætli sér inn á íslenska markaðinn og er ég nokkuð viss um að fleiri erlend félög fylgi í kjölfarið,“ segir Jafet.

eggert@frettabladid.is

Fáðu meira með Opel

Opel Astra á aðeins **11.975 kr.** á mán*

Fylgir

Ný heilsársdekk

Nýjar álfelgur

12.000 kr. bensínkort frá EGO



Aðeins 6 bílar!
Komdu núna og fáðu meira!

Söluverð 595.000 kr. og miðast við 100% bílasamning til 60 mánaða.

Notaðir bílar

Ingvar Helgason

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Fengur býður í ríkisflugfélag Litháa

Tap var á rekstri félagsins í fyrra.

Eignarhaldsfélagið Fengur hefur gert tilboð í litháíska flugfélagið Lithuanian Airlines, sem er alfaríð í eigu litháíska ríkisins. Fengur er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar. Þrír litháískir fjárfestar gerðu tilboð í félagið auk Fengs.

Pálmi er bjartsýnn á að tilboð Fengs verði ofarlega á lista í útböðinu vegna þess að fyrirtækið eigi fyrir flugfélögin Sterling og Iceland Express og mikill áhugi sé fyrir nánara samstarfi við Skandinavíu.

Velta Lithuanian Airlines á síðasta ári var um fimm milljarðar króna og jókst hún um 10 prósent milli ára. Tap síðasta árs var um 200 milljónir króna en niðurfærsla á eignum skýrir að hluta til tapið í fyrra. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði og afskriftir var um 60 milljónir. Lithuanian Airlines flutti rúmlega 400 þúsund farþega í fyrra og gerir félagið ráð fyrir 30 prósentu aukningu farþega á þessu ári.

Pálmi gerir ráð fyrir að mikið sé hægt að spara í rekstri Lithuanian Airlines og bendir á að starfsmenn félagsins séu um 700.

- dh

SPRON kaupir í Allianz

SPRON hefur keypt 80 prósent hlut í Hringi eignarhaldsfélagi, sem á tryggingafélagið Allianz Ísland hf. Seljendur eru meðal annars Baugur Group, sem átti 65 prósent í Hringi, en Sparisjóður Kópavogs mun áfram eiga 20 prósent í félaginu.

„Við teljum að Allianz sé góður fjárfestingarkostur og ætlum að halda óbreyttri starfsemi,“ segir Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON. Aðspurður um kaupverð segir Guðmundur að það sé trúnaðarmál.

- eþa



RÓBERT GUÐFINNSSON Stjórnarformaður Þormóðs ramma.

Ramminn af markaði

Enn eitt sjávarútvegsfélagið verður afskráð úr Kauphöll Íslands en í gær tilkynntu stjórnendur og stærstu eigendur Þormóðs ramma - Sæbergs á Siglufirði að þeir hefðu gert með sér samkomulag um stjórnun félagsins. Eftirtaldir aðilar standa að tilboðinu: Gunnar Sigvaldason, Marteinn Haraldsson ehf., Ólafur H. Marteinson, Marteinn B. Haraldsson, Haraldur Marteinson, Rúnar Marteinson, Ráeyri ehf., Svavar Berg Magnússon og Unnar Már Pétursson, sem samantlagt eiga 65 prósent hlutfjár. Allt bendir til þess að Þormóður rammi verði fjórða sjávarútvegsfyrirtækið sem fer af markaði á þessu ári. Íslandsbanki sá um fjármögnun yfirtökunnar.

- eþa



FRÉTTAHLAÐIÐ/STEFJÁN

Flugskóli einkavæddur

Hlutur ríkisins í Flugskóla Íslands hefur verið seldur til Flugtaks, Air Atlanta og Flugskólans. Flugskóli Íslands, sem varð til með setningu laga um skólann, er nú einkavæddur með öllu. Skólinn var stofnaður í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi kennslu til atvinnuflugs í landinu.

Auk ríkisins tóku Flugleiðir hf., Air Atlanta, Íslandsflug hf. auk flugskólanna Flugtaks og Flugmenntar þátt í stofnun og uppbyggingu skólans.

- dh



BORÐSTOFUBORÐ OG 6 LEÐURSTÓLAR

BORÐLENGD 180SM

BORÐSTOFUSETT

NÚ 90.000 KR.

ÁÐUR 150.000 KR.



TICKER



PISA



TICKER

LEÐURSÓFAR OG LEÐURSTÓLAR

3JA SÆTA	86.800 KR.	ÁÐUR 124.000 KR.
2.5 SÆTA	75.600 KR.	ÁÐUR 108.000 KR.
STÓLL	51.800 KR.	ÁÐUR 74.000 KR.

PISA

LEÐURSÓFAR OG LEÐURSTÓLAR

4RA SÆTA	103.600 KR.	ÁÐUR 148.000 KR.
3JA SÆTA	86.800 KR.	ÁÐUR 124.000 KR.
STÓLL	59.500 KR.	ÁÐUR 85.000 KR.

TEKK

COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Lokað vegna breytinga

Opnum aftur mánudaginn 9. maí



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

UMMÆLI VIKUNNAR

„Stuðningsmenn mínir eru auðvitað að reka skítblanka kosningabaráttu.“

Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, á heimasíðu sinni 3. maí.

„Hvort [er] í raun áhrifameira að stjórna Garðabæ eða Byko?“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni 30. apríl.

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Púað á Sturlu í eigin kjördæmi

Akurnesingar fóru ekki leynt með vonbrigði sín í garð Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra á borgarafundi um samgöngumál á Skaganum á dögunum, þrátt fyrir að hann ætti að vera á heimavelli, enda Akranes í hans kjördæmi. Helstu umræðuefni á fundinum voru veggjald í Hvalfjarðargöngin og Sundabraut. Fullt hús var á fundinum, þrátt fyrir að á sama tíma færi fram bein útsending á leik Chelsea og Liverpool enda mikið kappsmál fyrir Skagamenn að þrýsta á að veggjald um Hvalfjarðargöng verði afnumið. Sturla mætti harðri gagnrýni Skagamanna fyrir áætlun sína í samgöngumálum og var púað á hann úr salnum hvað eftir annað. Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans, virðist hins vegar í miklu uppáhaldi hjá Skagamönnum og var nánast klappað fyrir honum í hvert sinn sem hann opnaði munninn. Enda ekki skritið, því hann er meðal þeirra

sem á heiðurinn af því að koma á fyrirhuguðum strætisvagnsamgöngum milli höfuðborgarinnar og Akraness – sem Skagamenn eru að sjálfsögðu í skýjunum yfir.

Rútbílstjórar ánægðir

Ekki eru allir jafnóánægðir með samgönguráðherra og Skagamenn því félag hópbifreiðaleyfishafa sendi á dögunum frá sér ályktun þar sem lýst var ánægju yfir „því lofsverða framtaki samgönguráðherra Hr. Sturlu Böðvarssonar að bjóða út öll sérleyfi á Íslandi nú á árinu 2005“. Hópbifreiðaleyfishafar segja að með þessu sé samgönguráðherra að „brjóta blað í samgöngusögu í okkar Íslendinga“. Framtak hans gefi tilefni til að virk samkeppni myndist á þessum markaði.

2-1 fyrir Ingibjörgu

Fyrirverandi ráðherrar eru nú farnir að blanda sér í kosningaslag Ingibjargar Sólrúnar Gísla-

dóttur og Össurar Skarphéðinssonar. Sig-hvatur Björgvinsson reið á vaðið með langri og ítarlegri stuðningsyfirlýsingu við Össur. Henni svaraði Jón Baldvin Hannibalsson með því að lýsa yfir stuðningi sínum við Ingibjörgu Sólrúnu. Jón Sigurðsson fetaði í fótspor fyrirverandi samstarfsmanna sinna fyrr í vikunni og sendi frá sér lofsamlega grein um Ingibjörgu Sólrúnu þar sem hann segir meðal annars: „Í Njálu er tveimur kvenskörungum sögunnar, þeim Bergþóru og Hildigunni, lýst svo að þær hafi verið drengir góðir. Það er efasamt að jafnrétti karla og kvenna verði betur viðurkennt. Ingibjörg Sólrún hefur sýnt í verki að hún er drengur góður.“ Staðan er því 2-1 fyrir Ingibjörgu.



VIKA Í PÓLÍTÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

Undanhald íhaldsins



Niðurstöður kosninganna í Bretlandi komu engum á óvart. Þótt Verkamannaflokkurinn sigli mikinn ólgusjú um þessar mundir og Tony Blair sé óvinsælli en nokkru sinni fyrr gat ekkert komið í veg fyrir sigur. Þetta er sögulegur áfangi í þekktum stjórnmálum og jafnvel þótt flokksystkin Blairs vilji nú losna við hann er ljóst að sagan mun minnst Blairs sem mikils kraftaverkamanns.

Staðan í Bretlandi nú er ekki ósvipuð því sem hún var undir lok valdatíma Margrétar Thatcher. Þá virtist sem ekkert fengi nokkru sinni stöðvað sigurgöngu íhaldsmanna og hver leiðtogi stjórnarandstöðunnar á fætur öðrum lá í valnum. Baráttan virtist vonlaus.

Nú hefur taflinu hins vegar verið snúið við og einhvern veginn hefur íhaldsmönnum tekist að grafa algjörlega undan ímynd sinni. Áður fyrr var íhaldsflokkurinn tákinn um stöðugleika, ábyrgð og stjórnfestu. Verkamannaflokkurinn þótti hafa ágætari hugmyndir en almenningi datt ekki í hug að máta leiðtoga hans við Downing-stræti 10. Þeir einfallega pössuðu ekki. Nú er það hins vegar Michael Howard sem passar ekki í forsætisráðherra-stólinn.

Á Íslandi er Sjálfstæðisflokkurinn í víðlíka stöðu og Verkamannaflokkurinn. Leiðtogar Sjálfstæðisflokksins, einkum þeir Davíð, Geir og Björn, hafa yfir sér valdmannsbrag og jafnvel þótt kjósendur séu ekki alltaf sammála þeim teljast þeir passa betur í ríkisstjórnarstólana en til dæmis Össur, Steingrímur og Jóhanna. En þessi staða getur skolast til á nokkrum árum.

Með pólitískum sigrum breytist yfirbragð og ára stjórnmálamanna. Embættið skapar manninn í pólitík – og embættisleysið líka. Þetta er hluti af ötta sjálfstæðismanna við öflugla leiðtoga í Samfylkingunni. Sjálfstæðismenn hafa séð hvernig veran í minnihluta í Reykjavík hefur grafið undan sjálfstrausti flokksmanna. Fólk sem hefði orðið að pólitískum risum í meirihluta virðist koma niður í minnihlutanum í Reykjavík á sama hátt og frambærilegir stjórnmálamenn í stjórnarandstöðu virka máttlitir í sínu sífellða kvabbi og slag um athygli á Alþingi.

Risarnir í Verkamannaflokknum barma sér nú yfir árangri sem þeir hefðu hoppað hæð sína yfir fyrir nokkrum árum og íhaldsmenn fagna sigri yfir því sem fyrir áratug hefði þótt afhróð. Á meðan íhaldsmenn finna ekki foringja sem almenningi finnst passa á Downing-stræti mun þetta halda áfram. Hið sama gildir vitaskuld í pólitískri baráttu á Íslandi.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA Frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið er eitt þeirra mála sem rætt er um að afgreiða á þessu þingi.



VALGERÐUR SVÆRRISDÓTTIR IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA Stefnt er að því að afgreiða tvö af frumvörpum viðskiptaráðherra fyrir þinglok, samkeppnismálafrumvarpið og vatnalögin.

Óvíst hvaða frumvörp á óskalistanum verða afgreidd

Í hönd fara samninga-
leitanir stjórnarliða og
stjórnarandstöðu um af-
greiðslu nokkurra stjórn-
arfrumvarpa. Ljóst er að
óskalistinn verður ekki
allur afgreiddur sem lög.
Frumvörp um samkepp-
ismál, Ríkisútvarpið og
vatnalög eru meðal
þeirra sem rætt er um að
fái afgreiðslu áður en
þinghaldi lýkur.

Stjórnarliðar þurfa í dag og næstu daga að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna á Alþingi um afgreiðslu mála áður en þinghaldi lýkur. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, hefur sagt að þinghaldi ljúki á miðvikudag í næstu viku.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru forgangskröfur stjórnarliða ekki fyllilega ljósar þegar nefnda- og þingfundir hefjast í dag. Fáein mál eru engu að síður nefnd öðrum fremur.

Í fyrsta lagi er nefnt stjórnarfrumvarp um samkeppnismál. Búast má við

langri og strangri umræðu um samkeppnismálin, en að minnsta kosti tvö nefndarálit og breytingatillögur við frumvarpið frá meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar hafa borist inn á borð þingmanna á síðustu dögum. Málið er til annarrar umræðu og ræðutími óheftur nema um annað verði samið.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar geta hæglega rætt samkeppnismálin klukkustundum eða dögum saman semjst ekki um hömlur á ræðutíma.

Í öðru lagi er rætt um að afgreiða frumvarp um Ríkisútvarpið sem lög á þessum síðustu dögum þingsins. Fundir hafa verið tíðir í menntamálanefnd og unnið er að breytingum á frumvarpinu.

Gunnar I. Birgisson, formaður menntamálanefndar, hefur engan bilbug látið á sér finna, kallar álitsgjafa fyrir nefndina og gefur fyrirheit um að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á frumvarpinu nú um helgina. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snúa þær ekki síst að réttindamálum starfsmanna Ríkisútvarpsins þar sem ætlun-

in er að breyta rekstrarformi þess. Þá blasir við að segja þarf starfsmönnum upp og endurráða þá. Slíkt getur falið í sér flækjur varðandi áunnin réttindi þeirra.

Benda má á alvarlegar athugasemdir lögfræðings BSRB við frumvarpið nú í vikunni. Þá er ekki víst að eining sé um frumvarpið meðal stjórnarliða að óbreyttu en það þarf þó ekki að tefja afgreiðslu þess. Frumvarpið um Ríkisútvarpið og samkeppnismálin eru bæði til annarrar umræðu og ræðutíminn þá ótakmarkaður nema um annað semjst.

Frumvarp um endurskoðun vatnalaga er á óskalista stjórnarliða og vilji þeirra stendur til þess að afgreiða það á yfirstandandi þingi. Lögin taka á eignarhaldi á vatni, vatnsnýtingu og vatnsréttindum og geta meðal annars snert álitamál varðandi vatnsaflsvirkjanir í landinu.

Ef frá eru talin frumvörp sem lengra eru á veg komin og minni ágreiningur er um er á þessari stundu varla við því að búast að áðurgreind frumvörp verði öll afgreidd sem lög á því þingi sem lýkur að óbreyttu á miðvikudag.

johannah@frettabladid.is

Sýning í dag!



Sýnum í dag frá kl. 12 til 17 nýjustu hjólin frá Ducati. Verið velkomin að Malarhöfða 2a, Fiat og Alfa Romeo salurinn. Ducati umboðið á Íslandi

DUCATI



ANNIR FYRIR ÞINGLOK Frumvarp um samkeppnismál, Ríkisútvarpið og endurskoðun vatnalaga er meðal þess sem á að reyna að klára fyrir þinglok.

Vaxtalaus verðsprengja

í Hagkaupum Smáralind og Akureyri

Hágæða örpunn sjónvarpstæki

United 27" LCD Sjónvarp með móttakara

- 27" LCD Skjár
- Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með progressive scan
- Skerpa: 600:1
- Birta: 500 cd/m2
- Sjónsvið: 170°
- 2x7w SRS surround hljóðkerfi með 2 hátölurum
- 2 scart tengi, component (YPbPr) og DVI tengi
- Tölvutengi
- AV og heymartólstengi að framan
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd): 81x44,5x11



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
8.332 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 99.984,-
Verð áður 149.990,-

United 15" LCD Sjónvarp með móttakara

- 15" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 1024x768 punktar
- Textavarp og nicam stereó hljóðkerfi
- Inngangar: Scart með RGB, SVHS, AV
- Útgangar: Scart, RCA og heymartól
- PC-Inngangur
- Fjölkerfa móttaka
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 38x36x6



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
3.330 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 39.960,-
Verð áður 49.990,-

Dantax 20" LCD Sjónvarp

- 20" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 16ms
- Textavarp og stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, AV og SVHS og heymartólstengi
- PC-Inngangur
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 61,7x45x7,8



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
4.999 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 59.988,-
Verð áður 79.990,-

Selma áritar í Hagkaupum Smáralind í dag!

Selma mun árita geisladisk með Eurovisionlaginu "If I had your love" í Hagkaupum Smáralind kl. 15:00 – 16:00 í dag. Geisladiskurinn fæst með fjórpakka af Coke eða Coke light á 999 krónur.



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
9.999 kr
á mán. í 20 mánuði
Verð nú 199.980,-
Verð áður 249.990,-

United 42" Plasma Sjónvarp með móttakara

- 42" HD plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1
- Birta: 640 cd/m2
- Progressive scan
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmitilegast að versla



ÞÚ GETU VERTU MEÐL

ALLT AÐ
15%
AFSLÁTTUR

Intersport tryggir þér alltaf besta verðið* - þar að auki geta meðlimir í Club INTERSPORT áunnið sér allt að 15% afslátt í formi inneignar sem viðkomandi fær greidda með ávísun.

SPENNANDI CLUB-TILBOÐ

eru í gangi allt árið - fyrir club INTERSPORT meðlimi, þú færð nýjustu vörurnar á besta verðinu.

FORGANGUR Á ÚTSÖLUR OG SÉRSTÖK CLUB-KVÖLD

Club INTERSPORT meðlimir fá forgang á allar útsölur og club-kvöld 4-6 sinnum ári, þar sem hægt er að gera frábær kaup.

MEIRI FRÍÐINDI

Club Intersport meðlimir njóta sérkjara hjá ýmsum aðilum og á íþróttaviðburði, námskeið ofl. Einnig gefst þeim kostur á skemmtilegum ferðavinningum.

*100% VERÐVERND sjá www.intersport.is

Þú getur sótt um aðild
í CLUB INTERSPORT
í verslunum Intersport
og á www.intersport.is



SLÖKUN Í BLÁA LÓNINU

Club Intersport meðlimir fá 2 fyrir 1 í Bláa Lónið

ÞU GERT MEIRA! LEIÐMUR Í CLUB INTERSPORT

INTERSPORT



← VALID THRU

FERÐ TIL KØBEN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



Iceland Express >>

CLUB-LEIKUR INTERSPORT OG ICELAND EXPRESS

Allir Club INTERSPORT meðlimir sem verslað hafa í Intersport á árinu fara sjálfkrafa í pott og eiga möguleika á að vinna ferð í Tívolið í Køben fyrir alla fjölskylduna með Iceland Express. Þrjár heppnar 4 manna fjölskyldur munu fara í fjölskylduferð, og fá flug, gistingu og miða í tívolí, dregið verður úr pottinum 20. júní, 18. júlí og 22. ágúst.

 **INTERSPORT®**

GARY COOPER (1901-1961)
fæddist á þessum degi.



„Þar til ég kom til sögunnar voru öll aðalhlutverkin leikin af myndarlegum mönnum, en sem betur fer er til nóg af sögum um meðaljóninn.“

Bandaríski leikarinn Gary Cooper er ein skærasta kvikmyndastjarna allra tíma og vann meðal annars Óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt í vestránu sigilda *High Noon*.

TÍMAMÓT

timamot@frettabladid.is

ÍSLENDINGABÓK

Hver var Álfheiður Guðlaug?

Veit einhver deili á Álfheiði Guðlaugu Briem, sem bjó með eiginmanni sínum Valdimar Sigurði Briem kennara á Laufásvegi 6 í Reykjavík árið 1930?

Í manntalinu 1930 kemur fram að þau hafi gift sig árið 1928. Álfheiður er sögð fædd 29. júní árið 1896 í Ólafsvík en finnst ekki þar í kirkjubók og heldur ekki í sóknarmannatalinu í Ólafsvík 1897. Samkvæmt manntalskrá Reykjavíkur kom hún frá Kaupmannahöfn í maí 1930 og fór aftur utan árið 1932. Í Kennaratalinu er Valdimar Sigurður Briem hins vegar sagður ókvæntur og barnlaus.

Peir sem kunna að hafa upplýsingar um viðkomandi eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við starfsfólk Íslendingabókar með tölvupósti á netfangið islandingabok@islandingabok.is, í síma 540 7496 eða með því að skrifa bréf til Íslendingabókar, Þverholti 18, 105 Reykjavík.

MERKISATBURÐIR

- 1824** Níunda sínfónía Beethovens er frumflutt í Vín.
- 1832** Grikkland verður sjálfstætt ríki.
- 1912** Columbia-háskóli í New York kemur Pulitzer-verðlauninum á laggimmar.
- 1915** Þýskur kabátur grandar farþegaskipinu Lusitanu. Tólf hundruð fórust.
- 1940** Winston Churchill verður forsætisráðherra Bretlands.
- 1951** Bandaríska varnarliðið kemur til landsins en varnarsamningurinn var undirritaður tveimur dögum áður.
- 1957** Helen Keller kemur í heimsókn til Íslands.
- 1978** Jarðgöngingur í Oddsskarði eru vígð.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.


Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

TÍMAMÓT: ÁRNI GAUTUR ARASON PRÍTUGUR

Fjölskyldan óvænt í heimsókn

Árni Gautur Arason, landsliðsmarkvörður Íslands í knattspyrnu og atvinnumaður hjá norska liðinu Vålerenga, er þrítugur í dag en hefur lítinn tíma til að halda upp á stórafmælið þar sem hann verður í eldlínunni gegn Bodø-Glimt í norsku úrvalsdeildinni á morgun. „Ég ætlaði mér ekki að gera neitt sérstakt en síðan komu mínir nánustu í heimsókn mjög óvænt á fimmtudaginn. Það er nokkuð sem þau höfðu skipulagt án minnar vitundar og auðvitað mjög skemmtilegt. En það er leikur á morgun svo að það verður eitthvað rólegt upp á teningnum í kvöld,“ sagði Árni Gautur í léttum dúr þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær að tilefni af tímamótunum.

Árni Gautur kveðst lítið hafa gert af því í gegnum tíðina að halda upp á afmælið en hann sló þó upp veislu þegar hann varð 25 ára. „Það var engin stór veisla þegar ég var tvítugur og það verður heldur ekki núna þegar ég er þrítugur. Ætli ég láti ekki verða af þessu þegar ég verð fertugur. Þá verð ég örugglega hættur í boltanum og hef þar af leiðandi tíma til að standa í þessu,“ segir Árni. Hann kveðst ekki vera farinn að kvíða fertugsaldrinum. „Þetta er nú bara eitt ár en engu að síður er það talsverð breyting að sjá fyrst töluna þrjá í aldrinum sínum. Kannski kemur einhver krísa um helgina, en ég býst nú ekki við henni,“ segir Árni og hlær. Hann segist ekkert vita hvað hann langi mest í í afmælisgjöf. „Kærastan mín er einmitt búin að spyrja mig mikið þessarar spurningar en það er fátt um svör,“ segir Árni, sem býst þó ekki við öðru en að hún færi honum pakka í dag. „Hún verður að gefa mér eitthvað. Annars verð ég svekktur.“ ■



ÁRNI GAUTUR ARASON Árni leggur það ekki í vana sinn að fagna stórafmælum en ætlar að bæta úr því eftir áratug þegar farið verður að hægjast um.



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarþug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Sigurlaug Arnórsdóttir

Smárahvammi 16, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Borgarspítalans fyrir hlýtt viðmót og góða umönnun.

Guðrún Axelsdóttir

Solveig Axelsdóttir

Hrönn Axelsdóttir

Axel Kristján Axelsson

Svavar Haraldsson

Guillermo Rito

Anna Eiríksdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, tengdasonur og afi,

Helgi Hermannsson

stýrimaður, Heiðarbraut 1c, Keflavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 4. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

Valdís Þórarinsdóttir

Hermann Helgason

Jóhann Þór Helgason

Pétur Örn Helgason

Jón Halldór

Áslaug Ólafsdóttir

Jóhanna Valtýsdóttir

og barnabörn

Steinunn Ýr Þorsteinsdóttir

Særún Rósa Ástþórsdóttir

Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Soffía Axelsdóttir

Hermann Helgason

Þórarinn Brynjar Þórðarson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, tengdafaður, afa og langafa,

Jörundar Kristinssonar

skipstjóra, Foldasmára 11, Kópavogi.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki á krabbameinsdeild 11E, LSH Hringbraut og á líknardeild LSH Kópavogi fyrir mjög góða umönnun og mikinn hlýðug.

Auður Waagfjörd Jónsdóttir

Kristinn Jörundsson

Kristín Bára Jörundsdóttir

Jón Sævar Jörundsson

Alda Guðrún Jörundsdóttir

Anna Sigríður Jörundsdóttir

Jörundur Jörundsson

barnabörn og barnabarnabörn

Steinunn Helgadóttir

Eiríkur Mikkaelsson

Rita Sigurgarðsdóttir

Jóhann G. Hlöðversson

Bjarni Kr. Jóhannsson

Áslaug Hreiðarsdóttir

Vínarbrauð í Öskjuhlíð

Útvarpsþátturinn *Út um græna grundu* á Rás 1 fagnar tíu ára afmæli í dag. „Þetta er þáttur sem fjallar um útivist, náttúru og ferðalög í víðum skilningi,“ segir Steinunn Harðardóttir, sem hefur haft umsjón með þættinum frá upphafi. „Við fjöllum um staðhætti, landslag, mannlíf og hvaðeina sem rekur á fjörur okkar tengt ferðalögum.“

Í tilefni dagsins verður þátturinn sendur út beint frá Öskjuhlíð. „Bjarki Steingrímsson, félagi minn í þættinum, ætlar að leika á harmóníku og það verður í fyrsta sinn sem stef þáttarins er ekki leikið af Stefáni Jökulssyni. Við ætlum að virða fyrir okkur þær breytingar sem hafa orðið á Öskjuhlíðinni undanfarinn áratug, tala um fugla, sögulegar minjar og auðvitað skipulag.“

Þátturinn hefst eftir níufréttir. Borðum og stólum verður komið fyrir í Öskjuhlíðinni og þeim sem vilja er velkomið að lita við og þiggja kaffisopa eða vínarbrauð. ■



STEINUNN HARÐARDÓTTIR Hefur haft umsjón með þættinum frá upphafi og ætlar að beina sjónum að Öskjuhlíðinni í tilefni dagsins.

ANDLÁT

Haraldur Eggertsson, rafverktafi, lést sunnudaginn 24. apríl. Bálfor hans fór fram í kyrrþey.

Jochum Magnússon lést í Svíþjóð sunnudaginn 1. maí.

Aðalsteinn Janus Sveinþósson, Sólheimum 25, Reykjavík, lést miðvikudaginn 4. maí.

JARÐARFARIR

13.00 Aðalsteinn Grétar Guðmundsson, Aðalstræti 71a, Patreksfirði, verður jarðsungið frá Patreksfjarðarkirkju.

13.30 Ingólfur Pálsson, rafvirkjameistari, Réttarheiði 4, Hveragerði, verður jarðsungið frá Hveragerðiskirkju.

14.00 Helga Friðrika Stígisdóttir, Hlíf 1, Ísafirði, verður jarðsungið frá Ísafjarðarkirkju.

14.00 Jóhanna Jóhannsdóttir, Maragötu 2, Vogum, verður jarðsungið frá Kálfatjarnarkirkju.

14.00 Kristín Stefánsdóttir, Hnappavöllum, Örafum, verður jarðsungið frá Hofskirkju í Örafum.

14.00 Ragnar Þór Jörundsson, frá Hellu, Steingrímshlíð, verður jarðsungið frá Akureyrarkirkju.



8. maí – kl. 14.00-17.00

Afmælishátíð í Fífuunninu



Glæsileg afmælishátíð í tilefni af 50 ára afmæli Kópavogs

- ▶ Ávarp bæjarstjóra.
- ▶ Skólahljómsveit Kópavogs.
- ▶ Samsöngur barnakóra Kópavogs.
- ▶ Nylon og Idolstjörnur.
- ▶ Frumflutningur á vinningslögum úr samkeppninni um „Kópavogslagið“.
- ▶ Ríó Trío.
- ▶ Sigurvegarar úr söngkeppni félagsmiðstöðva.
- ▶ Ávaxtakarfan.
- ▶ Leiktæki.
- ▶ Afmælisterta.
- ▶ Sýning á ljósmyndum af öllum leik- og grunnskólabörnum í Kópavogi.

50
KÓPAVOGUR
1955–2005

Flensufaraldur óumflýjanlegur

Heilbrigðisyfirvöld og stofnanir um heim allan búa sig undir yfirvofandi heimsfaraldur nýs influensustofns. Sérstakt eftirlit er með fuglaflensu í Asíu. Stofn hennar er þekktur fyrir að stökkbreytast auðveldlega en það myndi marka upphaf farsóttar.

Verður komið í veg fyrir heimsfaraldur influensu? Nei, segja sérfræðingar og telja einn slíkan geta brostið á þá og þegar. Influensufræðingar eru þó sammála um að skipulögð alifuglaslátrun í Hong Kong árið 1997 þar sem upp kom fuglaflensa hafi ef til vill afstýrt slíkum faraldri, að því er fram kemur í upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Þó svo að fuglaflensan sé hættuleg og fólk geti smitast af henni smitast hún ekki á milli manna. Mesta hættan liggur í að fuglaflensuveiran nái að breyta sér þannig að til verði nýr stofn sem svo geti geisað um heiminn. Heimsfaraldrar influensu hegða sér með öðrum hætti en sú flensa sem fólk á að venjast að komi hér upp á hverjum vetri, því ekki er hægt að segja til um hvenær ósköpin skella á, alheimsfaraldrar geta komið á hvaða árstíma sem er.

Vegna þess að faraldurinn verður til eftir stökkbreytingu á flensuveiru ríkir mikil óvissa um hversu langan tíma tekur að búa til bóluefni við nýju flensunni. Þá gera nútímasamgönguhættir það að verkum að heimsfaraldurinn

getur borist um heiminn með áður óþekktum hraða.

Til marks um hversu alvarleg ógn nýr flensustofn er má nefna að influensufaraldurinn sem fór um heiminn árin 1918 til 1919 varð fleirum að bana en létust í fyrri heimsstyrjöldinni, á milli 40 og 50 milljónum manna, samkvæmt upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Faraldurinn er ýmist nefndur Spánarveikin eða spænska veikin og barst hingað til lands í október 1918. Á fyrsta hálfu mánuðinum eftir að veikin kom upp í Reykjavík er talið að tíu þúsund manns hafi smitast, en á þeim tíma bjuggu í bænum um fimmþúsund manns. Í Öldinni okkar er áætlað að yfir 300 manns hafi látist úr veikinni á landinu öllu og um 260 í Reykjavík.

Flensufaraldurinn árið 1918 hefur verið lýst sem skaðlegasta faraldri sem sögur fara af, en á einu ári dóu í heiminum fleiri af völdum Spánarveikinnar en á þeim fjórum árum sem Svarti dauði geisaði, 1347 til 1351.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur í nokkur ár haft nokkrar áhyggjur af yfirvofandi



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



SJÚKRABÚÐIR Í BANDARÍKJUNUM
1918 Þegar Spánarveikin geisaði í Bandaríkjunum árið 1918 var sums staðar brugðist við með því að slá upp tjaldbúðum sem bráðabirgðasjúkrahúsi. Hætt er við að ámóta flensa sem upp kæmi nú myndi á skömmum tíma lama allt athafnalíf í fjölda landa um allan heim.

heimsfaraldri og fylgst grannt með þróun mála á þeim svæðum þar sem fuglaflensa hefur komið upp. Til þess að fuglaflensuvírusinn geti stökkbreytt í hættulegri útgáfu þarf hann að berast í svokallaðan millihýsil, en það gæti til dæmis verið svín, eða maður. Á fundi framkvæmdastjórnar

KJÚKLINGAR Samkvæmt upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eru hænsnfuglar sérstaklega viðkvæmir fyrir ákveðnum hættulegum stofnum flensuveirunnar. Þessir stofnar geta smitast í fólk, en ógna ekki heimsbyggðinni allri nema þeir nái að stökkbreytast þannig að þeir smitist manna á milli.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf 24. janúar síðastliðinn voru öll aðildarríki stofnunarinnar hvött til þess að koma á og virkja viðbúnað vegna yfirvofandi heimsfaraldurs. Viðbúnaðurinn á að miða að því að draga úr heilsutjóni og efnahagslegum og félagslegum afleiðingum faraldurs. Þá voru aðildarríkin hvött til að huga að framleiðslu influensubóluefnis og koma sér upp varabirgðum influensulyfja.

Hér á landi vinnur Landlæknisembættið að endurskoðun á drögum um viðbúnaðaráætlun við heimsfaraldri. Verið er að meta þá kosti sem fyrir hendi eru brjótist faraldur út og ekkert bóluefni sé tiltækt í upphafi. Áætlunin er unnin í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Evrópusambandið og Norðurlöndin.

olikt@frettabladid.is

UPPSAFNAÐAR TÖLUR UM FÓLK SMITAD AF FUGLA-FLENSU AF A-STOFNI (H5N1) SÍÐAN Í JANÚARLOK 2004.*

Land/svæði	Fjöldi tilvika**	Dauðsföll
Kambódía	4	4
Tailand	17	12
Viet Nam	68	36
Alls:	89	52

*HEIMILD:

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2. maí 2005.

**Dauðsföll eru talin með í fjölda tilvika. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur bara tilfelli staðfest á tilraunastofu.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Martin Lawrence og Will Smith fara á kostum í magnaðri spennumynd.

BAD BOYS II

Í kvöld kl. 21:30



SONY PICTURES

GOTT FÓLK MCGANN

Síðasta mannslát af völdum fuglaflensu:


Tvítug stúlka dó í Kambódíu

Heilbrigðisyfirvöld í Kambódíu staðfestu í byrjun síðustu viku að tvítug kona úr Kampot hér-æði sem dó á spítala í Ví-etnam 19. apríl hafi verið fjórða fuglaflensutilvik í landinu sem lagðist á fólk.

Konan var framhaldsskólanemi frá Kompong Trach umdæminu í Kampot, en þar kom einnig upp fyrsta fuglaflensutilvik í febrúar sl. Í sýnum úr konunni fannst fuglaflensuvírus af A/H5 stofni, en greining fór fram hjá Pasteur stofnuninni í Ho Chi Minhborg í Víetnam.

Starfsfólk á vegum heilbrigðisráðuneytis Kambódíu hefur haldið í þorpið þar sem konan stundaði nám, stundað rannsóknir og upprætt nemendur. Þá kannar landbúnaðarráðuneyti landsins umfang og orsakir alifugladauða í námunda við skólann.

Fuglaflensuvírusinn er af A-stofni influensuveirunnar og var fyrst greindur á Ítalíu fyrir meira en hundrað árum síðan, að því er fram kemur í gögnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Talið er að allar tegundir fugla geti sýkst af fuglaflensu þó svo að næmi tegunda geti verið eitthvað misjafnt. Einkenni sýkingar í fuglum geta verið mismunandi eftir eðli hennar, allt frá vægum krankleika til bráðsmitandi og bráðdrepani sjúkleika. Alvarlegustu tilvikin einkennast af því að þau ber brátt að, fuglarnir verða mjög veikir og deyja fljótlega. Þá getur dánartíðnin nálgast 100 prósent. Þekktir eru 15 undirflokkar af



influensuvírusnum sem leggjast á fugla. Hingað til hafa alverleg tilvik sem upp hafa komið verið af völdum influensu af A-stofni, af undirflokkunum H5 og H7.


Farfluglar meðal andfugla, sér í lagi villtar endur, eru hið náttúrulega forðabúr influensuvirusa, en um leið sýna þessar tegundir fugla mest viðnám við sýkingu. Kjúklingar og kalkúnar til manndis hafa hins vegar reynt sérlega viðkvæmir fyrir faröldrum bráðdrepani influensu.

Vísindamenn hafa sérstakar áhyggjur af undirstofni flensunnar sem nefnist H5N1. Sá stökkbreyttist hratt og hefur tilhneigingu til að innlima gen úr vírusum sem leggjast á aðrar dýrategundir. Stofninn getur smitast í fólk og verið banvænn. Fuglaflensufaraldurinn sem hófst um miðjan desember 2003 í Kóreu og hefur greinst víðar um Asíu er af H5N1 veirustofninum. Aukin útbreiðsla fuglaflensunnar ýtir undir að smit í fólk, eða aðrar dýrategundir, geti átt sér stað og þar með undir stökkbreytingu vírusins. Verði þannig til stofn sem smitast getur milli manna markar það upphaf nýs heimsfaraldurs influensu.

- Óká

Heimsfaraldur verður til

1. Fuglaflensan er viðvarandi í andfuglum.
2. Ákveðnir flensustofnar geta lagst þungt á hænur og kalkúna.
3. Hænsnfuglaafbrigðið getur borist í menn, eða önnur dýr á borð við svín og hesta.
4. Til getur orðið stökkbreytt útgáfa sem þá er nýr flensustofn sem getur smitast á milli manna og orðið að heimsfaraldri.



Bílastæði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Auðveldara aðgengi, aukin þjónusta,
einfalt að greiða

10.05.2005

Frá og með 10. maí 2005
verða öll bílastæði við
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
gjaldskyld.

Flugstöðin leggur áherslu á gott framboð af bílastæðum fyrir alla sem þangað koma og býður nú stórbætt aðgengi í öruggu og þægilegu umhverfi, allan sólarhringinn.

Liður í þessari bættu þjónustu er fjölgun bílastæða ásamt uppsetningu gjaldmæla og eftirlitsmyndavéla á almennum stæðum.

Ítarlegar leiðbeiningar um greiðslufyrirkomulag er að finna við bílastæðin. Einfalt að greiða hvort sem er með greiðslukorti eða reiðufé.

Norðrið kynnt í austri

Viska náttúrunnar er meginþema Heimssýningarinnar Expo 2005 sem nú stendur yfir í Japan. Í fyrsta sinn í 35 ár kynna Norðurlöndin sig saman og hefur **Kristín Ingvarsdóttir** umsjón með norræna skálanum. Búist er við tólf milljón gestum á sýninguna það hálf ári sem hún stendur.

Nýliðinn aprílmánuður var annasamur hjá Kristínu Ingvarsdóttur og samstarfsfólki hennar í Norræna sýningarskálunum á Expó 2005. Þjóðadagur Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar voru haldnir í apríl og af því tilefni heimsóttu ríkisarfarar ríkjanna þriggja Japan heim.

„Þetta er allt mjög geðþekkt fólk,“ segir Kristín um hina eðalbornu og maka þeirra. Fulltrúi Svíþjóðar var Viktoría prinsessa, Hákon prins kom frá Noregi og Friðrik prins og María Elísabet frá Danmörku.

Dóttir Kristín sé vitaskuld Íslendingur er hún fulltrúi Norðurlandanna í Japan og þegar hún notar orðið „við“ á hún við Norðurlöndin öll.

„Ég verð að viðurkenna að ég var mjög stolt af norrænu ríkisörfunum okkar. Þau eru öll mjög frambærileg, tala mörg tungumál og svara vel fyrir sig.“

Japanskir fjölmiðlar sýndu kóngafólkinu mikinn áhuga og framkoma þess kom blaðamönnum á óvart. Alþýðlegheitin voru meiri en japanska pressan á að venjast af fólki í slíkum stöðum, þau heilsuðu almenningi með handabandi og spjölluðu við börnin sem stóðu með þjóðfánana.

Þá var öllum spurningum svarað blátt áfram. „Norski krónprinsinn er nýgiftur og ungur faðir og fékk margar persónulegar spurningar um stöðu sína, verkaskiptinguna á heimilinu og lífið almennt. Öllu þessu svaraði hann eftir bestu samvisku,“ segir Kristín og bætir við að heimsóknir þessara tignu gesta hafi verið afar ánægjulegar.

Íslendingadagur 15. júlí

Finnski þjóðadagurinn verður haldinn á fimmtudag og þessa

dagana beinast kraftar Kristínar að undirbúningi hans. Íslandsdagurinn verður svo 15. júlí og vitaskuld mikið um dýrðir. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra verður heiðursgestur og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fer fyrir fjölmennri sendinefnd listanna.

„Menningin verður í forgrunni en þó blöndum við henni saman við annað, líkt og við höfum gert á öðrum þjóðadögum,“ segir Kristín.

Í hinum sameiginlega sýningarskálunum Norðurlandanna er lögd áhersla á kynningu þess sem norrænt er en síður á sérkenni hverrar þjóðar fyrir sig. Það er aðeins í fordyrinu að sagt er frá löndunum í máli og myndum en þegar komið er inn í skálann sjálfan er allt samnorrænt. Og meðal íslenskra muna á sýningunni eru íþróttasíður Morgunblaðsins, handprjónað teppi og munir af íslenskum heimilum.

Að auki eru einstaklingar frá öllum Norðurlöndunum kynntir og frá Íslandi varð Ingi Jóhann Guðmundsson útgerðarmaður fyrir valinu. Sagt er frá daglegu lífi hans í stuttri mynd og ljósmyndir úr fjölskyldualbúinu sýndar.

„Umhverfisþemað sem var valið fyrir Expo í ár er líka undirliggjandi þema hjá okkur. Við kynnum það nýjasta á sviði orkunýtingar og þar er til dæmis vindorkunotkun Dana kynnt, vatnsorkunotkun Norðmanna og jarðvarmanotkun Íslendinga.“

Allt innanstokks er flutt inn beint frá Norðurlöndunum þannig að skálinn er að sögn Kristínar mjög sannur sem slíkur. „Allt frá parkettinu að gjafapappírnum sem er notaður í minjagripaversluninni var sérstaklega flutt hingað fyrir sýninguna.“



NORRÆNAR STAÐREYNDIR SKOÐAÐAR Sameiginlegur skáli Norðurlandanna á Heimssýningunni í Japan hefur vakið athygli gesta og fjölmiðlafólks, að sögn Kristínar Ingvarsdóttur.

FJÖLBREYTTUR HÓPUR LISTAFOKLS skipar íslensku menningarsendinefndina sem tekur þátt í Íslandsdeginum 15. júlí: Caput tónlistarhópurinn, myndlistarmaðurinn Halldór Ásgrímsson, Kvartett Sigurðar Flosasonar ásamt Kristjönu Stefánsdóttur og popphljómsveitin Bang Gang. Þá verður flutt nýtt víðamikilt verk, Bergmál, eftir Ragnhildi Gísladóttur og Sjón í samvinnu við þekktasta slagverksleikara Japans, Stomu Yamashita. Flytjendur auk þeirra þriggja verða Sigtryggur Baldursson, Barnakór Biskupstungna og Skólakór Kársness en stjórnendur verða Þórunn Björnsdóttir kórstjóri og Hilmar Örn Agnarsson organisti.

Daglegt líf vekur forvitni

Það er sérstakt við Expo í ár að gestgjafarnir, Japanir, kosta alla skálana, ólíkt því sem áður hefur tíðkast. Það var svo í höndum hverrar þjóðar fyrir sig að innréttu og nýta skálana eins og fólk hafði ráð og hugmyndaflug til.

Að sögn Kristínar hefur Norræni skálinn vakið mikla athygli meðal gesta og á dögnum var sett met í gestakomu, 12.500 komu þangað á einum degi. Á

þeim rúma mánuði sem sýningin hefur staðið hafa rúmlega 250 þúsund gestir komið í skálann.

Hún segir Norðurlöndin hafa jákvæða mynd í Japan og flestir þekki eitthvað til landanna. „Litla hafmeyjan í Kaupmannahöfn er til dæmis vel þekkt en gestum finnst hvað mest spennandi að sjá hvernig umhorfs er á heimilum Norðurlandabúa. Fólk vill sjá og vita hvernig fjölskyldurnar hegða sér heima fyrir og

hvernig daglega lífið gengur fyrir sig.“

Kristín segist hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð við skálanum frá fjölda gesta og fjölmiðlafólks. Hann þygi afar norrænn og andrúmsloftið hlýlegt. „Fjölmargir staldra lengi við hjá okkur og svo eru margir sem koma aftur og aftur. Okkur hefur tekist að búa til þægilega stemningu sem fólk sækist í.“

bjorn@frettabladid.is

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

BFGoodrich  **MICHELIN**

...einfaldlega betri!



SPARADU PENINGA

DEKKJA LAGERINN

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

755 3355

Dekkjalagerinn er nú á 11 stöðum um land allt!

DEKKJA LAGERINN Skeifunni 3c 108 Reykjavík	DEKKJA LAGERINN Viðarhöfða 6 110 Reykjavík	DEKKJA LAGERINN Smíðjuvegur 6 200 Kópavogi	DEKKJA LAGERINN Melabraut 24 220 Hafnarfirði	DEKKJA LAGERINN Íðavöllum 8 230 Keflavík
DEKKJA LAGERINN Flugumýri 16 270 Mosfellsbæ	DEKKJA LAGERINN Sólhaka 8 310 Borgarnesi	DEKKJA LAGERINN Njardarnesi 1 603 Akureyri	DEKKJA LAGERINN Míðási 23 700 Egilsstöðum	DEKKJA LAGERINN Víkurbraut 4 780 Höfn
FÖLKSBIÐLADEKK	JEPPADEKK	FÖLKSBIÐLADEKK	JEPPADEKK	FÖLKSBIÐLADEKK

Japan er góður og spennandi staður

Kristínu Ingvarsdóttur hefur liðið vel í Japan í þau tæpu sjö ár sem hún hefur búið þar. Áhuginn á landi og þjóð greip hana strax eftir stúdentsprófi.

„Ég verð búin að vera hér í sjö ár þegar Expó lýkur í haust,“ segir Kristín, sem líkar vistin í þessu framandi landi mjög vel. Eftir að hafa lokið stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík langaði hana að læra eitthvað um Japan og önnur Asíulönd og hélt til Danmerkur. Þar vann hún í eitt ár en fór svo í fjögurra ára nám til Kaupmannahafnar sem var blanda af alþjóðlegu viðskiptanámi og Japansfræðum.

„Þegar ég hafði fengið smjörþefinn af Japan og var búin að læra um toppinn á Ísjakanum þurfti ég auðvitað að fara á staðinn. Ég fékk styrk frá japanska menntamálaráðuneytinu til að setjast á skólabeck í Japan og kom hingað haustið 1998.“

Kristín fékk í fyrstu styrk til eins og hálfars dvalar en hann hefur verið framlengdur í tvígang, fyrst til náms til meistaraþrófs í japanskri samtímasögu og svo til doktorsþrófs.

Meðfram námi var Kristín fréttaritari Ríkisútvarpsins í Japan og leiðsagði japönskum ferðamönnum um Ísland.

Og hún lætur vel af landi og þjóð. „Þetta er spennandi og góður staður og að mörgu leyti mjög þægilegur, þótt Tókýó geti stundum verið svolitíð yfirþyrmandi. Ég hef margar ástæður til að vera hér áfram,“ segir hún himinsæl með lífið og tilveruna.

KRISTIN INGVARSDÓTTIR Fyrir framan Norræna skálann á Expo-sýningunni.





Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 4.39 13.24 22.12
 AKUREYRI 4.09 13.09 22.12
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 7. maí,
 127. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég fór í stafsetningarpróf í gær og nú get ég sko leiðrétt allt sem pabbi og mamma segja.



Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 5

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**SMÁAUGLÝSINGAR
 Á 995 KR.**

**PÚ GETUR PANTAÐ
 ÞÆR Á visir.is**



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR MATUR **BÍLAR** ATVINNA BRÚDKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.

allt

bílar o.fl.

Nýr BMW 3 frumsýndur

BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Sólrún Dröfn á einstaklega flottan bíl sem vekur alls staðar athygli.

Strákastelpa á blæjubíl

Sólrún Dröfn Helgadóttir ekur um á brjálæðislega flottum sportbíl með blæju. Fólk rekur upp stór augu þegar það sér stelpu undir stýri.

„Já, það er eins og fólk finnst einkennilegt að stelpa keyri svona bíl,“ segir Sólrún Dröfn og finnst það auðvitað alveg fáránlegt. „Ég hef alltaf verið hálfgerð strákastelpa með bíladellu og finnst æðislegt að vera á flottum bíl. Ég er líka löggiltur bílsali og kannski finnst fólk þá líka skrytíð.“

Bíl Sólrúnar Drafnar er af gerðinni Chevrolet Camaro árgærd '95. „Þetta er einn með öllu, mótörhjólagrár og eini bíllinn í þessum lit. Vélin er 350 LT1 og hásingin 10 bolta Chevy-hásing með diskalæsing og drifhlutföllin 3.40:1. Svo er hann leðurklæddur að innan og græjurnar eru meiri-háttar, Pioneer-geislaspilari, 700 W Boss-magnari og 12" TypeR-keilur frá Alpine.“

Sólrún segist ekki vera mikið ofan í vél-arhlífinni á bílnum þótt hún geti gert það helsta eins og að skipta um bremsuklossa, olíu og dekk. „Aðalkikkid er að keyra bílinn, hann er svo ljúfur og þýður að maður finnur ekkert fyrir hraðanum.“

Sólrún er ekki óvön því að vekja athygli á bílnum sínum því Skodinn sem hún átti vakti alls staðar óskipta athygli. „Hann var fyrsti sportarinn sem ég átti en ég lét sprauta hann í mjög sérstökum grænum lit. Hann var líka einn af fyrstu „kittuðu“ bílunum.“ Þótt skammt sé liðið á sumar er Sólrún þegar farin að hafa blæjuna niðri. „Það er langt í frá kalt, maður situr í skjóli og það er bara hlýtt og notalegt.“

Sólrún er á kafi í hestamennsku og er að temja fyrir fólk. „Ég hef alltaf verið í hestamennsku og er að temja eftir vinnu. Svo er ég ofsalega áhugasöm um nýstofnaðan bíla-klúbb sem heitir Bling Bling og vona að ég hafi fljótlega tíma til að sinna því áhugamáli.“

edda@frettabladid.is

**LIGGUR Í LOFTINU
 í bílum**

Nýr Skoda Octavia Combi skutbíl verður frumsýndur hjá Heklu í dag. Nýi bíllinn er stærrí og rúmbetri en fyrirrennari hans. Hann er búinn öflugum 1.6 og 2.0 FSI vélum og 1.9 og 2.0 TDI dísilvélum. Verðið á bílnum er frá 1.980.000 krónum.



100 ára afmæli Skoda verður fagnað á sérstökum Skoda-degi í Heklu í dag, laugardaginn 7. maí en fyrsti Skoda bíllinn var framleiddur árið 1905. Boðið

verður upp á afmælistertu og ís og er öllum Skoda-eigendum boðinn ókeypis bílapvottur. Opið verður í Heklu, Laugavegi 174, frá kl. 11 til 16.

Toyota er vinsælasta bílategundin í heiminum í dag samkvæmt nýlegri könnun. Þar á eftir koma Volkswagen og Hyundai. Hérlendis er málum svipað háttað þar sem Toyota hefur lengi verið söluhæsta bílategundin á Íslandi. Á vef bílgreina-sambandsins getur að líta á sölutölur fyrir þetta ár og þar ber Toyota höfuð og herðar yfir keppinauta sína, með 22,95% nýskráðra bifreiða.

bilar@frettabladid.is



Við í Ljósheimum bjóðum ykkur velkomin á Ljósheimadag – Opið hús sunnudaginn 8 maí kl. 13-18

Í Ljósheimum starfa heilarar, nuddarar, nálastungufræðingur, höfuðbeina- og spjaldhryggssjafnarar og hómópati. Fjöldi áhugaverðra námskeiða allan ársins hring.

Á Ljósheimadegi er boðið upp á prufutíma hjá þeim er starfa í Ljósheimum gegn vægu gjaldi auk þess sem heilunarpýramídi er uppi. Ávalt er áhugaverð dagskrá í sal, tehuðið okkar sneisafullt og kristallasýning að venju.

Nánari upplýsingar má finna á www.ljosheimar.is

Verið öll hjartanlega velkomin

Ljósheimar Brautarholti 8, 2.hæð t.v.
www.ljosheimar.is
 síma 551-0148

Sjúkrakassi

Sjúkrakassi ætti að vera í hverjum bíl, sérstaklega þegar fólk er á ferðalögum. Hægt er að kaupa tilbúna kassa eða litlar sjúkratöskur í apótekum og víðar sem auðvelt er að stinga undir sætið í bílnum.



TOYOTA-þjónusta

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÐDUNNS

CABAS Verkstæði Tjónaskoðun fyrir tryggingafélögin

Réttum og málum allar tegundir bíla

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI AF BÍLGREINASAMBANDINU

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 - 554 2590 · www.bilasprautun.is

Sláttuvélarnar eru komnar í hús

Flottar vélar - frábær verð

SENTINEL

Alle þekjja hina landsfrægu vara-
hluta- og viðgerðisþjónustu okkar.

HVELLUR.com
.. í einum gránum

G. Tómasson ehf. · Smíðuvegi 8, Kópavogi · sími: 577 6400 · www.hvellur.com · hvellur@hvellur.com

GH RÉTTINGAR ehf.

Bilaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Sími: 587-2330 · Faxi: 587-9444 · gh@retttingar.is

Tjónaskoðun

Við réttum og málum fyrir þig

CABAS verkstæði

VINNUM EFTIR CABAS-KERFINU

CABAS verkstæði

MÚLI
Bílaframléiðing og smíðing

www.muli.is

VÉLASTILLING S.F.

AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar með fullkomnum stillitækjum

Tjónaskoðun, bílreiðaréttingar og sprautun

CABAS

Alhliða réttingar og sprautun
Fránreggjar stafrættun
CABAS Tjónaskoðunarkerfi
Þjónustumeðil Hæðir

BÍLREIÐAVERKSTÆÐI
JÓNASAR

Skemmuvegur 46 · 200 Kópavogur
Sími 557 1430 & 587 1430 · Fax 587 0087
Netfang: jonasar@jonasar.is

ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN

SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066



Herbergi Birgis er veggfóðrað af Formúlu 1 plakötum.

Formúlu 1 áhuginn kviknaði út frá tölvuleik

Bílar og sport er nýlegt bíla-tímarit sem kemur út mánaðarlega. Birgir Þór Harðarson er aðeins fimmtán ára en skrifar um Formúlu 1 í blaðinu enda algjör formúlufræðingur. Birgir hefur í nógu að snúast enda kann hann ekki að segja nei.

„Rosalega ertu fullorðinslegur. Ertu ekki bara fimmtán ára?“ spyr blaðakona furðu lostin þegar Birgir svarar í símann. „Jú, ég heyrir mjög oft að ég sé fullorðinslegur. Ég er líka með svo djúpa rödd,“ segir Birgir og hlær.

Birgir hefur verið veikur fyrir bílum alla tíð og þegar hann var sjö ára kunnir hann flestöll nöfn bílaframléiðanda heimsins utan að. „Ég man eftir fyrstu kynnum mínum af Formúlu 1. Það var sumarið 1999. Þabbi var að horfa og ég gekk inn í stofu og sá einn bílinn taka eina beygju og fussaði og sveiaði,“ segir Birgir, sem er samt harður Formúlumaður í dag. „Áhuginn á formúlunni kviknaði um haustið 2000

þegar ég fékk tölvuleik í gjöf sem heitir Formula One 2000. Ég hef náttúrulega alltaf haft mikinn bílaáhuga og kappaksturinn var næsta skref.“

Sumarið 2001 tók Birgir upp á því að búa til tímarit sem hann kallaði F1-fréttir og var eingöngu um formúluna. Þegar leið á veturinn var Birgir búinn að eyða nógu bleki úr prentara föður síns þannig að hann bjó til vefsetrið F1 Center sem var upphaflega allt á ensku og hýst á frú vefsvæði. Í fyrrasumar einfaldaði Birgir vefsvæðið og snarði því yfir á íslensku. „Go.is voru svo góðir að hýsa síðuna frítt fyrir mig á f1center.go.is. Ætlunin er auðvitað að græða kannski smá pening á þessu einhvern daginn en það kemur allt í ljós.“

Það mætti halda að blaðamennskan og vefsíðan væru nóg fyrir Birgi en svo er aldeilis ekki. „Ég er ósköp venjulegur unglingur. Ég ber út blöð, fer reglulega í sjoppuna með vinum mínum, er á fullu í félagsstarfi í skólanum og æfi sund með keppnishópi sundfélagsins Ægis, sem hefur reyndar setið aðeins á hakanum að

undanförnu. Ég kann ekki að segja nei. Ég tek alltaf að mér allt of mikið og enda stundum á því að gera tvennt í einu. En ég geri alltaf mitt besta og ef ég fæ tækifæri verð ég að grípa það. Stundum fer ég oft á dag á Formúlu 1 síður á netinu og uppfæri vefsvæðið mitt stöðugt. Svo fer mikill tími í heimildavinnu fyrir greinarnar í Bílar og sport, þannig að það er nóg að gera,“ segir Birgir, sem er staðráðinn í því að læra fjölmiðlafræði í útlöndum eftir stúdentspróf.

En er bílaáhugamaðurinn ekki búinn að kaupa sér bíl þótt hann vanti tvö ár í sjálft prófið? „Ég var kominn með aðra höndina á bíl sem ég ætlaði að safna mér fyrir en hann var keyptur frá mér. Ég er náttúrulega eins og aðrir unglingar – kann ekki að safna. En mig langar í gamlan, helst gangfæran, Land Rover. Það væri fint að hafa ár til að gera við hann þannig að ég gæti farið beint á götuna þegar ég fæ prófið. Ég fæ reyndar æfingarakurstursleyfi í sumar og hlakka mikið til þess.“

lilja@frettabladid.is

KÄRCHER

Háþrýstidælar fyrir heimili
hesthús - verkstæði

Diskur á palla - stöttur

K 7.80

K 5.80
K 6.80

K 2.75 með hlíu

RAFVER HF

Fjölbreytt úrval

SKEIFAN 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVERGRAPVERJIS - WWW.RAFVERJIS

VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmiða

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. · Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 · www.vikurvagnar.is



Nýi þristurinn er bæði lengri og breiðari en fyrirrennarinn.

Ný BMW 3 lína frumsýnd

SÖLUHÆSTA LÍNAN FRÁ UPPHAFI.

B&L frumsýnir nýja BMW 3 línu nú um helgina. Þetta er fimmta kynslóðin af 3 línunni og er smíðuð á nánast nýjum grunni að utan og innan. „Nýja línan er þannig bæði lengri og breiðari en fyrirrennarinn og því með alveg nýtt útlit auk þess sem innanrýmið er mun meira. Þrátt fyrir aukna stærð helst eigin þyngd línunnar óbreytt milli kynslóða, þar sem bíllinn er nú smíðaður úr léttari og höggþolnari stálblöndu,“ segir Karl Óskarsson sölustjóri.

Vélarar eru einnig nýjar og og kemur bíllinn með 211 ha bensínvél, 163 ha díselvél og sex strokka 258 ha bensínvél og er sú síðastnefnda jafnframt sú fyrsta frá BMW sem er gerð úr léttmálmunum áli og magnesíum. „3 línan hefur frá upphafi verið söluhæsta lína BMW, eða alveg frá því hún kom fyrst á markað árið 1975 og er því í augum margra hinn eini sanni BMW,“ segir Karl. „Helsta sérstaðan felst í aksturseginnleikum, sem eru sér á báti. Með nýtt fjöðrunarkerfi, enn betri stöðugleikastýringu og sex girja er óhætt að fullyrða að nýja 3 línan sé í dag búin fremstu aksturseginnleikum sem völ er á. Þeir kröfuhörðustu geta einnig reynt ýmsar áhugaverðar nýjungar eins og Active Steering viðbragðsstýrið. Af öðrum nýjungum má nefna lykillausan aðgang og ræsingu, þráðlaust simkerfi og adaptive beygjulljós.“

Nýja 3 línan verður í boði í fjórum útgáfum; 320i, 320d, 325i og 330i. Grunnverð er kr. 3.150.000.

KIA vex hratt

SALAN Á ÍSLANDI FJÓRFALDAST.

Kia Motors Corporation er sá bílaframleiðandi sem nú er í örustum vexti á heimsvísu.

Fyrirtækið var stofnað árið 1944 og er elsta bílasmiðja Kóreu. Kia er hluti af Hyundai-Kia Automotive Group og hefur sett sér það markmið að verða í hópi bestu bílaframleiðenda heims. Kia rekur 16 framleiðslu- og samsetningarverksmiðjur í 13 löndum og þar eru smíðaðir alls 1,1 milljón bílar á ári hverju. Umboð og seljendur eru í alls 155 löndum. Hjá Kia vinna nú um 30.000 manns og árlegar sölutekjur fyrirtækisins eru um 14 milljarðar bandaríkjadala.

Á þessu ári hefur orðið mikil söluaukning á KIA á Íslandi. Bílaumboðið Hekla tók við KIA umboðinu fyrr á þessu ári. Alls hafa verið skráðir 147 KIA bílar á árinu og hefur salan rúmlega fjórfaldast frá því á sama tíma í fyrra. Mest hefur verið selt af jeppunum, Sorento og Sportage.

Öruggustu bílarnir í Svíþjóð

Saab 9-5 og Saab 9-3 Hatchback eru taldir öruggustu bílarnir í skýrslu sem gefin er út af sænsku tryggingafélagi.

Saab 9-5 og Saab 9-3 Hatchback teljast öruggustu bílar í Svíþjóð samkvæmt nýrri rannsókn á sviði umferðaröryggismála. Stærsta tryggingafyrirtæki Svíþjóðar, Folksam, lét gera rannsóknina.

Skýrsla Folksam, „Ekur þú í öruggum bíl?“, er gefin út á tveggja ára fresti og byggjast niðurstöður hennar á mati á meiðslum fólks sem lent hefur í umferðarslysum í Svíþjóð. Rannsóknin nær til 138 mismunandi bíltegunda. Saab 9-5 og 9-3 Hatchback hljóta verðlaun Folksam sem öruggustu bílarnir vegna þess að akstur þeirra er talinn hafa minnsta hættu á meiðslum í för með sér.

Niðurstöðurnar byggja á



Saab 9-3 kemur vel út úr rannsókn sem gerð er af stærsta tryggingafélagi Svíþjóðar á öryggi bíltegunda.



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Það er að koma vetur

„Áttu einhvern pening, Einar?“ spurði lögregluþjónninn og hélt áfram að skrá niður upplýsingar af ökuskírteininu mínu. Það var um hávetur fyrir meira en tíu árum síðan. Snjónum kyngdi niður og skyggni var nánast ekkert. Ég var að dóla á innanbæjarhraða úr sumarbústað og sá ekki vegamótin fyrr en rétt áður en ég kom að þeim. Hálfan var of mikil og bíllinn skautaði yfir og út af hinum megin án þess að ég réði neitt við neitt. Og af því að ég er fæddur undir mjög spaugsamri heillastjörnu endaði þetta allt með smá árekstri. Fyrsta umferðaróhappið mitt. Og nú vildi löggan líka grennslast fyrir um bankainnstæðuna svo hún vissi hvað sektin ætti að vera há, eða hvað?

„Eee... já, eitthvað þínu,“ svaraði ég. „Gott. Ég held þú ættir að nota hann til að kaupa ný dekk,“ sagði löggan og kvaddi.

Ég labbaði að bílnum og skoðaði dekkinn. Í bylnum sýndist mér að þau væru af fjórum mismunandi gerðum. Að minnsta kosti. En öll jafn ónýt. Eins og aðrir ungir ökumenn hafði ég ekki úr miklum pening að móða en ljóst var að útgjöld voru óumflýjanleg.

Þann 14. apríl síðastliðinn áttu síðustu nagladekkinn að vera komin undan bílum landsmanna. Dekkjaverkstæði landsins eru því vel birg af notuðum vetrar- og nagladekkjum og hagsýnir ökumenn geta fengið heilleg dekk á góðu verði, jafnvel míkrokorin og/eda negld.

Til að losna við að sitja í biðröð í marga klukkutíma þegar fyrsti snjórinn lætur sjá sig gæti jafnvel verið sniðugt að fara á stúfana núna og kaupa vetrardekk fyrir næsta vetur. Hver veit nema hægt sé að fá þau á vortilboði svo að verkstæðin losni við að geyma dekkinn í sumar? Og þú losnir við að löggan fari að hnýsast í fjármálin hjá þér næsta vetur.

Útvegum Ford F150, F250 og F350 á frábæru verði



Útvegum hús og aðra aukahluti. Þjódum ávallt hagstæðustu verðin. Útvegum alla bíla frá Usa.

Örugg þjónusta hjá löggiltum bifreiðasala. 11 ára reynsla. Uppl. í s. 897-9227 www.is-band.is



SMURSTÖÐIN

Vogar

20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205



SÍMI 577 1313 • kistufell@kistufell.com

Gæðavara á góðu verði



Pakkningar og pakkningasett.



Vatnsdælur.

www.kistufell.com



Spyrnur, spindilkúllur og stýrisendar.



Tímareimasett.

Einnig ventlar, tímareimar, olíudælur, knastásar og knastásasett.



www.kistufell.com

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

HJARTAR

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.

TOYOTA
ÞJÓNUSTA



Smíðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Traust dráttarbeisli

Ásetning á staðnum.



Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Iðnaðarhurð til sölu

Verð 75 þús. auk vsk.

Hæð 3800mm breidd 4700mm

(4 flekar m/glugg)

Upplýsingar veitir Gunnlaugur í síma 825-2282.

Bílakerrur



Kerrur af ýmsum stærðum og gerðum.

Verð frá 135.705 kr.

ÍSHLUTIR

Gylflöt 32, 112 Reykjavík, sími 575 2400

Nýr jeppingur frá DaimlerChrysler

BIFREIÐIN VERÐUR FRAMLEIDD Í ÞÝSKALANDI – EKKI BRASÍLÍU.

DaimlerChrysler ætlar að framleiða nýja bifreið í verksmiðju í Bremen í Norður-Þýskalandi en það er liður í áætlun bílaframleiðandans um að stækka flotann.

DaimlerChrysler er þýsk-amerískur framleiðandi og jafnframt sá fimmti stærsti í heiminum. Framleiðandinn hefur áhuga á að bæta jeppingi við

bílaflota sinn og valið stóð á milli framleiðslustaða í Brasilíu og Þýskalandi. Framleiðandinn valdi Þýskaland til að sýna heiminum að landið væri góður staður fyrir bílaframleiðslu. Í verksmiðjunni í Bremen eru 13.700 starfsmenn en fyrirtækið getur ekki sagt til um hvenær framleiðsla á nýja jeppingnum hefist.

Mercedes Benz er framleiddur hjá DaimlerChrysler í Þýskalandi.



Albert Albertsson selur sniðuga hjólkoppa sem snúast ekki með dekkinu.

ÖKU SKOULINN Í MJÓDD

Aukin ökuréttindi

Kynning á nýrri námskrá verður haldin
Þriðjudaginn 10. maí 2005 kl. 20.00

Ökuskólinn í Mjódd
Sími 567-0300

Parabakka 3 109 Reykjavík
Netfang mjodd@bilprof.is
www.bilprof.is

Snúast ekki með dekkinu

Það er hægur vandi að koma auglýsingum og merkingum fyrir á sérstökum hjólkoppum sem fara aldrei á hvolf.

„Um leið og þú tekur af stað er hjólkoppurinn kyrr,“ segir Albert Albertsson sem flytur inn sérstaka hjólkoppa sem snúast ekki með dekkinu þegar bíllinn er á ferð og eru alger nýjung hér á landi. „Kopparnir hafa aðallega auglýsingagildi þar sem hægt er að setja á þá sérmerktar filmur með

hverju sem er, en ég er í samvinnu við auglýsingastofur sem sérhæfa sig í að merkja bíla,“ segir Albert. Hann segir þetta vera sniðugt fyrir fyrirtæki sem vilja ef til vill ekki setja merkingar á bílinn sjálfan, eða sem hluti af heildarpakka þar sem allur bíllinn er merktur í bak og fyrir og henti bæði venjulegum fólksbílum og stærri bílum.

„Kopparnir eru frá 13 upp í 24 tommur og er mjög einfalt að festa þá í allar venjulegar felgur,“ segir Albert. Koppana segir hann

vera vel festa í felgunum og þeir losni ekki auðveldlega.

Margir spyrja sig eflaust hvernig kopparnir haldast kyrrir þrátt fyrir að bíllinn sé á ferð og segir Albert það vera sáraeinfalt. „Það er innri hringur í koppnum sem er kyrr, en neðst í hringum er þungt lóð sem heldur honum í sömu stöðu, þó að dekkið snúist,“ segir Albert.

Þeir sem vilja forvitnast frekar um þessa sérstöku hjólkoppa geta kíkt á vefsíðuna www.kopp-ar.is. ■

Chevrolet gæði, frábært verð!

Chevrolet Kalos er flottur, rúmgóður og vel búinn bíll. Nýtiskuleg ítölsk hönnun og fallegar línur bílsins vekja hvarvetna athygli, það ásamt tæknilegri þekkingu, gæðaeftirliti og öryggi frá General Motors gerir Chevrolet Kalos að frábærum bíl.

Kalos SE 1,4 ltr, 83Hp
kostar aðeins

kr. 1.199.000

Verð háð gengi og getur breyst án fyrirvara.



Kalos SE
kr. 1.199.000,-



Lacetti Sport
kr. 1.499.000,-



Lacetti CDX
kr. 1.599.000,-



Lacetti CDX Station
kr. 1.699.000,-



Tacuma CDX
kr. 1.689.000,-



Evanda Executive
kr. 2.395.000,-



Aukahlutir á mynd: álfelgur og þokuljós.

Bílabúð
Benna

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu Chevrolet Kalos.
Opíð virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is



Stórasæki weber
Amerískt Weber ferðagasgrill fylgir öllum Chevrolet.

CHEVROLET

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGA-
SÍMINN ER OPINN
ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG PARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 14.30

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8-18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8-19
LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG 11-16



VW Golf, skrd.06/1998 ek. 100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 720.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Ford Mondeo, skrd.05/1995, ek. 123.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 430.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Honda Accord station, skrd.04/2004, ek. 36.000 km, 2400cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.930.000 kr. Tilboð 2.590.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Ford Focus Trend station, skrd.11/2002, ek. 90.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.180.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Ford Focus Ghia, skrd.12/2003, ek. 33.000 km. 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.690.000 kr. Tilboð 1.590.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Opel Vectra CD station skrd.04/1998, ek. .000 km, 1600cc, Sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr Tilboð 650.000 kr. 100% lán S. 5-7000.



Hyundai Elantra station, skrd.08/1996, ek. 130.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Daihatsu Sirion CX, skrd.08/1998, ek. 65.000 km. 1000cc, beinskiptur. Ásett verð 470.000 kr. Tilboð 379.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Citroen Xsara SX station, skrd.02/2003, ek. 30.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.230.000 kr.100% lán. S. 515 7000.



Peugeot 406 station, skrd.10/1999, ek. 100.000 km. 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 699.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



VW Golf 4x4 station skrd.08/1997, árg. gerð 1998, ek. 163.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr 100% lán S. 515 7000.



Subaru Legacy station, skrd.06/1996, ek. 164.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr. Tilboð 550.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Opel Astra station, skrd.06/1997, ek. 107.000 km. 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 470.000 kr. Tilboð 350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Subaru Legacy Outback H-6, skrd.08/2002, ek. 37.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.890.000 kr. Tilboð 2.690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Kia Sorento, skrd.07/2004, ek. 16.000 km, 2400cc, beinskiptur. Ásett verð 2.460.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Suzuki Sidekick, skrd.01/1992, ek. 222.000 km. 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 350.000 kr 100% lán. S. 515 7000.



Mazda Demio, skrd.06/1999, ek. 131.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr Tilboð 399.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Volvo S40, skrd.01/2000, e:101.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.230.000 kr. 100% lán S:515-7000



Volvo XC90, skrd.03/2003, ek. 47.000 km. 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.990.000 kr. Einn með öllu 100% lán. S. 515 7000.



Ford Focus station, skrd.05/2000, ek. 100.000 km. 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 830.000,- kr. Tilboð 730.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Toyota Avensis Sol station, skrd.11/2004 ek. 4.000 km. 1800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.770.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Ford Focus H/S station, skrd.10/2000, ek. 71.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.050.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Ford Fiesta Trend, skrd.01/2003, ek. 42.000 km, 1400cc, Beinskiptur. Ásett verð 1.160.000 kr 100% lán S. 515 7000.



Ford Transit 300 M rúta, skrd.02/2002 e:97.000 km, 2000cc, Turbo-diesel, beinskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr S:515-7000



BMW X5, skrd.12/2003, ek. 29.000 km. 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 8.050.000 kr. Tilboð 7.290.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



SsangYoung Rexton, skrd.07/2002, ek. 45.000 km. 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.950.000 kr. Tilboð 2.790.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Nissan Patrol Luxury, skrd.04/2001 ek. 96.000 km. 3000cc, diesel. Sjálfskiptur. Ásett verð 2.490.000 kr. Tilboð 2.290.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Renault Megane Sport T, skrd.11/2004, ek. 10.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Volvo V70, skrd.07/2004, ek. 15.000 km, 2000cc,LPT-Turbo, sjálfskiptur. Ásett verð 3.690.000 kr Tilboð 3.490.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Daihatsu Gran Move CX, skrd.06/2000, e:61.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 770.000 kr. Tilboð 650.000 kr. 100% lán S:515-7000



Ford Explorer Executive, skrd.08/2000, ek. 76.000 km. 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.150.000 kr. Tilboð 1.990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Daewoo Musso Grand Lux, skrd.10/1998, ek. 110.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 1.540.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Volvo S60 AWD 4x4 LPT-Turbo, skr.9/2003 ek. 18.000 km. 2500cc. Sjálfskiptur, m/öllu. Ásett verð 3.790.000 kr. Tilboð 3.590.000 kr 100 % lán S. 515 7000.



Citroen Xsara Advance, skrd.11/2003, ek. 29.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.440.000 kr. Tilboð 1.290.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Kia Sorento V6, skrd.02/2003, ek. 36.000 km, 3500cc, Sjálfskiptur. Ásett verð 3.140.000 kr 100% lán. S. 515 7000.



Nissan Primera GX station, skrd.05/1999, e:100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. 100% lán S:515-7000



VW Passat 4Motion station, Skrd.12/1997, ek. 108.000 km. 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr. Tilboð 850.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Citroen Picasso, Xsara Exclusive, skrd.06/2002, e:51.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.380.000 kr. Tilboð 1.150.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Toyota 4Runner V6, skrd.07/1991, ek. 177.000 km, 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 490.000 kr. S. 515 7000.



Toyota Avensis, skrd.03/2003, ek. 43.000 km. 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.810.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Citroen Picasso, Xsara Exclusive. skrd.01/2003, ek.55.000 km, beinskiptur. Ásett verð 1.450.000 kr Tilboð 1.250.000 kr. 100% lán S. 515 7000.



Ford Explorer Executive, skrd.02/1997, e:163.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 1.300.000 kr. 1.150.000 kr. 100% lán S:515-7000



Vw Polo 1.4i árg 1997, sjálfskiptur, ekinn aðeins 80 þús km, 2 felgugangar með sumar og vetrardekkjum, fjárst samlaes, Verð 420 þús.



MMC Pajero 2.5 DTI árg 1996, beinskiptur, ekinn 171 þús km, abs, álfelgur, dráttarkr, hiti í sætum, rafmagn í rúðum og speglum, ný heilsársdekk. Verð 940 þús.



Ford Explorer Sport Trac árg 2001, sjálfskiptur, ekinn 56 þús mílur, abs, álfelgur, leður, toppluga, fjárst samlaes, Verð 1980 þús.



Toyota Corolla 1.6 Station árg 2003, sjálfskiptur, ekinn 23 þús km, abs, fjárst samlaes, rafmagn í rúðum og speglum, þakbogar. Verð 1630 þús. TILBOÐ 1490 þús.



Jeep Grand Cherokee Laredo 4.0 árg 2002, sjálfskiptur, ekinn 60 þús km, abs, álfelgur, rafmagn í öllu. Góður bill. Verð 2890 þús. Tilboð 2690 þús. Áhvilandi 2000 þús.



Renault Laguna 1.8i árg 12/2002, sjálfskiptur, ekinn aðeins 17 þús km, 1/2 leður, álfelgur, rafmagn í rúðum og speglum, Spoilerkit, spoiler, Flottur bill. Verð 1990 þús.



Jeep Grand Cherokee Overland árg 2002, sjálfskiptur, ekinn 40 þús km, leður, toppluga, krómfelgur, rafmagn í öllu, cd magasin, fjárst. Verulega fallegur bill. Verð 3.250 þús.



Ford Econoline 7.3 Diesel árg 2001, sjálfskiptur, ekinn 60 þús km, 15 manna, geislasplari, litáð gler, rafmagn í rúðum og speglum. Verð 3300 þús. Áhvilandi 2550 þús.



Chrysler Town and Country Limited 4WD árg 2002, sjálfskiptur, ekinn 48 þús km, leður, krómfelgur, rafmagn í öllu, rafmagns opnun á hliðarhúðum og skotti. litáð gler. Flottur fjölskyldubíll. Verð 3190 þús. TILBOÐ 2980 þús.



SSang Young Musso Grand Luxe 2.9 TDI árg 1999, sjálfskiptur, ekinn 161 þús km, abs, álfelgur, dráttarkr, gler, toppluga, spoiler, hiti í sætum, rafmagn í rúðum og speglum. Verð 1200 þús. Áhvilandi 650 þús. 27 þús á mánn.



Renault Mégane Station 1.6 árg 2000, beinskiptur, ekinn 89 þús km, abs, fjárst samlaes, dráttarkr, rafmagn í rúðum og speglum, Verð 890 þús. TILBOÐ 690 þús.



BMW 318i árg 1994, beinskiptur, ekinn 180 þús km, abs, álfelgur, filmur, rafmagn í rúðum og speglum. Flottur bill Verð 650 þús.



MMC Pajero 3.2 DID árg 2001, sjálfskiptur, ekinn 87 þús km, abs, álfelgur, dráttarkr, fjárst samlaes, hiti í sætum, rafmagn í rúðum go speglum, Öll þjónusta gerð hjá Heklu, Einn eigandi. Gott eintak. Verð 3250 þús.



Hyundai Accent 1.6 GLS árg 2004, sjálfskiptur, ekinn 4 þús km, abs, álfelgur, fjárst samlaes, rafmagn í rúðum og speglum, Verð 1230 þús.



Ford Explorer Sport Trac árg 2004, sjálfskiptur, ekinn 8 þús km, leður, toppluga, álfelgur, rafmagn í öllu, Flottur og alveg óslitinn bill. Verð 2980 þús.



Jeep Liberty 3.8 Sport. árg 2002, sjálfskiptur, ekinn 43 þús mílur, abs, fjárst samlaes, cruise control, rafmagn í rúðum og speglum. Verð 2590 þús. Áhvilandi 1500 þús.



Dodge Caravan 3.0 SE árg 2002, sjálfskiptur, ekinn 150 þús km, abs, geislasplari, rafmagn í rúðum og speglum. Verð 2100 þús. Áhvilandi 1660 þús. TILBOÐ 1790 þús.



Vw Beetle 2.0 árg 2001, sjálfskiptur, ekinn 75 þús km, abs, fjárst samlaes. Verð 1250 þús. Áhvilandi 900 þús.



Plymouth Voyager 2.4 árg 1997, sjálfskiptur, ekinn 140 þús km, abs, geislasplari, 7 manna. Góður fjölskyldubíll. Verð 750 þús.



Chevrolet Equinox árg 2005, sjálfskiptur, ekinn 3 þús km, leður, toppluga, álfelgur, rafmagn í öllu, loftkæling, Flottur jeppi. Verð 4690 þús. Áhvilandi 3590 þús.

Opnunartímar

Mán - fös

kl. 10-19

Laugardaga

kl. 10-17

Sunnudaga

13-17

Finndu rétta bílinn

www.bilamarkadurinn.is



BMW 316i, skrd.10/2001, e:58.000 km, 1900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.860.000 kr Tilboð 1.690.000 kr. 100% lán S:515-7000



Daewoo Lanos, skrd.07/2000, e:102.000 km, 1500cc, beinskiptur. Ásett verð 440.000 kr 100% lán S:515-7000



Ford Explorer, skrd.07/1998, e:115.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.490.000 kr. Tilboð 1.350.000 kr. 100% lán S:515-7000



Suzuki Liana 4x4, skrd.05/2004, e:13.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.670.000 kr.Tilboð 1.490.000 kr. 100% lán S:515-7000



BMW 318i, skrd.03/1999, e:76.000 km, 1900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.530.000 kr .Tilboð 1.390.000 kr. 100% lán S:515-7000



Daewoo Leganza CDX, skrd.06/1998, e:66.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán S:515-7000

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is



MINI ONE STEPTONIC. Árg '05. Ek 1 þ.km. Ssk. álfelgur, Cd, leðuráklæði ofl.Verð kr. 3340.000 Ath skipti ódýrari/dýrari.



BMW 316 I COMPACT. Árg '99. Ek 123 þ.km. álfelgur, Cd, toppluga. Verð kr. 1140.000. Ath skipti ódýrari.

Höfðahöllin
Vagnhöfða 9, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



FORD Escape LTD árg 2005 ek. 19 þús. ssk., luga, leður og fl. Verð 3.450 þús. ath skipti.



CHRYSLER Town and country árg 2002 ek. 36 þús. ssk., 7 manna saml. og fl. Verð 2.490 þús ath skipti



TOYOTA Landgr. 90 diesel GX (33") nýskr, 10/99 ekinn aðeins 60 þús. ssk., sól-luga og fl. Gullmóli verð 2.690.



JEOP Cherokee Grand Limited 5,7 hemi árg 2005 ekinn 5 þús., sól., leður og fl. verð 4.990 þús.

VIDSKIPTAVINIR ATH OPID ALLAR HELGAR.

Nýja bílahöllin
Funahöfða 1, 112 Rvk.
Sími: 567 2277
www.notadirbilar.is



Nýr '05 Dodge Durango Limited. Svartur, grátt leður innan, luga, Rafm. í öllu. DVD spilari, ofl. Til sýnis á staðnum. Okkar verð: 4.990 þús.

Sparibíll ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is



Volkswagen Polo 1.4 bsk., nýskr 06/98., ek 107 þ.km., silfur, álfelgur, sumar og vetrardekk, cd., spoiler o.fl., Verð 590.000.-, Heimsbilar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.



Honda Civic AT, nýskr 07/00., ek 59 þ.km., grænlár, toppluga, spoiler, sumardekk o.fl., Verð 790.000.-, Heimsbilar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.



Opel Astra G 1.6 bsk 3 dyra., nýskr 08/00., ek 72 þ.km., silfur, álfelgur, toppluga, efri og neðri spoiler o.fl., Verð 950.000.-, Tilboð 750.000.-, Heimsbilar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.



BMW 750 IAL, nýskr 04/00., ek 115 þ.km., silfur, álfelgur, toppluga, leður, navigation o.m.fl., Verð 4.690.000.-, Tilboð 3.990.000.- Stgr., Heimsbilar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.

Heimsbilar
Klettháls 11a, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

Miðað við æsinginn í hassbaróninum var eins og við hefðum haldið við konuna hans eða sullað kaffi í gólfteppið. Ég var langt kominn með að grípa einn af gylltu kertastjökunum í stofunni og spara baróninum ómakið og sjá um allan subbuskapinn sjálfur. En þá, loks-

ins, kom Sicilian aftur. Bannsettur skúrurinn var auðvitað enginn barónsbroti. Hann bablaði einhverja arabísku við húsbónda sinn, sem gerði það að verkum að baróninn róaðist örlítið – hætti að minnsta kosti að frussa í hverju orði. Ég hætti því öllum kertastjakahugsunum og hypjaði mig út með hinum.

Margslunginn Sikileyngur

Sicilian var þrátt fyrir allt nokkuð brattur og lagði til að við færum heim til hans. Við löbbuðum af stað, þvert yfir auða akrana. Því auðvitað var líka vor í Marokkó og uppskerutímabilið ekki fyrr en í lok sumars.

Á leiðinni fékk ég að heyra söguna af því hvernig hann öðlaðist gælunafnið Sicilian, eða Sikileyngurinn. Á sínum yngri árum tók hann þátt í miklu smygli sjóleiðis frá Marokkó yfir til Sikileyjar. Hann var háseti á skipinu og sigldi klakklaust með rúmlega tvö tonn af maríjúana yfir á eyjuna.

Sikileyngurinn bætti því við að núorðið væru það sjómenn frá Evrópu sem sæju um að flytja efnid til Spánar og annarra landa. En skyldi lögreglan aldrei hafa blandað sér í málin? „Nei, aldrei. Þetta er Ketama. Hér gilda engin lög!“



ALLT Í NAFNI SPARNADAR Bílstjórnin tróð í og á pallbilinn og lét hann síðan renna niður fjallavegin – til þess að spara bensín.

Hlaðan full af hassi

Eftir tveggja tíma labb vorum við komin á leiðarenda. Sikileyngurinn leiddi okkur inn í litla hlöðu, troðfulla af kannabisplöntum. Af lyktinni af dæma var ég mættur á árshátíð hippafélagsins.

Fram að sjöunda áratugnum ræktuðu Marokkómenn einungis kif og seldu sín á milli, en þegar hippatímabilið reið yfir varð eftirspurnin svo gríðarleg að Frakkar,

nýlenduherrar Marokkó, kenndu bændunum að vinna hass og flytja yfir Gibraltarsundið.

Sikileyngurinn er ekki frábrugðum öðrum héraðsbúum og vinnur um 50 kíló af hassi á ári hverju. Fyrir það hefur hann um 720 þúsund íslenskar krónur í árs-tekjur. Til samanburðar eru árs-tekjur verkamanns í Marokkó um 260 þúsund krónur. Hér heima er verðmæti uppskerunnar að líkind-

um um 75 milljónir króna. Hver veit nema hassið frá Sikileyngurum endi í undirheimum Reykjavíkur. Stór hluti af hassinu á þeim markaði kemur einmitt frá Marokkó og er gjarnan kallaður „marri“.

Eftir að hafa myndað hlöðuna rækilega kvöddum við Sikileyngurinn og héldum áleiðis til Fez. Orðin margs vísari um hið „göfuga“ starf hassbóndans. ■

I ♥ CLEAN PLUS

Clean Plus® blautklútar eru nýjung sem auðvelda þrífín á bílnum!

Clean Plus® vörur eru fyrsta flokks gæðavörur á samkeppnishæfu verði. Clean Plus® vörur gera þrífín á bílnum auðveldari. Clean Plus® er fyrir nútíma bílaeigendur!



Fæst í helstu stórmörkuðum, byggingavörverslunum og víðar.

Dreifing K. Richter hf.
www.krichter.is

www.cleanplusautocare.com

CLEAN PLUS
AUTO CARE

pp í mót.

MEINDL



Meindl Colorado Lady

Flokkun B
Nubuk leður
Gore Tex vatnsvörn
Vibram Multigriff sóli
Þyngd 750 g (stærð 42)
Einnig til í herraútfærslu

Tilboðsverð **14.990 kr.**
Verð áður 17.990 kr.

LOWA



Lowa Renegade GTX

Bestu kaupin í útbúnaðar-
prófún Útiveru 2005
Flokkun AB
Klassískir fjölnota skór
Gore Tex vatnsvörn
Nubuk leður

Verð **13.990 kr.**

Fyrir
göngu-
garpa
sumarsins

ÚTILÍF



DURAN DURAN Svona litu hinir fimm fræknu frá Birmingham út þegar þeir voru á toppnum. Þeir eru aðeins farnir að reskjast en hafa engu gleymt og þó gullöld þeirra hafi staðið stutt gæfir áhrifa þeirra víða og nægir þar að nefna bresku hljómsveitina Blur og hina íslensku Maus.

Fimm fræknir á Íslandi

Breska hljómsveitin Duran Duran var á hátindi frægðar sinnar upp úr 1980 og naut gríðarlegra vinsælda á Íslandi á öndverðum níunda áratug síðustu aldar. Þórarinn Þórarinnsson fer yfir feril sveitarinnar sem íslenskir unglingar með sítt að aftan og ljósar strípur létu sig dreyma um að sjá á sviði á Íslandi fyrir rúmlega 20 árum en sá draumur er nú loks að rætast.

Fimmmenningarnir í Duran Duran hafa staðfest komu sína til Íslands í sumar og munu halda tónleika í Egilshöll hinn 30. júní. Lítið bítlæði myndaðist í kringum sveitina á Íslandi og það er óhætt að fullyrða að komu Duran Duran til Íslands hafi verið beðið með eftirvæntingu í rúma tvo áratugi. Íslenskir aðdáendur sveitarinnar létu lesendabréfum, með frómu óskum um að fá goðin í Laugardalshöllina, rigna yfir Velvakanda Morgunblaðsins á sínum tíma en hetjurnar létu þó ekki sjá sig.

Gömlu kynnin gleymast ei

Frægðarsól Duran Duran seig hratt eftir að sveitin náði hæstu hæðum með plötunni *Seven and the Ragged Tiger*. Hörðustu aðdáendur hennar hafa þó aldrei snúið baki við köppnum þannig að það má reikna með því að fólk sem er um og yfir þrítugt muni fjölmenna í Egilshöll til þess að fá loksins að heyrna berum eyrum slagarana sem lituðu æsku þeirra. Það lifir lengi í gömlu „eitis“-glæðunum og þeir sem settu símkerfi Rásar 2 á hliðina til þess að koma lögum á borð við *Save a Prayer*, *A View to a Kill* og *Wild Boys* á topp Íslenska listans, fjölmenntu á Duran Duran skemmtanir á skemmtistöðum sem löngu eru horfnir yfir móðuna miklu og kunnu skónúmer þeirra Simon Le Bon, John Taylor, Andy Taylor, Roger Taylor og Nick Rhodes geta ekki látið sig vanta þegar hetjurnar mæta þó það sé 20 árum eftir seint.

Byrjaði allt í Birmingham

Félagarnir Nick Rhodes og John Taylor stofnuðu Duran Duran í Birmingham á Englandi árið 1978 en það var sameiginlegur áhugi þeirra á tónlist David Bowie og Roxy Music sem leiddi þá saman. Þeir fengu bassaleikarann Simon Colley og söngvarann Stephen Duffy til liðs við sig en trommuheili sá um taktinn. Félagarnir ætluðu upphaflega að kalla sveitina RAF til heiðurs flugher hennar hátignar en þegar upp var staðið nefndu þeir bandið eftir illmenni geimmyndarinnar „Barbarella: Queen of the Galaxy“ frá 1968. Þar lék Jane Fonda Barbarellu, sem elstist við skúrinn Durand Durand sem leikinn var af Milo O'Shea, sem löngu seinna endurtók rulluna í myndbandi með sveitinni.

Duffy og Colley heltust úr lestinni eftir ár og Roger Taylor kom til sögunnar og leysti trommuheilann af hólmi. Stephen Duffy tók síðar upp millinafnið „Tin Tin“ og kom tveimur lögum á vinsældalista, *Kiss Me* og *Icing on the*

Cake, í krafti þess að hafa einu sinni verið í Duran Duran.

Falskur pönkari í hlébarðabuxum

Eftir fyrstu prufuþptökur færði John Taylor sig yfir á bassann og gítarleikarinn John Curtis plökkaði strengi tímabundið en gafst fljótlega upp. Þá auglýsti sveitin eftir gítarleikara í *Melody Maker* og var Andy Taylor valinn úr hópi þeirra sem sóttu um stöðuna. Um mitt árið 1979 gafst söngvarinn svo upp og prófaði sveitin nokkra pílta í stöðuna áður en fyrrum söngvari pönksveitarinnar Dog Days, leiklistarneminn Simon Le Bon, sótti um. Síðar í viðtölum viðurkenndi Nick Rhodes að Simon hefði í rauninni verið rammfalskur í þrúfni og að hann hefði í aðeins verið ráðinn vegna þess að hann var sætur, með flott eftirnafn. Þá skemmdu pelsinn og bleiku hlébarðabuxurnar ekki fyrir.

Ferill Duran Duran tók magnaðan fjörkipp eftir að Le Bon bættist í hópinn. Sveitin varð fljótt vinsæl innan nýrómantísku stefnunnar á Englandi og tryggði sér samning við EMI í lok árs 1980. Fyrsta smáskífan, „Planet Earth“, náði töluloverðum vinsældum og rauk beint í tólfta sæti breska smáskífulistans. Fjölmíðlar eyrnamerku Duran Duran sem frumkvöðla bresku nýrómantíkurinnar ásamt Spandau Ballet en sveitin var sögð samsuða upp úr Sex Pistols og Chic.

Glansmynd af popphljómsveit

Lykilatriði í hröðum vinsældum Duran Duran var hversu mikil vinna var lögð í ímyndarsköpun. Myndbönd sveitarinnar voru framúrsteftuleg og settu nýja tiskustrauma af stað í stað þess að fylgja þeim. Af frábærum myndböndum sveitarinnar má nefna „Girls on Film“, „Union of the Snake“, „Hungry Like the Wolf“, „The Chauffeur“ og hið magnaða „Wild Boys“ sem bjó til nýjan staðal í gerð tónlistarmyndbanda. Það var einmitt myndbandið við „Girls on Film“ sem braut leið Duran Duran upp á toppinn. Það vakti miklar deilur og sveitin varð umtöluð. Lagið komst á topp 10 á smáskífusöluölistanum. Fyrsta breiðskífan, sem fylgdi í kjölfarið, komst hæst í þriðja sæti á breiðskífusöluölistanum. Platan hékk svo inni á þeim lista í 118 vikur.

Í Duran Duran voru metnaðarfullir og duglegir menn og var strax ráðist í gerð plötunnar „Rio“ sem kom út um vorið 1982. Smáskífulögin „Hungry Like the Wolf“ og „Save a Prayer“ gulltrygðu svo vinsældir sveitarinnar.

„Rio“ seldist í rúmlega tveimur milljónum eintaka. Duran Duran-æðið var skolið á í Evrópu og Bandaríkjamenn voru að kveikja á sveitinni líka. Fyrsti slagari sveitarinnar þar í landi var lagið „Is There Something I Should Know?“.

Duran Duran brann þó hratt upp og sennilega má að einhverju leyti kenna því um hversu ákaft sveitin herjaði á markaðinn en þriðja breiðskífan, „Seven and the Ragged Tiger“ kom út fyrir júlín árið 1983. Af þeirri plötu átti sveitin slagarana „Union of the Snake“ og „The Reflex“. Árið á eftir var ákveðið að mæla krókin með tónleikaplötunni „Arena“. Á henni var að finna eitt nýtt lag, reyndar það besta sem sveitin gaf út á ferlinum, „Wild Boys“. Árið eftir átti hún eitt vinsælasta lag ársins, „A View to a Kill“ úr síðustu James Bond-mynd Roger Moore.

Sundraðir föllum vér...

Það duldist engum að Duran-vélin fór að hökta eftir *Wild Boys* og það var svo á Live Aid tónleika-hátíðinni árið 1985 sem botninn datt undan öllu saman. Simon Le Bon var það falskur á sviði að hörðustu aðdáendur hans reyndu ekki einu sinni að halda hlífiskylði yfir honum. Mikið grín var gert að sveitinni í fjölmíðlum og Le Bon bað aðdáendur sína opinberlega afsökunar. Það dugði ekki til. Þeim fannst þeir sviknir og grunuðu sveitina um að hafa fíkað í hljóðupptökunum á „tónleikaplötunni“ vinsælu „Arena“. Sveitin ákvað að draga sig í hlé og liðsmenn einbeittu sér tímabundið að öðrum verkefnum.

Andy og John Taylor voru þegar farnir að vinna í gæluverkefninu Power Station með Robert Palmer og tóku lagið með þeirri sveit á Live Aid þar sem Michael Des Barres leysti Palmer af í söngnum. Nick Rhodes, Simon Le Bon og Roger Taylor gáfu hins vegar út plötuna „So Red the Rose“ með hliðarverkefni sínu Arcadia haustið 1985. Lagið „Election Day“ af þeirri plötu átti töluloverðum vinsældum að fagna og gaf tóninn fyrir það sem koma skyldi á næstu Duran Duran plötu, *Notorious*, en þá stóðu þeir eftir þrír, John Taylor, Nick Rhodes og Simon Le Bon.

Duran Duran hefur svo haldið áfram í ýmsum myndum en þeir Simon og Nick eru þeir einu sem hafa aldrei gefist upp. Taylorarnir þrír byrjuðu að tínast til baka upp úr árinu 2000 og sveitin er nú aftur komin í sína upprunalegu mynd og þannig fáum við að sjá hana í Egilshöll í sumar.

PLÖTUR DURAN DURAN

Duran Duran (1981)

Fyrsta plata sveitarinnar gefur tóninn fyrir það sem koma skal. Lítleikandi nýrómantíkin svífur yfir vötnum hjá fimmmenningunum sem syngja um ást, söknuð, reiði og helsta áhugamál sitt: fáklæddar stelpur. **Bestu lögin:** *Girls on Film, Planet Earth, Careless Memories.*



Rio (1982)

Það er sveitt og suðræn stemning á annarri plötu Duran Duran, sem er mun heilsteypari en sú fyrsta. Lögin eru öll grípandi og Duran Duran-„sáandið“ er fullskapað. *Save a Prayer* stíplar sig inn sem eitt traustasta vanga- og „kveikjara“lag áratugarins. **Bestu lögin:** *Rio, Hungry Like the Wolf, Save a Prayer.*



Seven and the Ragged Tiger (1983)

Þriðja plata sveitarinnar og jafnframt sú besta. Vinsældir Duran Duran eru í hámarki þegar platan kemur út. Framan af ber mest á *The Reflex* og þegar ofspilun gerir lagið óþolandi er hægt að ganga að sjó traustum „smellum“. **Bestu lögin:** *New Moon on Monday, Of Crime and Passion, Union of the Snake, The Seventh Stranger.*




Arena (1984)

Tónleikaplata með vinsælustu lögum sveitarinnar af þremur fyrstu plötunum auk þess sem *Wild Boys* er hér gefið út á breiðskífu í fyrsta skipti. Platan gagnast varla neinum nema hörðustu aðdáendum sveitarinnar enda koma annmarkar Simons Le Bon sem söngvara greinilega í gegn en hann hljómar hálf falskur áður en búið er að þússa söng hans til í hljóðveri.



Notorious (1986)

Preytingin sem virtist vera komin í sveitina í kringum útgáfu *Arena* var ekkert plat og hér eru þeir aðeins þrjú eftir, Simon Le Bon, Nick Rhodes og John Taylor. Andy Taylor og Roger Taylor eru horfnir út í buskann og platan er gerólík því sem aðdáendur Duran Duran höfðu vanist. Það breytir því ekki að þetta er vönduð plata sem sýnir að þeir sem eftir standa eru tilbúnir til að þreifa fyrir sér í ýmsar áttir. **Bestu lögin:** *American Science, Skin Trade, Winter Marches On.*



Big Thing (1988)

Preytingarnir reyna að fóta sig í breyttu tónlistarlandslagi með dálítið frikaðri plötu sem virðist í fljótu bragði eiga fátt sameiginlegt með þeirri Duran Duran-sveit sem kvaddi sér hljóðs sjó árum áður. Það fór hrollur um marga trausta aðdáendur en aðrir tóku gripnum tveimur höndum og héldu tryggð við Djúraníð sitt. **Bestu lögin:** *I Don't Want Your Love, All She Wants Is, Do You Believe In Shame?, The Edge of America.*



Decade (1990)


Önnur „best of“ platan ef *Arena* er flokkuð sem slík. Hér gerir

Duran Duran upp áratuginn sem hófst með glæstum sigrum en lauk með losarabrag og fækandi aðdáendum. Smáskífa með undarlegri blöndu allra helstu laga sveitarinnar kom út um leið og Decade. Skemmtileg tilraun en kokkteillinn var slíkur að einungis allra hörðustu aðdáendum Duran Duran varð ekki flökurt af honum. **Bestu lögin:** *Planet Earth, Save a Prayer, Is There Something I Should Know?, Union of the Snake, Wild Boys, A View to a Kill, Skin Trade.*

Liberty (1990) Enn eru þremmenningarnir að fíkra sig áfram í heimi sem þeir eru orðnir of gamlir fyrir. Þeir hafa fengið liðs-auka í tónlistarmönnum sem gera lítið af viti fyrir þá. Platan er hálfgerð sýrutripp, hávæð og leiðinleg. Lagið *Violence of Summer* vekur samt nokkra athygli. **Bestu lögin:** *Serious, All Along the Water, First Impression.*

The Wedding Album (1993)

Hér réttir Duran Duran aðeins úr kútnum með þægilegri plötu sem er samt hvorki fugl né fiskur. Lagið *Ordinary World* minnir þó nokkuð á forna frægð og skýtur upp kollinum á vinsældalistum. **Bestu lögin:** *Ordinary World, Come Undone.*



Thank You (1995) Óður Duran Duran til þeirra tónlistarmanna sem hafa haft mest áhrif á þá í gegnum tíðina. Sveitin þakkar fyrir sig með 12 tölulögum. Kannski ekki það mest spennandi sem þeir gátu tekið upp á en engu að síður er gaman af því að heyrna þá glíma við *The Doors* og *Lou Reed*. **Bestu lögin:** *Lay Lady Lay, Perfect Day, Crystal Ship.*

Medazzaland (1997) Frekar döpur plata sem kemur samt einhvern veginn í rök-réttu framhaldi af því sem á undan er gengið. Sveitin sýnir smá lit og gamla Duran Duran-takta í *Electric Barbarella*, sem verður þó seint talið til betri laga sveitarinnar.

Night Versions (1998) Duran Duran gerði mikið af því að búa til lengri útgáfu af smáskífulögum sínum, alls konar remix og endurhljóðblandingar. Aðdáendur sveitarinnar höfðu gaman að þessu í árðaga þegar þeir söfnuðu 12“ plötunum. Lengdu útgáfunar hétu oftast „night version“, „extended remix“ eða eitthvað álíka og hér hefur þeim verið safnað saman á disk. Aðeins fyrir þá allra hörðustu.

Strange Behaviour (1999)

Tvöfaldur diskur með fleiri remixum.

Poptrash (2000) Plata sem gleymist fljótt. Einhvern rámar kannski enn í lagið *Someone Else Not Me*.

Astronaut (2004)

Sameinaðir stöndum vér, eða þannig sko. Roger og Andy Taylor eru komnir aftur. Aðdáendur sveitarinnar biðu spenntir eftir þessari plötu fullri væntinga um að upprunalega Duran Duran myndi neistann á ný. Platan er þó því miður óspennandi og nánast leiðinleg. Ekkert lag nær að gripa og hér með er það væntanlega fullsannað að Duran Duran er hljómsveit líðinna tíma. Það sem hún hafði er horfið og aðdáendur hennar flestir orðnir sköllóttir og hættir að vera með sítt að aftan. ÞÞ



Varð ungur á ný

Þórarinn Þórarinnsson er Duran Duran-aðdáandi númer eitt

Þeir eru fáir ef einhverjir sem eru jafn dyggir aðdáendur og Þórarinn Þórarinnsson, verslunarstjóri Boss í Krínglunni. „Ég var rosalegur á skólalöblunum, með farða og eyrnalokka,“ segir Þórarinn og hlær. Hann fór í pílagrímsferð fyrir ekki margt löngu og sá goðin sín. „Þetta var alveg magnað. Þeir voru ótrúlega vel á sig komnir, hvorki feitir né peningabýrstrir. Ekkert Bonnie Tyler mæm eins og í Laugardalshöllinni um árið. Þeir virtust leggja allt sitt í þetta og mér fannst ég verða ungur á ný,“ segir Þórarinn og bætir að hann hafi lokað augunum, kollvikin hafi sigið niður og honum hafi fundist hann vera kominn með sítt að aftan á ný þegar sveitin byrjaði að spila. „Ég held að götin fyrir eyrnalokkana hafi orðið virk aftur,“ segir hann og hlær.

Þórarinn segir stemninguna á tónleikunum hafa verið frábæra og sveitin hafi spilað mjög þetta dagskrá. „Það var alveg ótrúlegt þegar Simon Le Bon söng *Save a Prayer* og það alla um að halda farsímunum sínum á lofti. Hann reiknaði með því að allir væru hættir að reykja og enginn með kveikjara en væru með símana. Svo var lagið spil-



ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON FÓR Í PÍLAGRÍMSFERÐ TIL LONDON „Mér fannst ég verða ungur á ný, kollvikin sigu og ég var kominn með sítt að aftan. Held að götin fyrir eyrnalokkana hafi meira að segja orðið virk á ný.“

„að og allir með farsímana á lofti.“ Þórarinn segist þó gera sér grein fyrir því að áskórnin í Duran Duran sé bara einhver nostalgíutilfinning og þeir sem hafi þroskast í rétta átt sjái að þetta séu skemmtikraftar en ekki snillingar. „Það má samt ekki gleyma því að Duran Duran voru hálfgerðir Bítlar áttunda áratugarins,“ segir Þórarinn sem enn segist spila plötur sveitarinnar í botni heimafyrir. „Það er þá yfirleitt fyrsta platan, Duran Duran, sem verður fyrir valinu.“

Sena kynnir skemmtilegt sumar!


playstation ▼



PSP
Ný snilld frá Playstation. Þessi gerir allt.

01•09•05


tónlist ▼



Bubbi
Tvær nýjar plötur frá meistaranum!

06•06•05


kvikmyndir ▼



Star Wars Episode III
Sagan nær hámarki.

20•05•05

tónlist ▼



Hildur Vala
Hún er kominn með sína fyrstu geislaplötu!

10•05•05

playstation ▼



God of War
Besti PlayStation 2 leikur allra tíma.."

22•06•05


tónlist ▼



Svona er sumarið 2005
Tvöföld íslensk plata með heitustu lögum sumarsins!

04•07•05


tónlist ▼



Davíð Smári
Frábærar ballöður og fleira til!

14•06•05


kvikmyndir ▼



Mr. & Mrs. Smith
Brad Pitt og Angelina Jolie.

10•06•05


kvikmyndir ▼



Sin City
Blóðug, brutal og brilliant

03•06•05

playstation ▼



Singstar Pop
Nú verður party. 30 ný lög!

18•05•05

góða skemmtun í sumar ▶


s e n a

Lárus Jónsson stoppaði stutt við hjá KR:

Samdi við Fjölni fyrir næsta tímabil

KÖRFUBOLTI Leikstjórnandinn Lárus Jónsson, sem lék með KR í Inter-sportdeildinni í körfuknattleik í vetur, hefur gert samning við úrvalsdeildarlið Fjölnis og mun leika með liðinu á næsta keppnistímabili.

Lárus skipti yfir í KR fyrir ári síðan og staldrar því stutt við í Vesturbænum. Lárus er uppalinn Hvergerðingur og lék með Hamri í fimm keppnistímabil áður en hann söðlaði um síðasta sumar og gekk til liðs við KR. Í vetur skoraði hann 7,2 stig að meðaltali og gaf 6 stoðsendingar í leik.

Þá hefur Skallagrímur fengið

liðsstyrk í körfuboltanum en Axel Kárasón, sem leikið hefur með Tindastóli, hefur ákveðið að leika með Borgnesingum næsta vetur. Axel var einn allra besta leikmaður Tindastóls í vetur og því er það mikill missir fyrir norðanmenn að missa Axel. Aftur á móti er það feiknalegur styrkur fyrir lið Skallagríms að fá Axel í sínar raðir. Skallagrímismenn hafa einnig átt í viðræðum við þá Svavar Birgisson, leikmann Tindastóls, og Fannar Helgason, leikmann ÍR, og það er því ljóst að Borgnesingar ætla sér að mæta sterkir til leiks næsta vetur. ■



Hildur Vala

Útgáfutónleikar í Salnum 15. maí

Hildur Vala Idol-stjarna ásamt hljómsveit og Jóni Ólafssyni tónlistarstjóra leika lögin af nýju plötunni.

Miðasala er hafin í síma 5 700 400 og á salurinn.is. Takmarkað magn miða.

Láttu ekki þennan einstaka tónlistarviðburð framhjá þér fara.



STERKUR LEIKMAÐUR Þeir eru ófáir sem spá því að Dennis Siim verði stjarnan í Landsbankadeildinni í sumar. Siim hefur leikið vel með FH á undirbúningstímabilinu og lofar verulega góðu.

FH er eins og topplið í Danmörku

Sá erlendur leikmaður sem hefur staðið sig hvað best á undirbúningstímabilinu og hefur alla burði til þess að vera stjarnan í íslenska boltanum er hinn nýi danski leikmaður FH-inga, Dennis Siim. Hann kom til Íslands fyrir tveim mánuðum og líkar vel það sem hann hefur séð hjá FH.

Fréttablaðið hittir Siim að máli eftir að FH-ingar höfðu tryggt sér sigur í árlegum leik íslandsmeistara Íslands og Færeyja. Þar lagði FH lið HB 4-1 og tryggði sér þannig Atlantic-bikarinn góða. Siim var að vonum ánægður með að hafa unnið sinn fyrsta bikar í treyju FH en vænti þess jafnframt að fleiri mundu hafa bæst við eftir sumarið.

„Það er alltaf gaman að vinna titla, jafnvel þó að þeir fáist aðeins eftir einn leik,“ sagði Siim en bætti við að hann hefði búist við mun meiri mótspyrnu af hálfu færeysku meistaranna.

Kom með kærustunni

Siim kom til landsins ásamt kærustu sinni þann 1. mars síðastliðinn og hefur hann að eigin sögn líkað dvölin í Hafnarfirðinum afar vel enn sem komið er. „Okkur hefur liðið mjög vel og nú er kærastan mín kominn með vinnu svo að þetta gæti ekki verið betra,“ segir hann.

Siim segir að það hafi verið helst fyrir tilstilli framherjans

knáa Allan Borgvardt sem hann komst í samband við FH, en þeir höfðu leikið saman um tíma hjá AGF í Danmörku, liðinu sem Helgi Sigurðsson spilar með um þessar mundir. Borgvardt vissi af Siim, sem var við það að verða samningslaus hjá félaginu sínu OB í dönsku úrvalsdeildinni, en þaðan var hann lánaður á síðustu leiktíð til Sønderjysk Elitesport í 1. dönsku deildinni.

„Borgvardt sagði mér frá FH, Íslandi og fótbolthanum í landinu og hann var mjög jákvæður yfir öllu saman. Hann skoraði á mig að koma og kíkjá á ástæður, sem ég gerði. Og ég get ekki annað en sagt að það kom mér mjög á óvart hversu góður fótbolti og hversu góðir leikmenn eru hér. Hér í FH eru margir mjög frambærilegir knattspyrnumenn,“ segir Siim.

Fyrrum unglingslandsliðsmaður

Siim er tiltölulega þekktur leikmaður í Danmörku og til að mynda mun stærra nafn þar í landi en Allan Borgvardt og Tommy Nielsen voru nokkurn

tímann. Hann var nokkuð eftirsóttur í Danmörku og því kom það nokkuð á óvart að hann skyldi taka lið á Íslandi fram yfir allt annað. Siim hefur leikið þrjá leiki fyrir U-21 árs landslið Danmerkur auk þess sem hann hefur umtalsverða reynslu af Evrópukeppninni. Hann segir þá staðreynd að FH sé að keppa í forkeppni Meistaradeildar Evrópu hafa vegið þungt í ákvörðun sinni að koma til Íslands.

„Liðinu gekk framar vonum í Evrópukeppninni í fyrra og vakti árangur FH athygli víða. Ég las til dæmis um liðið í dönsku blöðunum. Það er mjög gott að liðið skuli reyna við Meistaradeildina í ár og Evrópukeppni hefur mikið aðdráttarafl fyrir alla leikmenn. Ef FH væri ekki á leið í hana hefði ég líklega ekki komið hingað, svo einfalt er það,“ segir Siim, sem þykir mjög fjölhæfur leikmaður. Honum líkar þó best við að spila á miðjunni. Hann getur spilað á báðum köntum og þá lék hann talsvert í stöðu hægri bakvarðar á sínum tíma hjá AGF.

Í topp 6 í Danmörku

Spurður um styrkleikamuninn á íslensku knattspyrnunni og þeirri dönsku segir Siim að samanburðurinn sé eilítið flókinn þar sem knattspyrnan sem spiluð er í deildunum sé svo frábrugðin milli landa. „Það er svolítið erfitt að bera saman íslensku og dönsku deildina en danska deildin er einfaldlega sterkari. En það eru nokkur lið hér sem gætu plummað sig vel í Danmörku og ég held að þetta FH-lið, ef það spilar eins og ég veit að það getur, myndi vera eitt af sex bestu liðunum í dönsku úrvalsdeildinni.“

Siim segist enn vera að venjast gervigrasinu sem er mest notað í undirbúningsleikjunum og því sé hann ekki í eins góðu formi og hann hefði viljað. „Ég er vanur því að spila á raunverulegu grasi í Danmörku en þetta er allt að koma. Ég er alltaf að geta hlaupið meira og meira með hverjum leik.“

Siim stefnir hátt í sumar og kveðst stefna ótraudur á að aðstoða FH við að verja íslandsmeistaratitilinn. „Það var hin stóra ástæðan fyrir því að ég kom til FH. Liðið var það besta á Íslandi í fyrra og við eigum alveg að geta verið það einnig í ár.“



KOMINN Í KRIKANN Siim list vel á aðstæður í Krikanum.

Ég sé 2 veldu Citroën VTR eða VTS

Eigðu eða leigðu góðan bíl - C2 er ódýr í tryggingu og rekstri.

■ **C2 VTS 5 gíra 1,6 125 hö***
 VERÐ 1.649.000 kr.
 LEIGA 29.600 kr.
 LÁN 19.798 kr.



Franskir dagar í Brimborg. Nú er tækifærið að skipta um og fá sér fransk- an bíl fyrir 15. maí. Komdu í kaffi.

Mikið af því góða er best Veldu Citroën C2 á frönskum dögum

► Gárungarnir segja franska menningu svo þróaða að orðið „magn“ sé ekki lengur til í orðaforða Frakka. Þeir telja að þarna sé komin ástæða þess að franskir konur séu grannar ... og að franskir karlar góðir elskhugar. Þælingin er auðvitað orðspor Frakka um að þeir leggi meira upp úr gæðum en magni.

Frakkarnir vita hinsvegar að gæði felast í fjölda

þeirra eiginleika sem heildina skapa. Og að gæði sé í raun annað orð yfir notagildi. Þess vegna eiga Frakkar Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën. Þetta skiljum við Íslendingar enda viljum við meina að mikið af því góða sé best. Hjá okkur eru mikil gæði (m)unaður. Komdu á franska daga í Brimborg. Veldu Citroën C2.

Gerðu samanburð. Skoðuðu staðalbúnað C2 VTS

- ESP Stöðugleikastýrikerfi með spólvörn
- Sportfjórrunarkerfi
- 16" Álfelgur
- Vindskelðasett
- Pokuljós að framan
- Loftkæling
- Sportinnrétting
- Sportsæti með sérstökum hliðarstuðningi
- Leðurklætt stýrishjól
- Álpedalur
- Algirhnúður
- ABS / EBA hemlakerfi / EBD hemlajöfnun
- Kældir diskar að framan
- Diskabremsur að aftan
- Rafdrifnar rúður að framan
- Upphitanleg framsæti
- Fjarstýrð samlæsing
- Veltistýri
- Aðdráttarstýri
- Geislaspilari/Útvarp m/fjarstýringu

Komdu á franska daga í Brimborg.
 Upplifðu frönsk gæði.
 Skoðuðu Citroën – ekta franskan munað.

Nýtt villidýr fyrir borgarsportið:
 Citroën VTS. Berðu saman verð, gæði og græjur. Taktu VTS.


■ C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6 110 hö* VERÐ 1.589.000 kr. LEIGA 28.600 kr. LÁN 18.606 kr.	■ C3 SX 5 gíra 1,4 75 hö* VERÐ 1.419.000 kr. LEIGA 26.900 kr. LÁN 17.056 kr.	■ Berlingo Multispace 5 gíra 1,4 75 hö* VERÐ 1.559.000 kr. LEIGA 28.200 kr. LÁN 18.845 kr.	■ C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6 110 hö* VERÐ 1.790.000 kr. LEIGA 31.800 kr. LÁN 21.479 kr.	■ C4 SALOON SX 5 gíra 1,6 110 hö* VERÐ 1.820.000 kr. LEIGA 32.300 kr. LÁN 21.837 kr.
■ Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö* VERÐ 1.859.000 kr. LEIGA 34.000 kr. LÁN 22.421 kr.	■ C5 X 5 gíra 1,8 117 hö* VERÐ 2.060.000 kr. LEIGA 36.800 kr. LÁN 24.817 kr.	■ C8 SX Sjálfskiptur 2,0 138 hö* VERÐ 2.999.000 kr. LEIGA 53.900 kr. LÁN 35.892 kr.		

BRIMBORG / GÖG - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL ISLAND



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífeltil fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðuðu sulumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



brimborg
 Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is

* Brimborg og Citroën áskila sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auk er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er blásamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. ** Staðgreitt: 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborg. Aukabúnaður á mynd: af C3 er álfelgur, pokuljós og samlitun; af C4 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.

SKÍFAN LÆKKAR

Tónlistar**sumarið**
2005



**Þessar
geislaplötur
á sértilboði
aðeins um
helgina**

Helgartilboð

1.299kr



VERÐ Á TÓNLIST



Allar nýjar
íslenskar og erlendar
geislaflötur
á sumartilboði aðeins



Sumartilboð
1.999kr



...skemmtir þér ;)



Heyrst hefur...

... að handknattleikslíð Þórs muni tilkynna um ráðningu Rúnar Sigtryggssonar sem þjálfara karlalíðs félagsins áður en langt um líður. Fjölmörg félög vildu fá Rúnar í sínar aðir en hann ku hafa ákveðið að fara heim til síns gamla félags.

sport
sport@frettabladid.is

JÓN ARNÓR OG ÓLAFUR ERU EVRÓPUMEISTARAR: HVÆÐ GERIR ÞRIÐJI BRÓÐIRINN?

Eggert þarf að komast að hjá stórlíði

Ólafur Stefánsson stendur í ströngu um helgina er hann leikur til úrslita í Meistaradeild Evrópu í handbolta með líði sínu Ciudad Real. Mætir það öðru spænsku líði, Barcelona, og lauk fyrri



leik liðanna með eins marks sigri Madríd-inga. En hvort sem Ólafur stendur uppi sem Evrópumeistari um helgina eða ekki hefur hann áður lýft þessum titli, þá með þýska líðinu Magdeburg, sem leikur reyndar til úrslita um

helgina í Evrópukeppni félagsliða.

Þá hefur bróðir Ólafs, Jón Arnór, gert það gott með rússneska líðinu Dynamo St. Pétursborg og fagnaði hann um daginn Evrópumeistaratitil með félaginu. Ólafur sá nú ekki leikinn en árangur Jóns Arnórs hefur ekki framhjá honum í vetur. Þá er manni spurn hvort þriðji bróðirinn, Eggert, þurfi ekki að vinna sér inn Evrópumeistaratitil í þriðju íþróttinni, knattspyrnu. Hann leikur með Fram, sem þykir að vísu ekki stórt númer á evrópska vísu frekar en önnur íslensk félagslið.

„Eggert þarf að komast að hjá stórlíði í fótboltanum, það má ekki skilja hann svona út undan,“ segir Ólafur í samtali við Fréttablaðið. „Hann hefur áður verið við dyrastafinn en

meiðslí hafa komið í veg fyrir að hann skrifi undir langtímasamning. Meiðslausan tel ég hann vera einn besta fótboltamann sem við eigum. Ef bakið er ekki að angra hann tel ég hann eiga fullt erindi í þessa gaura sem eru að spila hjá bestu félögum – kannski ekki Eið Smára, en flesta aðra.“

Jón Arnór er greinilega sama sinnis en þegar hann var spurður á síðum Fréttablaðsins fyrir skömmu hvor væri betri, hann eða Ólafur bróðir, svaraði hann um hæl: „Eggert er bestur“.



> Við vorkennum ...

... Hólmgeiri Einarssyni, formanni handknattleiksdeildar ÍR, sem hefur lagt mikið á sig til að byggja upp sigurlíð en þarf síðan að horfa á eftir margra ára starfi nánast gufa upp á nokkrum vikum. Allt útlit er fyrir að ÍR-ingar muni missa sex lykilmenn úr herbúðum sínum.



> Við hrósum ...

... FH-ingum sem ætla að rífa upp handknattleiksstarfið hjá sér en handbolta-risinn í Hafnarfirði hefur legið í roti allt of lengi. FH-ingar munu veita Haukum verðuga keppni næsta vetur en á það hefur vantað verulega.



HVÆÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

4 5 6 7 8 9 10

Laugardagur

■ ■ SJÓNVARP

- 10.50 Formúla 1 á Rúv.
- 10.55 Upphitun á Skjá einum.
- 11.25 Chelsea – Charlton á Sýn.
- 11.35 Chicago Bulls – Washington Wizards á Sýn.
- 13.30 Á vellinum með Snorra Má á Skjá einum.
- 14.00 Everton – Newcastle á Skjá einum.
- 14.20 Bikarmótið í fitness 2005 (konur) á Sýn.
- 14.50 Meistaradeildin í handbolta á Sýn. Barcelona gegn Ciudad Real.
- 15.50 Íslandsglíman á Rúv.
- 16.10 Íslandsmótið í handbolta á Rúv.
- 16.10 Man. Utd – W.B.A á Skjá einum.
- 17.05 World Supercross á Sýn.
- 18.00 US Champions Tour 2005 á Sýn.
- 19.00 Inside the US PGA Tour 2005 á Sýn.
- 19.50 Spænski boltinn á Sýn. Betis mætir Sevilla.
- 22.00 Meistaradeildin í handbolta á Sýn. Barcelona gegn Ciudad Real.
- 01.00 Hnefaleikar á Sýn. Meðal þeirra sem mætast eru JL Castillo og Diego Corrales.

NBA-körfuboltinn:

Kveður Miller í kvöld?

KÖRFUBOLTI Lið Boston Celtics og Indiana Pacers eigast við í hreinum úrslitaleik í fyrstu umferð úrslitakeppni NBA í nótt. Einvígi liðanna hefur verið ótrúlega sveiflukennt og spennandi og þó að oddaleikurinn fari fram á heimavelli Boston í kvöld er engin leið að spá fyrir um úrslit hans, því margir leikur í sérúnni hafa unnist á útivelli.

Leikurinn er ekki síður merkilegur fyrir þær sakir að þetta gæti orðið síðasti leikur Reggie Miller í NBA-deildinni, ef Indiana tapar honum, því hann gaf það út fyrir nokkrum mánuðum að þetta yrði hans síðasta leiktíð í deildinni.

Miller hefur um árabíl skemmt áhorfendum með tilþrifum sínum í úrslitakeppninni og hefur oftast en ekki farið á kostum í leikjum sem þessum. Sá gamli vill eflaust ekki tapa sínum síðasta leik á ferlinum og það í Boston, svo fróðlegt verður að sjá hvernig hann stendur sig í kvöld. Leikurinn verður í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn í kvöld og hefst útsending klukkan 23.00.

- bb

Valsstúlkur völtuðu yfir KR-inga

Úrslitaleikur deildabikars kvenna reyndist vera leikur kattarins að músinni. Íslandsmeistarar Vals gjörsgíruðu KR-inga sem voru án margra af sínum bestu leikmönnum. Lokatölur voru 6–1 og skoraði Nína Ósk Kristinsdóttir þrennu.

KNATTSPYRNA Það var svo sem við því að búast að KR-ingar myndu ekki reynast mikil fyrirstaða fyrir Íslandsmeistarana. Þær voru án margra af sínum bestu leikmönnum sem eru nú á lokaspættinum sínum í háskólanámi erlendis. Þá eru einnig væntanlegir í liðið erlendir leikmenn sem ekki voru með í gær. Valsarar voru hins vegar með sinn hóp nokkuð fullskipaðan, það vantaði helst Margréti Láru Viðarsdóttur sem er nú að stíga upp úr meiðslum.

Það voru reyndar KR-stúlkur sem áttu fyrsta færi leiksins þegar Hrefna Huld Jóhannesdóttir fékk fínt skallaferi strax á 5. mínútu. Lítið annað markvert gerðist þó svo að bæði lið reyndu sitt besta. Það var svo Nína Ósk Kristinsdóttir sem kom sínum mönnum á bragðið er hún skoraði í autt markið eftir frábæran undirbúning Rutar Bjarnadóttur. Hún hóf einnig sóknina sem skóp annað markið og aftur var það Nína Ósk sem skoraði af afar stuttu færi.

Það stafaði afar lítil hætta af KR-ingum í fyrri hálfleik og varla að þær brutu á Valsmönnum, slík var þróðmennskan og skortur á baráttu. Það rættist þó aðeins úr því í síðari hálfleik þó svo að einhver bið yrði eftir mörkunum. Dóra María Lárusdóttir bætti í fyrir Valsmenn á 63. mínútu, skoraði gott mark eftir frábæra stungusendingu nöfnu sinnar Stefánsdóttur. Hrefna Huld náði þó að klóra í bakkann nokkru síðar er hún skoraði af stuttu færi en strax í næstu sókn skoraði Valsstúlkann Laufey Ólafsdóttir með frábæru skoti. Nína Ósk full-



FYRIRLIÐINN MEÐ BIKARINN Íris Andrésdóttir, fyrirlíði Valsstúlkna, heldur hér bikarinn á lofti sem liðið fékk eftir frækinn 6–1 sigur á KR-ingum í úrslitum deildabikarkeppni kvenna. Fréttablaðið/Heiða

komnaði svo þrennu og lokaorðið átti varnarmaðurinn Málfríður Sigurðardóttir sem hafði fært sig fram á miðjuna eftir að Guðrún Þorbjörnsdóttir kom inn á í hennar stöðu.

„Við erum nánast með fullan hóp á meðan þær eru án margra fastamanna. Þetta er ekki það sem koma skal í sumar,“ sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, eftir

leikinn. „Þennan leik kláruðum við ágætlega en það er nú samt margt sem má fínþússa fyrir átökin í sumar, eins og búast má við á þessum árstíma.“

Leikið var á Stjörnuvelli á gervigrasi sem virtist fara ágætlega í leikmenn. „Völlurinn er finn og líklega er þetta það sem er líkast grasinu af því sem er til. Ég hefði nú frekar viljað leika í Egils-

höllinni til að fá fleiri áhorfendur en það var ekki boðið upp á það núna,“ bætti Elísabet við. Þó nokkrir áhorfendur lögðu leið sína í Garðabæinn í gær, þrátt fyrir neþjuna, og ekki óvarlega áætlað að vel á annað hundrað manns hafi verið á pöllumum þegar Íris Andrésdóttir, fyrirlíði Vals, tók við bikarinnum góða.

erikurst@frettabladid.is

Fjórir Íslendingar í þremur liðum í úrslitaleikjum Evrópukeppnanna í handknattleik:

Íslenskir Evrópumeistarar fæðast í dag

HANDBOLTI Leikur Ciudad Real og Barcelona er án efa einn af stórleikjum ársins en þar mætast spænsku risarnir í úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Barcelona er auk þess sigursælasta lið Evrópu með 11 Evrópumeistararitla að baki en Ólafur Stefánsson og félagar hans í Ciudad Real vilja síst fegra þá sögu. „Ég gekk til liðs við Ciudad Real til að vera hluti af nýrri og enn stærri sögu,“ segir Ólafur en hann liðsmenn hans unnu fyrri leikinn, 29–28, eftir að kastað frá sér tækifæri til að vinna leikinn með stærri mun. „Við misstum dampinn og gerðum fullt af mistökum. Þrátt fyrir það unnum við leikinn og getum bætt okkur mikið í dag.“

Leikið verður í Palau Blaugrana-höllinni sem er eitt stærsta heimavallarvígí í hand-



SIGFÚS SIGURÐSSON Stendur í ströngu ásamt öðrum íslenskum handboltamönnum í dag. Fréttablaðið/Pjetur Sigurðsson

boltaheiminum. „Við unnum þá síðast þegar við lékum í Barcelona og því eru þeir ekkert allt of öruggir með sig nú,“

segir Ólafur.

Íslendingaslagur í Þýskalandi
Í Evrópukeppni félagsliða

mætast Íslendingaliðin Magdeburg og Essen en fyrri leik liðanna lauk með 30–22 sigri Alfreðs Gíslasonar og lærisveina hans í Magdeburg. Einn af þeim er línumaðurinn sterki, Sigfús Sigurðsson. Með Essen leikur Guðjón Valur Sigurðsson. Hann segir það vissulega slæmt að hafa tapað fyrri leiknum svo stórt, með átta marka mun, en að sú hindrun sé ekki óyfistíganleg. „Við erum hvergi nærri hættir og ætla ég mér að sækja titilinn hingað til Essen.“

Alfreð hefur áður unnið þessa keppni, það var árið 2001. Þá lék Ólafur Stefánsson undir hans stjórn í Magdeburg.

Leikirnir eru báðir á dagskrá í dag og verður leikur Ciudad Real og Barcelona sýndur beint á Sýn og hefst útsending kl. 14.50.

-esá



HLÆR AÐ JERRY BUSS Shaquille O'Neal kippti sér ekkert upp við ummæli Jerry Buss og gerði grín að árangri Lakers-liðsins í vetur.

Shaquille O'Neal: Svarar Buss fullum hálsi

KÖRFUBOLTI Menn hætta ekki að munnhöggvast þó svo að tæpt ár sé liðið frá því að Shaquille O'Neal sagði skilið við Los Angeles Lakers og samdi við Miami Heat í NBA-körfuboltanum. Jerry Buss, eigandi Lakers-liðsins, sagði að O'Neal hefði ekki hunskað til að létta sig fyrr en hann var kominn til nýs liðs. „Þurfti hann nýtt lið sem hvatningu til að létta sig?“ spurði Buss blaðamenn á dögnum.

O'Neal svaraði um hæl eins og honum er einum lagið: „Ég þurfti ekkert á hvatningu að halda heldur þurfti ég nýjan og alvörugefinn liðseiganda eins og Micky Arison. Og þið megið hafa það orðrétt eftir mér.“ sagði O'Neal, aðspurður varðandi ummæli Buss, en sá síðarnefndi sagðist ekkert sjá eftir því að hafa skipt O'Neal til Miami. „Og ég sé heldur ekki eftir því að hann hafi tapað peningum á því og að lið hans komst ekki í úrslitakeppni.“ sagði O'Neal. - sj

Lampard bestur að mati enskra íþróttafréttamanna

Frábært tímabil miðjumansins Franks Lampard hjá Chelsea var fullkomnað í gær þegar íþróttafréttamenn völdu hann leikmann ársins.

FÓTBOLTI Frank Lampard hjá Chelsea skaut félagi sínum John Terry ref fyrir rass í kjöri íþróttafréttamanna á Englandi á leikmanni ársins. Terry var um daginn valinn bestur af öðrum leikmönnum deildarinnar en fréttamennirnir töldu að hinn 26 ára gamli miðjumaður ætti stærstan þátt í veltengni Chelsea á tímabilinu, en hann hefur skorað 12 mörk í deildinni það sem af er.

Lampard og Terry fengu samtals 90% greiddra atkvæða en ekki var gefið upp hversu miklu munaði á köppunum. Jamie Carragher hjá Liverpool kom síðan í þriðja sæti.

Gerry Cox, framkvæmdastjóri samtaka íþróttafréttamanna í Englandi, sagði að sáralitlu hefði munað á Lampard og Terry. „En Lampard hefur sannað sig í ár sem ekki aðeins besti miðjumaður Englands heldur einn sá besti í sinni stöðu í heiminum.“ sagði Cox um Lampard, sem er aðeins annar leikmaður Chelsea í sögunni til að hreppa verðlaunin en Ítalinn Gianfranco Zola hlaut þau árið 1997. Þá er Lampard aðeins annar enski leikmaðurinn til að fá verðlaunin síðan Alan Shearer fékk þau árið 1994 en hinn er Teddy Sheringham sem fékk þau 2001.

„Alhliða geta hans sem knattspyrnumanns er stórkostleg og hann hefur verið í frábæru formi í allan vetur. Það sem vó þyngst í þessari kosningu var hins vegar



FRANK LAMPARD Hefur átt frábært tímabil fyrir Chelsea og telja íþróttafréttamenn í Englandi hann vera þann besta á landinu.

það að hann hefur skorað 18 mörk á tímabilinu í öllum keppnum sem er ótrúlegur fjöldi marka þegar

um er að ræða miðjumann.“ bætti Cox við.

vignir@frettabladid.is



HREIÐAR GUÐMUNDSSON Leikur með KA næstu tvö árin.

Fámennt hjá ÍR-ingum: KA samdi við Hreiðar

HANDBOLTI Enn kvarnast úr bikar-meistaraliði ÍR því landsliðs-markvörðurinn Hreiðar Guðmundsson er búinn að skrifa undir tveggja ára samning við KA. Líklegt er að hinn markvörður ÍR, Ólafur Gíslason, fari til Sviss og standa ÍR-ingar þá eftir markmannslausir.

„Mig langaði bara að breyta til og fara í nýtt umhverfi. Prófa eitthvað nýtt og svo ætla ég að skella mér í Háskólann á Akureyri. Ætli maður fari ekki í sálfræðina.“ sagði Hreiðar í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Það eru spennandi tímar fram undan hjá KA og margt sem mér líst vel á. Við ættum að mæta til leiks með gott lið í deildina næsta vetur.“ sagði Hreiðar en bætti við að það væri ekki auðvelt að yfirgefa ÍR. „Þetta hefur verið frábær tími og það er stadið frábærlega að öllum hlutum hjá félaginu. Það er alls ekki auðvelt að fara en ég tel að nú sé rétti tíminn að prufa eitthvað nýtt.“

- hbg

4,4% vextir

Sölumenn í samningsstuði

JEPPIA DAGAR!

Opið í dag frá 11 til 16

Fjölbreytt úrval Sértilboð




Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Nú er tækifærið til að fá sér jeppa fyrir sumarævintýrin. Á jeppadögum Biláþings býðst þér fjölbreytt úrval jeppa og fjórhjóladrifsbíla á frábærum kjörum. Sölumenn okkar eru í samningsstuði og bjóða einstök kjör á bílasamningum með aðeins 4,4% vöxtum.

Gerðu frábær kaup í góðum jeppa fyrir sumarið.

BÍLÁÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum



BESTUR Í APRÍL Frank Lampard tryggði Chelsea sigurinn í deildinni með tveimur mörkum sínum gegn Bolton.

Menn aprílmánaðar:

Lampard og Pearce bestir

FÓTBOLTI. Frank Lampard hjá Chelsea og Stuart Pearce, knattspyrnustjóri Manchester City, voru í gær útnefndir leikmaður og þjálfari ársins í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Lampard var að venju lykilmáður í sterku liði Chelsea, sem vann enska meistaratitilinn á dögunum, en það var einmitt Lampard sem skoraði bæði mörk liðsins í leiknum sem tryggði titilinn endanlega. Lampard var nýlega kosinn leikmaður ársins af blaðamönnum á Englandi.

Stuart Pearce hefur staðið sig með þryði síðan hann tók við stjórn Manchester City af Kevin Keegan í mars og bindur hann miklar vonir við að fá að halda starfi sínu áfram í haust, en hann var upphaflega aðeins ráðinn sem afleysingabjálfi þangað til annar maður yrði fenginn í starfið. Undir stjórn Pearce var lið City taplaust í deildinni í apríl og hefur raunar aðeins tapað einum deildarleik síðan hann tók við starfinu.

- BB

Árni Þór á leið í bæinn en er ekki búinn að finna sér félag

Ekki er enn ljóst hvar stórskyttan Árni Þór Sigtryggsson leikur á næstu leiktíð en fjöldi liða vill semja við hann. Árni gerir þó ekki ráð fyrir því að vera áfram á Akureyri.

HANDBOLTI Eftirsóttasti handknattleiksmaður þjóðarinnar, Árni Þór Sigtryggsson, hefur ekki enn ákveðið hvar hann muni leika handknattleik næsta vetur en fjölmörg félög hafa slegist um þjónustu hans síðustu vikur.

Hann er í samningaviðræðum við þýska stórlíðið Flensburg þessa dagana en honum stendur til boða að leika hér heima eitt ár í viðbót áður en hann gengur í raðir félagsins.

Gengur hægt

Árni Þór sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að ekkert væri komið á hreint fyrir utan að hann myndi væntanlega ekki leika áfram með Þór á Akureyri. Skipti þá engu hvort Rúnar bróðir hans tæki við liðinu sem samkvæmt heimildum blaðsins er mjög líklegt.

„Þetta gengur frekar hægt. Ég er í viðræðum við Flensburg þessa dagana og á von á samningstilboði frá þeim hvað úr hverju. Sá samningur tekur gildi eftir eitt ár og ég geri frekar ráð fyrir að taka því tilboði,“ sagði Árni Þór sem stefnir þá á að leika með félagi á höfuðborgarsvæðinu enda ætlar hann sér í háskólanám í höfuðborginni.

Það hefur tekið Árna Þór lengri tíma að ganga frá sínum málum en hann áætlaði í fyrstu og hann játaði að vera ekki alveg viss um hvað hann langaði helst að gera.

Vil vita að hverju ég geng

„Það gæti vel farið svo að ég taki tvö ár hér heima áður en ég fer út. Ég vil ekki skrifa undir hjá ein-



EFTIRSÓTTUR STRÁKUR Árni Þór Sigtryggsson er ákaflega eftirsóttur þessa dagana en hefur þrátt fyrir það ekki enn gert upp hug sinn með framtíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

hverju félagi bara til þess að skrifa undir. Maður vill vita að hverju maður gengur. Ég get farið út núna, eftir ár eða tvö ár.

Svo ef Flensburg semur við einhvern annan, en það eru sögusagnir um að þeir vilji kaupa

landslíðsmanninn Holger Glandorf, þá er ég kominn aftarlega í goggunarröðinni og þá er ekkert víst að ég vilji semja við félagið.

Ég verð bara að sjá til hvað gerist. Svo er líka áhugi liða frá Spáni sem væri gaman að skoða

þannig að ég gæti endað hvar sem er,“ sagði Árni Þór Sigtryggsson sem neitaði því ekki að hann væri orðinn örlítið þreyttur á að hafa þessa hluti hangandi yfir sér. Hann vonast til að klára sín mál í næstu viku.

henry@frettabladid.is

Gott gengi íslensku landsliðanna á Norðurlandamótinu í körfubolta sem fer fram í Svíþjóð:

Fjórir sigrar í fyrsta sinn í sögunni

KÖRFUBOLTI Íslensku unglíngaliðið in eru að standa sig á Norðurlandamótinu í Svíþjóð og þriðji dagurinn á mótinu var sögulegur því þá unnu íslensku liðin fjóra sigra í fyrsta sinn. Íslensku liðin léku fimm leiki og strákarnir í 16

ára liðinu unnu þar af báða sína leiki.

Eldri liðin hafa unnið fimm af sex leikjum sínum, stelpuliðið tryggði sér sæti í úrslitaleiknum með fjögurra stiga sigri á sterku liði Finna, 95-91, eftir að hafa

lent mest níu stigum undir í seinni hálfleik, og strákaliðið stendur vel að vígi fyrir síðasta leikinn gegn Finnum en strákarnir hafa unnið alla sína leiki.

Helena Sverrisdóttir var með þrefalda tvennu í sigrinum á

Finnum; skoraði 29 stig, tók 16 fráköst og gaf 12 stoðsendingar, en þrír leikmenn liðsins skoruðu á þriðja tug stiga því Bryndís Guðmundsdóttir (23) og Pálína Gunnlaugsdóttir (21) skoruðu báðar yfir 20 stig.

Brynjar góður

Brynjar Þór Björnsson skoraði 25 stig á 19 mínútum fyrir strákaliðið þar sem allir fengu að spreyta sig.

Strákarnir í 16 ára liðinu gerðu sér lítið fyrir og unnu báða leiki sína í dag; fyrst tveggja stiga sigur á Dönum, 68-66, í spennuleik og svo með öruggum 22 stiga sigri á Norðmönnum, 92-70. Strákarnir hafa unnið alla þrjá leiki sína en þurfa engu að síður að vinna Finna á morgun til þess að vera öruggir í úrslitaleikinn.

Miklar framfarir

Yngra stelpnaliðið sýndi miklar framfarir í tapi gegn Svíum sem eru með sterkasta liðið en hafa engu að síður tapað öllum þremur leikjum sínum. Stelpurnar eiga möguleika á að leika um þriðja sætið vinnist síðasti leikurinn gegn Noregi í dag.

Hjörtur Hrafn Einarsson skoraði samtals 53 stig og tók 24 fráköst í leikjum dagsins, Þröstur Jóhannsson bætti við 37 stigum og 28 fráköstum og Rúnar Ingi Erlingsson lét veikindi ekki hafa áhrif á sig og var með 12 stig og 7 stoðsendingar í báðum leikjum.

ooj@frettabladid.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

NM í körfubolta

16 ÁRA STRÁKAR:

ÍSLAND-DANMÖRK 68-66
Stig Íslands: Hjörtur Hrafn Einarsson 25 (11 fráköst, 6 stoðsendingar), Þröstur Jóhannsson 16 (16 fráköst), Rúnar Ingi Erlingsson 12 (7 stoðsendingar), Páll Fannar Helgason 8, Arnar Freyr Lárusson 4, Elías Kristjánsson 2 og Helgi Björn Einarsson 1.

16 ÁRA STRÁKAR:

ÍSLAND-NOREGUR 92-70
Stig Íslands: Hjörtur Hrafn Einarsson 28 (13 fráköst, 5 varin skot), Þröstur Jóhannsson 21 (12 fráköst, 6 varin skot), Rúnar Ingi Erlingsson 12 (7 stoðsendingar, 6 fráköst), Arnar Freyr Lárusson 10, Hjalti Friðriksson 7, Páll Fannar Helgason 5, Helgi Einarsson 4, Elías Kristjánsson 3 (5 stoðsendingar), Friðrik Guðni Óskarsson 2.

18 ÁRA STELPUR:

ÍSLAND-FINNLAND 99-95
Stig Íslands: Helena Sverrisdóttir 29 (16 fráköst, 12 stoðsendingar, 4 varin skot), Bryndís Guðmundsdóttir 23 (12 fráköst), Pálína Gunnlaugsdóttir 21 (6 stolnir, 5 stoðsendingar), María Ben Erlingsdóttir 17, Sigrún Ámundadóttir 5, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 4.

18 ÁRA STRÁKAR:

ÍSLAND-DANMÖRK 85-51
Stig Íslands: Brynjar Þór Björnsson 25 (19 mínútur, hitti úr 9 af 14 skotum), Árni Ragnarsson 10, Árni Þór Jónsson 9, Ellert Arnarson 8, Hörður Axel Vilhjálmsson 8 (5 stoðsendingar), Emil Jóhannsson 6, Sigurður Þorsteinsson 6 (6 fráköst, 6 varin skot), Vésteinn Sveinsson 5, Hafþór Björnsson 4, Ólafur Torfason 2 (11 fráköst), Darri Hilmarrson 2.

16 ÁRA STELPUR:

ÍSLAND-SVÍÞJÓÐ 39-79
Stig Íslands: Unnur Tara Jónsdóttir 7 (7 fráköst, 6 stolnir), Berglind Anna Magnúsdóttir 7, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 6 (11 fráköst), Íris Sverrisdóttir 5, Margrét Kara Sturludóttir 5, Hafþór Hálfdánardóttir 5, Fanney Lind Guðmundsdóttir 2 og Alma Rut Garðarsdóttir 2.



KOMNAR Í ÚRSLITALEIKINN Stelpurnar í 18 ára landsliðinu fögnuðu vel eftir sigur á Finnum í gær því með honum tryggðu þær sér sæti í úrslitaleiknum á sunnudag fyrst íslenskra liða en bæði strákaliðin eiga góða möguleika á að bæta sig í hópinn í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/BJARNI GAUKUR

ÚR SPORTINU

Houston Rockets og Boston Celtics náðu að knýja fram oddaleiki í fyrstu umferð úrslitakeppinnar í NBA-körfuboltanum. Rockets jafnaði metin gegn Dallas Mavericks með öruggum heimasigri, 101-83, og fór

Tracy McGrady hamföllum í leiknum og skoraði 37 stig, tók 8 fráköst og gaf 6 stoðsendingar. Celtics vann Indiana Pacers, 92-89 á útivelli í miklum hitaleik þar sem **Paul Pierce** var rekinn af velli með tvær tæknivillur. **Antoine Walker** var stigahæstur Celticsmanna með 24 stig og 11 fráköst en liðin mætast í hreinum úrslitaleik í Boston í kvöld.



Heimsmeistaramótið í íshokki er nú í fullum gangi í Austurríki.



Kanada tryggðu sér toppsæti B-riðils með góðum sigri á Bandaríkjamönnum, 3-1, í fyrradag. Kanadamenn bættust þar með í hóp Svía og Tékkna sem er taplausir það sem af er. Flestir hallast að sigri

Kanadamanna á mótinu en þeir eru tvöfaldir heimsmeistarar.

Ólafur Ívar Jónsson mun ekki leika með Keflavík í Landsbankadeildinni í knattspyrnu í sumar. **Ólafur**, sem áður lék með Grindavík og Tindastól, tók þá ákvörðun að hætta með liðinu vegna anna í vinnu en sagði ekki loku fyrir það skotið að spreyta sig með liði á Suðurnesjunum í neðri-deild.

Það saud vel upp úr á leik Parma og CSKA Moskvu í undanúrslitum UEFA bikarkeppinnar í fyrirkvöld.



CSKA komst yfir snemma í leiknum en þá fór allt í háaloft og köstuðu áhorfendur blysum inn á völinn. Þá sprakk flugeldur nærri höfuð **Luca Bucci**, markvarðar Parma, sem varð frá að vikja vegna höfuðverkjá og ógleði. Rúmlega 40 stuðningsmenn CSKA voru handteknir og hefur Parma sent út kvörn til UEFA vegna málsins.

Fórráðamenn Lazio gengu loksins frá greiðslum til Manchester United fyrir Hollendinginn **Jaap Stam** en tæp fjögur ár eru liðin síðan Lazio samdi við

United um kaup á **Stam** fyrir 16 milljónir punda. Félagið átti í miklum fjárhagsvanddræðum og gat ekki staðið við að greiða United eigi síðar en ári eftir kaupin eins og til stóð. **Stam** var síðan seldur til AC Milan fyrir 4 milljónir punda á síðasta ári. United-menn höfðu í hyggju að stefna Lazio vegna málsins en héldu því ekki til streitu. Hvort United hefur látið enskum handrukkrum þetta verkefni í té skal látið ósagt hér en vegna tafarinnar bættust 1,3 milljónir punda við kaupverðið.



Kólumbíumaðurinn **Juan Pablo Montoya**, ökumaður hjá McLaren í Formúlu 1, klessukeyrði bíl



sinn á æfinu fyrir spænska kappaksturinn sem fram fer í Barcelona um helgina. **Montoya** gekk þó nánast heill til skógar eftir slysið að undanskildum smávægilegum axlarmeðslum. **Montoya** hefur ekki átt sjö daganna sæla það sem af er og þurfti að bíta í það súra epli að missa af kappakstrinum í Barein vegna meiðsla sem hann hlaut í tennis.



AFTUR Í HAFNARFJÖRDINN Atli Hilmarsson gerði KA-menn að meisturum fyrir þremur árum og er nú kominn á kunnuglegar slóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Atli og Kristján taka við handboltaliðum FH: Ætla sér stóra hluti

HANDBOLTI Handknattleiksdeild FH ætlar sér stóra hluti næsta vetur og í gær tilkynnti liðið hverjir taka við þjálfun meistara-flokks karla og kvenna hjá félaginu. Atli Hilmarsson hefur verið ráðinn þjálfari karla liðs félagsins og Kristján Halldórsson, fyrrverandi kvennalandsliðsþjálfari, mun taka við kvennaliðinu. Báðir hafa samið við félagið til þriggja ára og mun Arnar Geirsson verða aðstoðarmaður Atla, ásamt því að sjá um þjálfun annars flokks.

FH-ingar gera kröfu um betri árangur á næsta tímabili eftir nokkur mögurr ár og hafa nú ákveðið að efla allt starf í kringum handboltann. Atli Hilmarsson

þjálfaði síðast KA hérlendis og gerði liðið þá að Íslandsmeistara.

Fréttablaðið spurði Atla hvað hefði orðið til þess að hann ákvað að snúa aftur í Hafnarfjörðinn. „Það lá fyrir ákvörðun í fjölskyldunni að snúa aftur á höfuðborgarsvæðið. FH-ingar voru búnir að vera mikið í sambandi við mig og ég gat ekki neitað tilboði þeirra þegar ég sá hversu stóra hluti menn ætla sér hjá félaginu. Ég átti frábær ár hér í FH með áratugar millibili sem bæði enduðu með titlum, svo að ég hlakka til að takast á við það verkefni að byggja upp handboltann á ný hjá félaginu,“ sagði Atli Hilmarsson.

baldur@frettabladid.is



KOMINN HEIM Kristján Halldórsson er mættur á ný í íslenska boltann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um fasteignir og heimili á mánudögum í Fréttablaðinu.



Nýtt Oxygen
Rapid white

Tannhvítunarefni
Virkar betur
Meðmæli tannlækna

Fæst í apótekum
Hagkaupum og B. Magnússon

STUÐ MILLI STRÍÐA · Frídagar eru himnasending

FREYR BJARNASON SKRIFAR UM FRÍDAGA OG GILDI PEIRRA FYRIR HINN VINNANDI MANN



Frídagar eru oft en ekki algjör himnasending fyrir almenning, hvort sem hann stundar vinnu eða skóla af fullum krafti. Mitt í öllu stressinu sem þúinu getur fylgt kemur allt í einu eins og þruma úr heiðskíru lofti dagur þar sem hægt er að staldra við og anda aðeins. Ekki slæmt það.

Það góða við frídagana eins og sumardaginn fyrsta og uppstigningardaginn, sem margir vita reyndar ekki um hvað snýst, er að þeir geta bjargað vikunni. Margir mæta í vinnuna eða skólann á

mánudegi og leiðist að þurfa að hugsa til þess að heil fimm daga vinnuvika sé fram undan þar sem ekkert er hægt að slappa af, bara þúða, þúða, þúða. Þegar þeir vita hins vegar af frídegi, eins og þessum tveimur fyrirtöldu, birtir aftur á móti til í huga þeirra og öll vinnan verður leikur einn. Fólk hugsar: „bara þrjú dagar, síðan frí, síðan einn dagur, og síðan er komin helgi. Ekkert máll!“ Síðan brosir það bara sínu breiðasta.

Þrátt fyrir þetta tekst samt alltaf einhverjum fylgipúkunum að sjá svörtu hliðarnar á frídögum með því að kvarta undan því að þeir ættu frekar að vera á einhverjum öðrum dögum. Auðvitað er ekki hægt að ráðskast með frí-

daga til þess eins að þeir henti ákveðnum aðilum eitthvað betur. Þessir dagar eru bara þegar þeir eru og þannig er það nú bara.

Auðvitað hentar það samt oft betur að hafa frídagana sitt hvorum megin við helgina, til að mynda á jólum og páskum, en ég held að það sé algjör orkueyðsla að vera eitthvað að kvarta yfir því. Þegar fríð hittir á „réttá“ daga í kringum hátíðirnar er frekar bara um að gera að njóta þeirra ennþá betur.

Þeir sem eru ósáttir við tíma-setningu frídagana geta alltaf tekið sér frí í vinnu eða skóla til að láta þetta allt saman smella hjá sér. Á meðan sitjum við hin sátt við okkar hlut. ■

Vorsýning
Kvöldskóla Kópavogs

2005

verður sunnudaginn 8. maí
kl. 12 til 17
í Snælandsskóla v/ Furugrund

Bókband Tungumál
Íkonagerð Hurðarkrans
Bútasumur Leirmótun
Crazy Quilt Silfursmíði
Fatasumur Trésmíði
Frístundamálun Útskurður
Glerlist Baldering
Gler- og postulínmálun Skattering
Haustkransagerð Þjóðbúningagerð

Allir velkomnir!

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott




Sumar gjafir skipta öll börn máli!
Gefum börnum góða sumargjöf



FRÁ LEIKSTJÓRA DIE ANOTHER DAY

XXX
THE NEXT LEVEL

SMS LEIÐUR

» SENDU SMS SKEYTIÐ JA X2F Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ.

11. HVER VINNUR.

VINNINGAR ERU MIÐAR FYRIR TVÖ Á XXX2 VARNINGUR TENGUR MYNDINI » DVD MYNDIR MARGT FLEIRA.

BT FM 957

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb, 99 kr/skeytið



EUROVISION VEDMÁLID

Pú færð sjónvarpið **ENDURGREITT**
ef Ísland **VINNUR** EUROVISION

MEDION

Medion 42" Plasmasjónvarp

MD35798

- Mynd í Mynd (PIP) • Tveir sjónvarpsmóttakarar
- Mikil skerpa, 5000:1 • Birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i • HDCP stuðningur
- Innbyggðir viðóma hátalarar • Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi • Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN) • Þyngd án stands: 38kg
- Þyngd með standi: 42kg

42"

Plasmasjónvarp

**HDTV
READY**

19.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

239.988

STADGREITT

**PÝSK
GÆÐI**



Sex DVD myndir fylgja **FYLGIR**

Meiri myndgæði

Mikil birta og skerpa ásamt HDTV stuðningi gerir tækið tilbúið fyrir framtíðina..

Mynd í mynd!

Ekki missa af neinu, þú getur horft á tvær sjónvarpsstöðvar í einu. Þú ræður hvort seinni sjónvarpsstöðin er hornmynd eða skjánum skipt í tvennt.

Miklir tengimöguleikar

2 SCART tengi og S-Video tengi sem gerir þér kleyft að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISAstóran tölvuskjá ásamt fullt af öðrum tengimöguleikum.

Vönduð hönnun

Punnur áframmi og silfrað útlit ásamt því að standa á glerfæti gerir þetta að einkar veglegu tæki.

Heimabíó

Fjölkerfa heimabíó!

mp3

DIGITAL
dts
SURROUND

VIDEO CD

DVD
VIDEO

2.499

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

29.988

STADGREITT

BT
Bestu kaupin

BT

BT
DAV SB100

Svona virkar heimabíó



Hátalarakerfi
5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS basshátalara

Dolby Digital/DTS Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!

Fjölkerfa DVD spilar
sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/DVD-R/DVD-RW/JPEG og MP-3

Útvarp
Hlustaðu á útvarpið í brjáluðum gæðum



menning

menning@frettabladid.is

! Kl. 14.00

Málþing um franska heimspekinginn **Jean Paul Sartre**, einn helsta frumkvöðul tilvistarstefunnar, verður haldið í Deigluinni á Akureyri. Sartre hefði orðið hundrad ára þann 21. júní næstkomandi. Frummælendur á málþinginu verða Páll Skúlason, Ragnar Hólm, Sigríður Þorgeirsdóttir og Vilhjálmur Árnason.



Tilfinningar til sölu

Elísabet Jökulsdóttir tekur á móti gestum á Tilfinningatorginu, sem verður haldið á Hressó í dag milli klukkan 14 og 17. Ef veður leyfir verður það haldið í garðinum og þá verður hægt að bera tilfinningar á torg undir berum himni. Að þessu sinni verða óvenjulegar uppá-

komur á Tilfinningatorginu, því að nýrri sýn og nýjum skilningi verður brugðið á tilfinningar í fyrirlestri Sigurðar Bárðarsonar avatarmeistara, sem talar um það hvernig við sköpum tilfinningar okkar og hvernig viðhorf okkar eru uppspretta tilfinninga. Einnig ætla Steinunn Helgadóttir myndlistarmaður að selja tilfinningar, og verða allar tilfinningar til sölu. Steinunn býður meðal annars upp á hreinar tilfinningar, en þær eru dýrari en aðrar tilfinningar og seldar sér. Fólk er hvatt til að mæta, til að tala og hlusta, stutt eða lengi, í gamni eða alvöru, og gæða sér á ljúffengum veitingum á Hressó og upplifa vorstemninguna í miðbænum. Þennan dag er langur laugardagur, þá getur verið upplagt að versla og bera svo á torgið allar þær tilfinningar sem fylgja því.

EKKI MISSA AF...



... sýningu **Daða Guðbjörns-sonar** í Grafíkafni Íslands, sem er til húsa í Hafnarhúsinu í Reykjavík. Gengið er inn hafnar-megin. Sýningunni lýkur um helgina.

... sýningu **Birtu Guðjónsdóttur** í galleríinu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ. Þetta er síðasta sýningarhelgin.

... sýningum á leikritinu **Svik** eftir Harold Pinter í Borgarleikhúsinu.

Tenórinn

ALLRA SÍÐASTA SÝNING

Laugardaginn
7. maí kl. 20.00



Jarnarbakkinn
restaurant

SÝNINGAROPNUN

Fjölskrúðug útskriftarsýning

Í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum útskriftarsýning Listaháskóla Íslands. Þar sýna nærri sjötíu nemendur skólans verk sín og eru þeir bæði úr myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild.

Á sýningunni úir og grúir af fjölskrúðugum verkum úr smíðju nemenda skólans. Þar á meðal er ljósakróna án rafmagns, málverk með hljóði, nýjar harðfiskubúðir, draugur í diktafóni, þungarokk frá Mugison, bangsar sem lækna heimþrá og myrkfælni, almenningsbókasafn og heilsugæslustöð á Landakotstúni, sjálfmyndir, fatahönnun, manngerð fuglshljóð, bókverk, stólar, byggðarmerki fyrir hverfi í Reykjavík, mosa-sæng og listaverk úr sykri, osti og vaxi.

Í austursal Kjarvalsstaða má til dæmis sjá torkennilegar beinagrindur á gólfinu.

„Ég er bara að leika mér með manna- og dýrabein, setja saman einhvers konar skrímli og gefa fólki kost á að virkja ímyndunar-aflið,“ segir Harpa Rún Ólafsdóttir.



ÚTSKRIFAST ÚR ARKITEKTÚR Hjördís Sóley Sigurðardóttir, Anna Sóley Þorsteinsdóttir, Ragnhildur Kristjánsdóttir og Þóra Kjarval.

ir, höfundur þessa verks. Hún er einn af 26 myndlistarnemum sem eiga verk á sýningunni.

Til sérstakra tíðinda telst að á meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni eru sjö nemendur í arkitektúr, sem eru að útskrifast nú í vor. Þetta er í fyrsta sinn sem hér á landi eru útskrifaðir nemendur með prófgráðu í arkitektúr.

„Þetta var búið að blunda lengi í manni,“ segir Þóra Kjarval, einn af arkitektúrmenndunum. Þegar svo tækifærið opnaðist og boðið var upp á arkitektúrnam hér á landi síð hún til og nú, þremur árum síðar, er hún að útskrifast með BA-gráðu.

Hún og stallsystur hennar segja mikilvægt að geta lært byggingarlist hér á landi.

„Kosturinn er sá að við kynnumst bransanum hér á landi,“ segja þær, en bæta við að það sé ekki síður mikilvægt að geta tekið hluta af náminu erlendis.

Enn sem komið er þurfa nemendur að halda út fyrir landsteinana til þess að sækja sér meistaranám í arkitektúr.



HARPA RÚN ÓLAFSDÓTTIR Leikur sér að beinum.

EDITH PIAF

ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson

Í kvöld lau. 7/5 örfá sæti laus, fim. 12/5 uppselt, fös. 13/5 örfá sæti laus, fös. 20/5 örfá sæti laus, sun. 22/5 nokkur sæti laus. Sýningum fer fækkandi í vor.

■ MÝRARLJÓS - Marina Carr

Sun. 8/5 uppselt. Síðasta sýning. Aukásýning fim. 19/5 nokkur sæti laus.

■ KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ævintýraheimur H.C. Andersen, Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.

Sun. 8/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 28/5 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

■ DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson

6. sýn. mið. 11/5 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 21/5 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 26/5 nokkur sæti laus.

■ Litla sviðið kl. 20.00

■ KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh

Mið. 11/5 nokkur sæti laus, fim. 26/5. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

■ Samkomuhúsið á Akureyri kl. 20.00 - Leikför

■ GRÆNA LANDIÐ - Ólafur Haukur Simonarson

Fös. 13/5, lau. 14/5. Miðasala hjá Leikfélagi Akureyrar - www.leikfelag.is - sími: 4600200.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opjó kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

<p style="text-align: center;">STÓRA SVIÐ</p> <p style="text-align: center;">DRAMLEIKUR</p> <p>e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ. Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20</p> <p style="text-align: center;">■ Síðustu sýningar</p> <p style="text-align: center;">HÍBYLI VINDANNA</p> <p>leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20 Su 22/5 kl 20, Fö 26/5 kl 20</p> <p style="text-align: center;">- Síðustu sýningar</p> <p style="text-align: center;">HÉRI HÉRASON</p> <p>e. Coline Serreau Í kvöld 7/5 kl 20, Lau 28/5 kl 20</p> <p style="text-align: center;">- Síðustu sýningar</p> <p style="text-align: center;">KALLI Á ÞAKINU</p> <p>e. Astrid Lindgren Í samstarfi við Á þakinu Í dag kl 14 - UPPS.</p> <p>Su 8/5 kl 14 - Lau 14/5 kl 14 - UPPS. Su 22/5 kl 14 - UPPSELT, Lau 4/6 kl 14 Su 5/6 kl 14, Su 12/6 kl 14, Su 12/6 kl 17 Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14, Su 26/6 kl 14</p> <p style="text-align: center;">■ PURPURI - TÓNLEIKAR FABULU</p> <p>Margrét Kristín Sigurðardóttir Fö 12/5 kl. 21:00</p>	<p style="text-align: center;">NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN</p> <p style="text-align: center;">TERRORISMI</p> <p>e. Presnyakov bræður Fö 12/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20</p> <p style="text-align: center;">■ ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR</p> <p>Einleikur Eddu Björgvinsdóttur. Í kvöld kl 20, Su 8/5 kl 20 - UPPS.</p> <p>Fö 12/5 kl 20 - UPPS, Fö 13/5 kl 20 - UPPS, Lau 14/5 kl 20 - UPPS, Fö 19/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20, Fö 26/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20</p> <p style="text-align: center;">■ SVIK</p> <p>eftir Harold Pinter Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA Fö 12/5 kl 20 - Aukásýning</p> <p style="text-align: center;">■ RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ</p> <p>e. Önnu Reynolds. Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS. Í kvöld kl 20, Fö 13/5 kl 20, Lau 14/5 kl 20</p> <p style="text-align: center;">- Síðustu sýningar</p> <div style="border: 1px solid black; padding: 5px; margin-top: 10px;"> <p style="text-align: center;">Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar</p> </div>
--	--

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

Avaxtakarfan

I AUSTURBÆ

Selma

Eva Áppelstov

Ef spegillinn gæti talað þá myndi hann segja við mig að ég væri fegurast flottust og finust. Það myndi hann segja við mig.

SPARISJÓÐURINN

IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is

Sunnudagur 8. Maí kl: 13:30
Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30

Leikfélag Mosfellsveitar

Ævintýrabókin

barnaleikrit eftir Pétur Eggertz í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

9. sýning Sunnud. 08.maí kl. 14:00

■ Síðasta sýning

Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýraanna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrum. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Óskubuska, Stigvælaði kötturinn og fl.

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-

■ TÓNLEIKAR

Englaraddir í Ráðhúsi

Allir sem gaman hafa af barnaröddum syngja ættu að bregða sér í Ráðhús Reykjavíkur seinni partinn í dag. Þar kemur fram Englakórinn, sem er kór fyrir börn á aldrinum þriggja til sex ára sem söngkonan Natalia Chow stofnaði fyrir tveimur árum.

Kórinn hefur æft einu sinni í viku í allan vetur og eru þessir tónleikar uppskeruhátíð vetrarins. Börnin syngja fjölbreytt úrval laga frá ýmum löndum og láta sig ekki muna um að syngja á framandi tungum, svo sem þýsku, frönsku og jafnvel kínversku.



ENGLAKÓRINN Börn á aldrinum þriggja til sex ára syngja í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag.

Englakórinn kom fyrst fram opinberlega í desember árið 2003. Það var í Hafnarborg í Hafnarfirði á skemmtun sem nefndist Syngjandi jól. Í kórnum eru núna

um það bil 50 börn. Stjórnandi er sem fyrr segir Natalia Chow en undirleikari er Julian Hewlett. Tónleikarnir í Ráðhúsi Reykjavíkur hefjast klukkan 17.

■ HVAD? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

4 5 6 7 8 9 10

Laugardagur

■ KVIKMYNDIR

- 16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir hina umtöluðu mynd Sam Peckinpah, **Straw Dogs** eða Rakkarnir. Aðalleikarar eru **Dustin Hoffman** og **Susan George**.

■ TÓNLEIKAR

- 14.00 Vortónleikar **Tónlistarskóla FÍH** verða haldnir í Hátíðarsal skólans að Rauðagerði 27.
- 14.00 **Englakórinn** heldur vortónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- 14.00 **Stórsveit Nix Noltes, Kristinn H. Arnason** gítarleikari, dansatriði frá Ballettskóla **Eddu Scheving**, **Barnakór Háteigskirkju, Ellen Kristjánsdóttir, Guðbjörn Guðbjörnsson, Örnólfur Kristjánsson, Helga Steinunn Torfadóttir, Sigrún Harðardóttir** og **Douglas Brothie** organisti koma fram á listadagskrá í Háteigskirkju í tilefni fjársöfnunar fyrir nýju orgeli.
- 15.00 Hljómsveitirnar **Gavin Portland** og **Death Metal Supersquad** spila í Gallerí Húmar eða fráegð, Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.
- 16.00 Söngkonumar **Anna P. Hafberg** og **Oddný Sigurðardóttir**, báðar messósópran, ásamt **Gunnari P. Sigmarssyni** bariton flytja í Borgarskirkju lög eftir **Guðmund Óla Sigurgeirsson**, sem hann hefur samið við ljóð eftir **Finn Torfa Hjörleifsson**.
- 17.00 **Karlakór Akureyrar-Geysir** verður með tónleika í Viðistaðakirkju í Hafnarfirði ásamt karlakórnum **Þróstum**.
- 17.00 Kvennakórinn **Seljur** heldur sameiginlega tónleika í Seljakirkju ásamt kvennakórnum **Ljósbrá** frá Hellu. Kórstjóri Seljanna er **Vilberg Viggósson** og undirleikari **Katalín Lörencoz**, kórstjóri hjá Ljósbrá er **Eyrún Jónasdóttir** og undirleikari **Arnildur Valgarðsdóttir**.
- 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** býður til rokkónlistarveislu í Háskólabíói með söngkonunum **Zuzka Mikova, Nikoleta Spalassova** og **Gabina Urbankova**. Stjórnandi er **Friedemann Riehle** en **Frantisek Hönig** leikur á trommur.
- 20.30 **Karlakór Keflavíkur** heldur sína árlegu vortónleika í Ýdölum. Einsöngvarar eru **Steinn Erlingsson** bariton og **Davíð Ólafsson** bassi. Undirleikur annast **Sigurður Marteinson** á píanó, en stjórnandi er **Guðlaugur Víktorsson**.
- 22.00 **Petter Winnberg**, bassaleikari Hjalma, verður með reggítónleika í Stúdentakjallaranum ásamt hljómsveit sinni **Rætur**.
- 23.00 **Haraldur Ingi, Indigo, Groundfloor, Pétur Ben** og **Santiago** koma fram á **Kántrihátíð** á Grand Rokk.
- 23.00 Hljómsveitin **Jet Black Joe** verður með tónleika á veitingahúsinu Gauki á Stöng. Hljómsveitin **Sign** hitar upp með alvöru rokki.
- 23.00 Hljómsveitni **Mínus** verður með tónleika á Bar 11 við Laugavegin og vígir nýtt svið á staðnum, sem hefur verið tekinn í gegn.

■ OPNANIR

- 14.00 Sýningin **Fyrirheitna landið** verður opnuð í Þjóðmenningarhúsinu.
- 19.00 **Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands** verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum.

■ SKEMMTANIR

- 23.00 **Mannakorn** verða með dansleik á Kringlukránni.
- Hljómsveitin **Brimkló** skemmtir á Odd-vitanum á Akureyri.
- Stórdansleikur með **hljómsveit Geirmundar Valtýssonar** verður í Klúbbnum.
- Atli skemmtanalögga** og **Áki pain** á Pravda.

■ FYRIRLESTRAR

- Addi M.** leikur ljúfa tónlist á Catalinu.
- Dúettinn **Acoustics** verður á Ara í Ögri.
- 11.00 **Steinar Björgvinsson**, garðyrkjufræðingur og fuglaáhugamaður, verður með fræðslu í Grasagarði Reykjavíkur. Hann mun ræða um samspil fugla, skordýra og gróðurs og segja frá því hvernig hægt er að laða fugla að gördunum með réttu plöntuvali.

■ FUNDIR

- 14.00 **Páll Skúlason, Ragnar Hólm Ragnarsson, Sigríður Þorgeirsdóttir** og **Vilhjálmur Árnason** eru frummælendur á málþingi um franska heimspekinginn **Jean Paul Sartre**, sem haldið er í Deigluhlunni á Akureyri í tilefni þess að Sartre hefði

orðið hundrað ára í júní næstkomandi.

■ SAMKOMUR

- 17.00 **Tilfinningargið** verður haldið á Hressó. Ef veður leyfir verður það haldið í garðinum og hægt að bera tilfinningar á torg undir berum himni.

A afmiskrá eru gömul og ný uppháldsleg, íslensk og

Vortónleikar Kvennakórs Reykjavíkur

sunnudaginn

8. maí kl. 17:00

Grafarvogskirkju

nánari þjóðlög krydduð með saxófón- og píanóveiflu.

Míðapóttur: kvk@rmedia.is eða í síma 896 6468.

Apótekarinn eftir Haydn

Óperustúdíó Íslensku Óperunnar og Listaháskóla Íslands

8. maí kl. 20 - 4. sýn
10. maí kl. 20 - 5. sýn - Lokasýning

Ath. Aðgangur ókeypis

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

Á ljóðsins vængjum.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

Tónleikar í Viðistaðakirkju í Hafnarfirði laugardaginn 7. maí kl. 17:00. Flutt verða lög við ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Með kórnum syngja óperusöngkonurnar Alda Ingibergsdóttir og Hulda Björk Garðarsdóttir. Gestakór er Karlakórinn Prestir Hafnarfirði.

Karlakór Akureyrar-Geysir

KRINGLUKRÁIN

Mannakorn í kvöld

Borðapantanir í síma 568 0876 | www.kringlukrain.is

- Sérrettamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópatmatseðill



F Y N D I Ð • F E R S K T • F J Ö R U G T • F A R S A K E N N T

HÉRI HÉRASSON

eftir Coline Serreau

Leikstjóri: Stefán Jónsson

„Ég hef sjaldan séð Hönnu Maríu gera betur.“
María Kristjánsdóttir / Morgunblaðið
...sýningin var ekki bara skemmtileg og glettilega sett saman heldur komst grafalvarlegur boðskapur hennar mjög vel til skila.“
Elisabet Brekkan / DV

„Það er mikill uppgangur í Borgarleikhúsinu þessa daga og sýningin á Héra Hérasoni er dæmi um hve leikhúpurinn í húsinu mætir gríðarlega sterkur til leiks.“
Valgeir Skagfjörð / Fréttablaðið

„Brilljant leikhús!“
Valgeir Skagfjörð / Fréttablaðið
„Stefán Jónsson hefur, ásamt Berki Jónssyni og hinum, í stuttu máli sagt, gert farsann að listrænum viðburði. Geri aðrir betur.“
María Kristjánsdóttir / Morgunblaðið



BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Míðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is



MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Kjólasumar í bígerð

Þessi efnismikla og víða tíska sem nú ræður ríkjum er meira en lítill heillandi og kærkomin hvíld frá niðbröngum pólfesterbuxum og þröngum bolum. Þessir víðu tískastrumar eru líka æði fallegir svo ekki sé meira sagt. Ég er algerlega komin með nóg af niðbröngum bolum úr gerviefnum sem láta mestu mjónur líta út fyrir að vera þykkholda. Það er nefnilega yfirleitt ekkert að vaxtarlaginu, það eru fötin sem eru óklæðileg, ekki satt? Með þennan frasa að vopni verður mun auðveldara að velja sér fatnað við hæfi og finna sinn stíl. Það kemur einhvern tímann að þeim tímamarki að konur fatta þetta og finna út hvað klæðir þær best. Víðu pilsin og mussurnar eru að sjálfsögðu misklæðileg en þá er málið að reyna að finna eitt-hvað við hæfi. Ef viðkomandi er með þykk læri er alveg ógerningur að láta skyrtna enda þar sem lærin eru breiðust, jafnvel þótt belti sé sett örlítið fyrir neðan mittislínu. Lykilatriði fyrir því að indverskar mussur og flikur í þeim dúr séu klæðilegar er að þau séu úr þunnum efnum. Svo er alltaf gott að fara eftir þeirri reglu að vera í aðsniðnu að neðan ef efri parturinn er víður og öfugt. Það skapar hið fullkomna jafnvægi. Í sumartískunni ber mikið á litríkum kjólum með brjáluðum mynstrum. Sumir eru rósóttir en aðrir bera stór grafísk mynstur. Þessir kjólar eru ferskir og flottir og ég held að ég geti alveg full-yrst að við verðum að eiga einn slíkan í fataskápnunum. Það er líka svo gott að eiga svona flikur sem maður getur bæði verið í spari og hversdags. Við hátíðleg tækifæri bætir maður við skarti og einhverjum fylgihlutum ásamt dömulegum hælaskóm en í vinnunni er maður nokkur vel settur í leðurstígvélum við. Aðalkosturinn við þessa kjóla er þó hvað þeir skapa litlar tískukrísur. Ekki þarf að eyða óratíma í að finna topp við pilsid og þar af leiðandi jakka sem passar við. Þú skellir þér bara í kjólinn og svo ekki söguna meir. Málið er dautt.

Í versluninni Spútnik er gott úrval af þessum skemmtilegu kjólum en þá má líka finna í Kolaportinu, Kultur og Galleri Sautján. Hátískuhönnuðir á borð við Paul Smith, Stellu McCartney og Moschino sýndu þá í vorluninni sinni. Þetta ætti því að vera nokkuð skothelt.



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS / GETTY IMAGES



BLEIKUR kjóll með indversku þema. Kjóllinn er úr silki og siffoni og hannaður af Givenchy árið 1963.



GLÆSILEIKINN uppmálaður. Svarti kjóllinn er hannaður af Oleg Cassini en hún klæddist honum í Vatikaninu í mars 1962.



KÖFLÓTT DRAGT úr ullar-efni úr smíðju Bob Bugnand. Jackie klæddist dragtinni á árunum 1959-60.

FORSETAFRÚINN átti veglegt hattasafn.



Kjólarinn hennar Jackie



Jackie Kennedy Onassis (1929-1994) fyrrum forsetafrú Bandaríkjanna, var einn af fyrstu „trendsetterum“ í heiminum. Um leið og eiginmaður hennar, John F. Kennedy, tók við forsetaembætti Bandaríkjanna 1961 fór kastljósið að beinast að henni. Í fyrstu vissi hún ekki hvernig hún ætti að taka þessu en athyglin vandist furðu fljótt og áður en hún vissi af var hún farin að kunna vel við sig í sviðsljósinu. Hún vissi líka hvernig fjölmiðlarnir unnu því hún starfaði sjálf sem ljósmyndari á dagblaði áður en hún varð forsetafrú. Jackie var mikill fagurkeri og það átti ekki bara við um falleg föt heldur innanstokksmuni og listaverk. Áhugi hennar á fatnaði var ekki langstóttur því móðir hennar hafði smekk fyrir vönduðum og fínum fötum og afi hennar var ávallt flottur í tauinu. Um leið og hún varð forsetafrú lét hún senda eftir vini sínum, Oleg Cassini, sem var ráðinn sem hirðfatahönnuður Hvíta hússins. Oleg var rússneskur gyðingur sem alist hafði upp í Flórens á Ítalíu en flutt til Bandaríkjanna 1936. Jackie fannst hann ekki bara góður hönnuður heldur dáði hún evrópskt fas hans. Hún gerði sér grein fyrir að hún væri fyrirmynd bandarískra kvenna. Marilyn Monroe, Grace Kelly og Gene Tierney voru einnig miklir addáendur hans. Cassini lagði ríka áherslu á góð efni og flestir

JACKIE klæddist þessari bleiku kápu og var með hattinn í stíl þegar hún heimsótti Nýju-Delhí í Indlandi í mars 1962. Yfirhöfnin er frá Oleg Cassini. Þegar hún var gagnrýnd fyrir að láta sjá sig í svona dýrum fatnaði í þessu fátæka landi bað hún blaðafulltrúann sinn að segja að fötin væru frá flóamarkaði Ritz-hótelins.

kjólarinn sem hann hannaði á Jackie voru úr 100% silki eða öðrum fínum efnum. Hún kunnir líka að meta hönnun Hubert de Givenchy og Chanel-dragtir voru nánast einkennisbúningur hennar. Hún var iðulega á penum skóm með lágum hæl og í kápum í björtum litum. Hún lagði mikið upp úr því að fatnaður hennar væri vel sniðinn og færi henni sem best. Fataskápurinn var hugsaður í þaula og það kom sjaldan eða aldrei fyrir að hún klæddist á óviðeigandi hátt. Þegar fataskápur Jackie er skoðaður nánar kemur í ljós að tískastrumar dagsins í dag eru í hennar anda með öllum stuttu jökkunum, kápunum og pilsunum. Í dag er tíska poppaðri en flott er að blanda jökkum í anda Jackie við gallabuxur eða hippaleg pils. Hattarnir eru það einnig sem er á skjön við íslenska götutísku, en það er líklega bara vegna veðurfarsins á klakanum.

martamaria@frettabladid.is



BÝFLUGU-KJÓLL Þessi er úr silki og flaueli en hannaður af Chez Ninon. Jackie klæddist þessum kjól í Hvíta húsinu í september 1961.

Vestadýrð

Vesti eru eitt af því sem allar konur verða að eiga í sumar. Þau eru ekki bara smart heldur stjarnfræðilega klæðileg. Þau fara vel við gallabuxur og víðu þjóðernispilsin sem eru svo áberandi núna. Fallegt er að vera í skyrta innan undir vestinu en þær geta bæði verið hippalegar og klassískar. Vestin eru þess eðli að það er alger óþarfi að eiga fleiri en eitt svo framarlega sem þetta eina er að gera góða hluti. Það er líka lenska að allar flikur verði að passa saman. Núna er málið að brjóta upp hefðina og passa sig á því að vera ekki „of“ stíliseráður.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JACKIE KENNEDY var ein af fyrstu „trendsetterunum“ í Ameríku en stíll hennar breiddist yfir heimsbyggðina á örstuttum tíma.



Fullt af frábærum TILBOÐUM

í verslunum í Mjóddinni, komdu og kynntu þér málið

MJÓDDIÐ

VORDAGAR 6. til 13. maí

DAGSKRÁ

Laugardagur 7. maí kl. 12:00

Reiðhjólaverslunin GÁP kynnr reiðhjól kl. 13:30-15:30

Grillaðar Goða pylsur og Pepsi Max fyrir gesti Allir krakkar fá ljúffengan Kjörspinna kl. 14:00 - 16:00

Jazz sveitin Þriðji kötturinn leikur með léttu sveiflu



SMEKKURINN SÓLEY ÁSTUDÓTTIR FÖRÐUNARMEISTARI

Glysgjarn töffari

Sóley starfaði lengi sem stílisti, bæði hérlendis og í Svíþjóð og hefur gríðarlegan tískuáhuga. Í Svíþjóð vann hún við að stíliserar tónlistarmyndbönd og fleira og kynntist fullt af frægu fólki í gegnum starfið. Núna kennir hún Íslendingum réttu handtökin í förðun.

Spáir þú mikið í tiskuna? Alveg rosa-lega, ég horfi mikið á Fashion Tv og tónlistarstöðina MTV, fletti tiskublöðum, skoða tísku á netinu og horfi á fólk í kringum mig. Ég fæ mikinn innblástur af því að fylgjast með nemendum mínum en þau skoða mikið af tísku og eru mjög meðvitud.

Uppáhaldshönnuðir? Þeir eru svo margir: Dolce & Gabbana, Armani og Donna Karan eru í upphaldi en um

leið hrífst ég af pælingum H&M keðjunnar sem apar eftir hátískuhönnun og gerir venjulegum konum kleift að vera flottar og smart.

Fallegustu litirnir? Ég klæðist yfirleitt svörtu og er mikið í gallabuxum. Ég er megahrífin af brúnu og ferskjulituðu, en það er kannski bara af því að það fer mér svo vel.

Hverju ertu mest svag fyrir? Ég er skó- og skartsjúk. Kaupi frekar dýrt skart en eitthvert skran. Lára gullsmíður á Skólavörðustíg býr til mjög fallega hluti.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Ég keypti mér fullan poka af joggingfötum í versluninni Zöru í Smáralind. Ég var að byrja hjá einkaþjálfara og þar sem ég þoli ekki að vera alltaf í sömu fötunum.

Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor- og sumartískunni? Það er þessi frjálstíll stíll sem gerir það að verkum að konur þurfa ekki að vera í brjáluðum pinnahælum til að vera smart. Það er hægt að vera í afslöppuðum fötum en vera samt rosalega kúl.

Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir sumarið? Ég er að reyna að halda í budduna því ég er að fara til Stokkhólms í sumar. Þar ætla ég að versla í H&M, Armani búðinni og kíkja á skemmtilega fatahönnuði sem eru með verslanir þar í borg.

Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði? Það er misjafnt. Það getur verið frá 30 upp í 50 þúsund.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?

Náttbuxna og gallabuxna.

Uppáhaldsflík? Fyrir fimm árum keypti ég svarta samfellu frá Dolce & Gabbana. Hún er alltaf í jafn miklu upphaldi því hún er falleg undir gegnsæja boli og svo virkar hún alveg undir jakka.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Ég myndi fara til New York eða Los Angeles.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Grár Armani-jakki sem er úr þunnu efni með strandkrag. Þegar ég bjó í Stokkhólmi bjó ég rétt hjá Armani-versluninni og varð fyrir miklum áhrifum. Þessi jakki er ákaflega fallegur á herðatréi en hann virkar engann veginn þegar ég er í honum. Hann flokkast því undir hin verstu kaup.



Japönsk kirsuber

Japanski hönnuðurinn Takashi Murakami á heiðurinn af þessu dásamlega kirsuberjamyntstri sem þrýðir nýjustu línu Louis Vuitton. Hann hefur getið sér gott orð sem fjöllista- maður í heimalandi sínu og víða um heim. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann hannar fyrir Louis Vuitton en Takashi hefur hannað mynstur ásamt hönnuði Marc Jacobs. Töskurnar eru æði fallegar enda þolir monografið vel að fá smá upplýtingu og svo eru kirsuber líka svo góð á bragðið. Kirsuberin eiga líka vel heima með öllum hinum ávöxtunum sem þrýða margar flíkur þetta misserið. Töskurnar eru bæði fallegar við spariþjóra og gallabuxur. Einu vonbrigðin eru að enn er ekki komin Louis Vuitton-verslun til Íslands og þarf landinn að heimsækja önnur lönd til að komast í tæri við töskurnar.



JAPANSKI LISTAMAÐURINN Takashi Murakami veit hvað hann syngur.

Italsofa

The Italian Touch

Verðdæmi:
Italsofa
Hornsófi/svefnsófi með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrifa. Verð kr. **175.000.-**

Verðdæmi:
Parisot Clic Clac
Svefnsófi með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrifa. Verð kr. **39.000.-**

Verðdæmi:
Italsofa
Hornsófi með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrifa. Verð kr. **125.000.-**
Með leðuráklæði verð kr. **189.000.-**

Mikið úrval af hornsófum, sófasettum og stökum sófum með leðri eða með áklæði

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl. 10-18 Laugard 11-16

GÖTUMARKAÐUR

opið í dag 12-18

Allt á 500 eða 900 kr.

MERKJAVARA Á ÖTRÚLEGU VERÐI

DKNY **4YOU**
DIESEL **EVERLAST**
LEVI'S **FILA**
INWEAR **STUDIO NY**
FCUK **GERARD DAREL**
TARK **IMITZ**
WRANGLER **SAINT TROPEZ**
LEE **KOOKAI**
MATINIQUE **MORGAN**

ÞRIÐJA HVER FLÍK FRÍ !!!

(ÞÚ KAUPIR TVÆR FLÍKUR OG FÆRÐ ÞRIÐJU FRÍTT)

ATH. MIKIÐ ÚRVAL AF SKÓM

+ OUTLET 10 + + +

merki fyrir minna

merki fyrir minna

OUTLET 10

FAXAFENI 10

s. 533 1710

Hótel Rúanda: Valin besta myndin á IIFF 2005

Leikstjórinn fær Jökul sendan til sín

Kvikmyndahátíðin IIFF 2005 stóð yfir í tæpan mánuð og sló svo sannarlega í gegn. Yfir þrjátíu þúsund gestir mættu á sextíu og fimm myndir og þeir hafa nú skilið að álitinu á hvaða mynd var best. Það var kvikmyndin Hótel Rúanda sem fékk flest atkvæði en myndin lýsir þjóðarmorðunum í Rúanda á einstakan hátt. Leikstjóri myndarinnar, Terry George, fær því stytta háttíðarinnar, Jökul, senda til sín en það er lítil feitur, nakinn og frekar feiminn karl. Það voru Mótörhjóladagbækurnar sem lentu í öðru sæti og þýska myndin Fallið í þriðja en hægt var að kjósa á netinu eða skila atkvæðaseðlum sem lágu frammi í kvikmyndahúsunum.

Anna Marín Schram, verkefnisstjóri hjá IIFF, sagði aðsóknina á hátíðina hafa farið fram úr björtustu vonum. „Þetta var vissulega tilgangurinn, að fá fólk í bíó, en



HÓTEL RÚANDA Myndin um þjóðarmorðin í Rúanda snart kvikmyndahúsa-gesti mest og var hún valin besta myndin á hátíðinni.

VINSÆLUSTU MYNDIRNAR

- 1) Der Untergang (Fallið)
- 2) Diarios de motocicleta (Mótörhjóladagbækurnar)
- 3) La Mala educacion (Slæm menntun)

BESTU MYNDIRNAR

- 1) Hótel Rúanda
- 2) Diarios de motocicleta (Mótörhjóladagbækurnar)
- 3) Der Untergang (Fallið)

við hjuggumst ekki við þessum viðbrögðum.“ Fallið var vinsælasta myndin á hátíðinni og Mótörhjóladagbækurnar næstvinsælastar.

Anna Marín segir viðburði eins og Spurt og svarað hafa mælst vel fyrir. „Þetta var alveg pottþétt. Það var reyndar erfitt að fá fólk af stað en þegar það komst í gang var erfitt að stoppa það,“ segir hún.

Kvikmyndahátíðin vakti einnig

ANNA MARÍN SCHRAM

Segir viðtökurnar við hátíðinni hafa farið fram úr björtustu vonum.



FALLIÐ Kvikmyndin um síðustu daga Adolfs Hitler var vinsælasta myndin á IIFF 2005 kvikmyndahátíðinni.

töluverða athygli fyrir að sýna myndir sem kannski aðrir höfðu ekki hugreki til þess að sýna. „Við ætlum að halda áfram að sýna góðar myndir og taka áhættu,“ segir Anna Marín og reiknar með því að undirbúningur fyrir næstu hátíð fari í gang eftir kvikmyndahátíðina í Cannes.

freyrgija@frettabladid.is

■ TÓNLIST



SAMNINGURINN Í HÖFN Selma Björnsdóttir ásamt Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni P. Árnasyni, bankastjórum Landsbankans, eftir undirritun samningsins.

Selma helgar sig Eurovision

Söngkonan Selma Björnsdóttir hefur skrifað undir samstarfssamning við Landsbankann sem felur í sér að bankinn styrkir hana til þátttöku í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Með samningnum fær Selma auknið fjárhagslegt svigrúm til að helga sig þátttöku í þessari mikilvægu keppni. Nú standa yfir miklar æfingar og undirbúningur sem ná hámarki þegar staðið verður á sviðinu í Kænugarði fyrir framan hundruð milljóna áhorfenda.

„Við bankastjórnarnir vitum, eins og þjóðin öll, að Selma vill leggja sig 120% fram í þetta og gerir miklar kröfur til sín og annarra um miklar æfingar og undirbúning, sem felur í sér ákveðið tekjutap því menn eru ekki í annarri vinnu á meðan,“ segir Halldór J. Kristjánsson, banka-

stjóri Landsbankans, í yfirlýsingu sem bankinn sendi frá sér. Selma mun í tilefni af þessu taka þátt í auglýsingum fyrir Landsbankann.

„Þetta kemur sér vel. Þetta er kærkominn bónus,“ segir Selma. „Auðvitað styður RÚV dyggilega við bakið á okkur en þetta gefur okkur meira svigrúm. Það hefur öllu verið tjaldað til við undirbúninginn, dýrir búningar keyptir og dansarar sem eru búnir að vinna stöðugt í tvo mánuði, þannig að þetta er alveg frábært.“

Selma segir að upphæð samningsins sé trúnaðarmál, rétt eins og útlit búningsins sem hún mun klæðast í Kænugarði. „Hann er algjört leyndarmál og það kemur bara í ljós 19. maí. Við fórum til London og keyptum efni í hann og ég er mjög sátt við hann. Hún Hildur Hafstein er algjör snillingur,“ segir hún.

■ TÓNLIST



NEVO Heimir Ólafur Hjartarson, söngvari og bassaleikari Nevo, þenur raddböndin á tónleikum. Sveitin spilar í Egilshöllinni 7. júní.

Gríðarlega spennandi

Þungarokkhljómsveitin Nevo frá Akureyri mun hita upp fyrir rokkarana í Iron Maiden á tónleikum þeirra í Egilshöll sjöunda júní.

Nevo hefur verið starfandi síðan í lok árs 2003. Meðlimir hennar eru gítarleikararnir Ágúst Örn Pálsson og Gunnar Sigurður Valdimarsson, Heiðar Brynjarsson á trommur og Heimir Ólafur Hjartarson, söngvari og bassaleikari.

Þegar strákarnir fréttu af því að leit stæði yfir að upphitunarhljómsveit fyrir Iron Maiden ákváðu þeir að senda inn kynningarplötu sína The Jumpstop Theory til tónleikahaldaranna. Nú, nokkrum mánuðum síðar, er Nevo á leiðinni í Egilshöllina þar sem þúsundir manna munu hlýða á hana.

„Þetta er gríðarlega spennandi og mikið stökk fyrir okkur,“ segir Ágúst Örn. „Við höfum á góðum dögum verið að spila fyrir 200 manns þannig að þetta er góð breyting, ég vona það.“

Eins og hjá flestum þungarokkurum hefur Iron Maiden verið í uppáhaldi hjá liðsmönnum Nevo. Ágúst á þó erfitt með að nefna sérstaka áhrifavalda í dag, en sænsku sveitirnar In Flames og Meshuggah eru samt ofarlega á listanum. „Við vorum í bandi sem spilaði sænskt þungarokk, sem er melódískt deathmetal, en ákváðum að hætta og fara bæði í meira þungarokk og fallegri músík,“ segir hann. Næst á dagskrá hjá liðsmönnum Nevo er að æfa eins og vitleysingar fyrir tónleikana í Egilshöll og taka

síðan upp ný lög fyrir fyrstu stóru plötu sveitarinnar. „Við höfum verið sveittir að semja og ætlum að taka upp efni á plötu í haust, en við erum svo heppnir að vera nokkuð klárir í þessum upptökupælingum. Síðan kemur í ljós hver gefur plötuna út, eða hvort við göngum í það mál sjálfir,“ segir hann.

Nevo hefur lítið spilað í Reykjavík en kom þó fram á Iceland Airwaves síðasta haust. Einnig spilaði hún á tvennum tónleikum kanadísku hljómsveitarinnar Into Eternity í október í fyrra.

Uppselt er í A-svæði á tónleikana í Egilshöll en sala er í fullum gangi á B-svæði. Upplýsingar um sölustaði er að finna á www.rr.is.

freyr@frettabladid.is

naes
CONNECTION

OPNUM Í DAG
LAUGARDAG 7. MAÍ
14 - 18

HÆÐASMÁRA 4 • SÍMI 544 5959

Vertu fyrstur!

Fyrsta plata Idol stjörunnar **Hildur Völu** kemur út á þriðjudaginn en **tonlist.is** býður öllum landsmönnum að hlusta á plötuna nú um helgina, áður en hún kemur á markað.



HILDUR VALA



 TONLIST.IS

Áhrifamikil jaðarsveit í heimsókn

Hljómsveitin Sonic Youth, sem heldur tvö tónleika hér á landi 16. og 17. ágúst, er ein þekktasta neðanjarðarrokksveit Bandaríkjanna. Freyr Bjarnason forvitnaðist um sögu sveitarinnar.

Hljómsveitin Sonic Youth hefur löngum verið talin ein merkasta jaðarrokksveit heimsins. Vafalítið gladdust því margir íslenskir rokkgrúskarar þegar þeir fréttu að þessi sveit væri loksins á leiðinni hingað til lands.

Sonic Youth var stofnuð árið 1981 í New York-borg af söngvaranum og gítarleikanum Thurston Moore, bassaleikaranum og söngkonunni Kim Gordon og Lee Ranaldo gítarleikara. Þau höfðu fyrst byrjað að spila saman nokkrum árum áður, þegar framsækin tónlist var mikið í tisku þar sem blandað var saman rokki, djassi og nútímatónlist. Þau glömuðu á ódýra gítara, prófuðu sig áfram með hin ýmsu bjögunartæki og fljótt kom í ljós að eitthvað nýtt var þarna á ferðinni. Þótti hljómurinn óvenjulegur en ákaflega ferskur.

Fyrsta EP-plata Sonic Youth kom út árið 1982 og var hún samnefnd henni. Smám saman fór hljómur sveitarinnar að verða þróaðri með auknum poppáhrifum. Trommuleikarinn Steve Shalley gekk til liðs við sveitina 1984 og jók enn á gæði hennar.

Eftir að hafa gefið út tvær plötur, Bad Moon Rising og Evol, gaf

Sonic Youth út sína þriðju plötu árið 1987 sem bar heitið Sister. Sú átti eftir að hafa gríðarleg áhrif á yngri tónlistarmenn úr hljóm-sveitum á borð við Pavement og Sebadoh. Ári síðar var komið að tvöföldu plötunni Daydream Nation sem einnig fékk feikigóðar viðtökur.

